TUTTUGU ÁR FRÁ FALLI BERLÍNARMÚRSINS
Voðaverk kommúnistastjórnarinnar mega ekki gleymast
VIÐTAL **18**

LITADÝRÐ MÆTIR BRESKRI KLASSÍK Á TÍSKUVIKUNNI Í LONDON
TÍSKA **38**

Kynning á námskeiðum Tækniskólans fylgja blaðinu í dag

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

HELGARÚTGÁFA

26. september 2009 — 228. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

VIÐTAL 16

Gunnar í Krossinum á tímamótum

MENNTUN 20

Strákar eru ekki allir eins

MATUR 6

Sláturkennsla fyrir byrjendur

TVÖ SÉRBLÖÐ Í DAG

VERÐMÆTUM BJARGAÐ Allt kapp var lagt á að bjarga menningarverðmætum úr brennandi húsinu. Mörgum merkum málverkum var komið í skjól auk annarra dýrgripa, meðal annars gestabókinni frá leiðtogafundinum 1986 með undirskriftum Reagans og Gorbatsjovs á einni blaðsíðu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Samhent viðbrögð björguðu Höfða

Betur fór en á horfðist þegar kviknaði í Höfða í gær. Slökkvilið gat einbeitt sér að eldinum meðan fjöldi starfsmanna borgar og lögreglu bar út húsgögn og verðmæti. Fyrr um daginn hafði verið haldið upp á aldarafmæli hússins.

BRUNI Tugir manna aðstoðuðu slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu við að bjarga verðmætum út úr Höfða þegar eldur kom upp í háalofti hússins og þaki síðdegis í gær.

Borgarstarfsmenn dreif að úr skrifstofum í Borgartúni og lögreglumenn lögðu hönd á plóginn, ásamt sendibílstjórum, við að bera verðmæti út meðan slökkviliðið sinnti eldinum. Sjá mátti fólk faðmast og bresta í grát að verki loknu.

Í húsinu var meðal annars gestabók frá leiðtogafundi Reagans og Gorbatsjovs síðan 1986 og mörg verk eftir þekktustu málara landsins. Í þessu sögufræga húsi hafa dvalið ekki ómerkari menn en Winston Churchill og er Marlene Dietrich talin hafa sungið þar.

ELDTUNGUR Eldurinn kom upp á háalofti og í þaki hússins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Slökkviliðið brást við eldinum tuttugu mínútur fyrir sex og réð niðurlögum hans klukkustund síðar.

Fyrr um daginn hafði verið opið hús í Höfða til að minnast þess að hundrað ár eru síðan fyrst var flutt inn í húsið. Höfði drabbaðist mjög niður á tímabili og var bústaður útigangsmanna þegar Reykjavíkurborg gerði hann að móttökuhúsi sínu.

Ekki er vitað um eldsupptök en rafkerfi hússins mun hafa verið yfirfarið í fyrra. Talsverðar skemmdir urðu á ytra byrði hússins, en öllu var bjargað innan úr því.

- kóþ / sjá síðu 4

Seðlabankinn á að hjálpa til:

Ríkið taki völd

EFNAHAGSMÁL Stjórnvöld eiga að setja ný lög um Seðlabankann verði stýrivextir ekki lækkaðir verulega á næstu vikum, segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóra SA. Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra segir mögulegt að lögum um bankann verði breytt gengi hann gegn þjóðarhag. - shá / sjá síðu 2

Traust og vönduð umfjöllun um viðskiptalífið

Markaðurinn
Fylgir Fréttablaðinu einu sinni í mánuði
Næsta blað kemur út miðvikudaginn 7. október

FRÉTTABLAÐIÐ

BÓKA LAGERSALA
Við flytjum lagerinn!
Gerðu bókakaupin á risamarkaði Forlagsins
Fiskislóð 39
Allir fá ókeypis bókaglaðning

SPURNING DAGSINS

Ragnar, fékk Fangavaktin þungan dóm á Hrauninu?

„Já, mjög þungan en jákvæðan. Það má segja að þetta hafi stytt afplánunina hjá föngunum.“

Ragnar Bragason er leikstjóri Fangavaktarinnar.

Ísland fellur niður í 26. sæti af 133 í mælingu WEF á samkeppnishæfni landa:

Óstöðugleiki Akkilesarhællinn

EFNAHAGSMÁL Ísland dettur niður um sex sæti í árlegri könnun Alþjóðaefnahagsráðsins, World Economic Forum (WEF), á samkeppnishæfni landa. Ísland er í 26. sæti af 133 ríkjum, en var í 20. sæti á síðasta ári. Óstöðugleiki í efnahagslífinu er helsti veikleiki Íslands.

Ástæður þess að Ísland hrapar niður listann tengjast einkum hruninu, að því er fram kom í erindi Irene Mia, framkvæmdastjóra hjá WEF, á fundi um samkeppnishæfni og endurreisn sem Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Háskóli Íslands stóðu fyrir í gær.

Þegar einstakir liðir eru skoðaðir sérstaklega er Ísland í 119. sæti af 133 þegar litið er til stöðugleika í efnahagslífinu, og 85. sæti þegar metið er hversu þróaður fjármálamarkaðurinn hér á landi er.

ÁFALL Íslenskt atvinnulíf stendur á styrkum stoðum þrátt fyrir mikið áfall, sagði Jóhanna Sigurðardóttir á fundi um samkeppnishæfni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mia sagði ýmsa þætti þó geta hjálpað Íslandi í að byggja upp samkeppnishæfni landsins í kjölfar kreppunnar. Landið skori hátt þegar heilbrigðiskerfið og menntakerfið séu skoðuð, og starfsfólk hér sé almennt vel þjálfað og vel menntað.

Þrátt fyrir mikið áfall stendur íslenskt atvinnulíf á sterkum stoðum, sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra á fundinum í gær. Þar var kynnt sérstök áætlun ríkisstjórnarinnar byggð á starfi starfshóps sem skoðaði sóknarfæri landsins til ársins 2020. Stefnt er að því að Ísland komist hóp tíu samkeppnishæfustu landa heims. - bj

Jeppi valt í Jökulsárhlíð:

Maður lést og annar slasaðist

SLYS Maður lést er jeppi valt á Hlíðarvegi í Jökulsárhlíð í gærmorgun. Slysið varð um klukkan ellefu skammt norðan við bæinn Sleðbrjót sem liggur undir Hlíðarfjöllum sem skilja að Héraðsflóa og Vopnafjörð. Í tilkynningu frá lögreglu segir að slysið hafi orðið með þeim hætti að jeppabifreið á norðurleið hafi oltið á veginum.

Tveir menn voru í bifreiðinni og lést annar þeirra en hinn var fluttur slasaður á Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað. Rannsókn málsins er í höndum rannsóknardeildar lögreglunnar á Eskifirði í náinni samvinnu við lögregluna á Egilsstöðum.

Leit í verslun fyrir vöðvabúnt:

Yfir 2.000 steratöflur fundust

LÖGREGLUMÁL Tollgæslan fann á miðvikudag á þriðja þúsund steratöflur í heildverslun sem hefur sérhæft sig í sölu á fæðubótarefnum. Efnin fundust á einum starfsmanna verslunarinnar. Talið er að þau hafi verið ætluð til sölu.

Einnig fannst nokkuð af ólöglegum lyfjum, fæðubótarefnum sem innihalda ólögleg efni, auk nokkur hundruð þúsund króna í peningum. Í kjölfarið var leitað á heimili starfsmannsins og þar fannst einnig nokkurt magn af sams konar vörum. Málið var unnið í samstarfi við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, heilbrigðiseftirlitið og Matvælastofnun. - sh

Ný Seðlabankalög ef vextirnir lækka ekki

Vilhjálmur Egilsson segir að ef ekki verði hagvöxtur á Íslandi strax á næsta ári verði það í boði Seðlabankans. Vaxtastefna bankans haldi samfélaginu í heljargreipum. Hann vill ný lög um bankann ef vextir lækka ekki fljótlega.

EFNAHAGSMÁL Stjórnvöld verða að taka ráðin af Seðlabankanum og setja ný lög um bankann ef stýrivextir verða ekki lækkaðir verulega á næstu vikum. Þessa skoðun setti Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, fram á aðalfundi Samtaka fiskvinnslustöðva. Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra setti fram sömu skoðun í júní.

„Ég lít svo á að það sé hlutverk ríkisstjórnarinnar að sjá til þess að Seðlabankinn taki þátt í þessu samfélagi eins og aðrir,“ sagði Vilhjálmur og vitnaði í takmark stöðugleikasáttmálans um að stýrivextir yrðu lækkaðir niður í eins stafs tölu fyrir 1. nóvember. Hann sagði að efnahagslegar forsendur til að halda stýrivöxtum svo háum sem raun ber vitni væru ekki til staðar. Ef fyrirtæki sjá sér hag í því að fjárfesta með lækkun vaxta og ef ráðist er í boðaðar framkvæmdir er Vilhjálmur þess fullviss að samdrætti, sem er spáð, verði snúið til hagvaxtar sem muni nema tveimur til fjórum prósentum á næsta ári. „Ef það verður samdráttur á næsta ári þá er hann í boði Seðlabankans,“ sagði Vilhjálmur. Hann sagði óhætt að segja að ófullkomið efnahagslíkan, sem búið væri til í Seðlabankanum, myndi ráða öllu í íslensku samfélagi.

Vilhjálmur tók svo djúpt í árinni að segja að ef breyta þyrfti lögum um bankann til að ná þjóðinni út úr kreppunni þá ætti einfaldlega að ganga í það verk.

Þessi skoðun hefur verið sett fram áður. Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra útilokaði ekki í viðtali við Fréttablaðið í byrjun júní að lögum um Seðlabankann yrði breytt. Það ætti við ef bankinn gengi gegn þjóðarhag og efaðist um að sjálfstæði bankans væri skynsamlegt. „Ef bankinn rís ekki undir því að axla samfélagslega ábyrgð sína, hvers vegna er hann þá ekki færður aftur undir lýðræðislegt ákvörðunarvald?“ spurði Ögmundur. Hann sagði sjálfstæði Seðlabankans hluta af peningahyggju liðinna áratuga og sá tími væri á enda runninn.

RÍKI Í RÍKINU Vilhjálmur Egilsson sagði á aðalfundi Samtaka fiskvinnslustöðva að setja yrði ný lög um bankann ef þeir stæðu ekki við markmið um vaxtalækkanir. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

VILHJÁLMUR EGILSSON

ÖGMUNDUR JÓNASSON

Um hvort til stæði að breyta lögum um bankann á kjörtímabilinu, sagði Ögmundur: „Allt hlýtur að vera í stöðugri endurskoðun, lög um Seðlabankann líka. Ef hann er farinn að ganga gegn þjóðarhag, þá hljótum við að taka hans starfsemi til endurskoðunar. Það er sem betur fer ekki bannað með lögum að breyta lögum.“

svavar@frettabladid.is

Forstjóri Atorku hættur:

Enn rætt við kröfuhafana

VIÐSKIPTI Magnús Jónsson, forstjóri Atorku Group, lét af störfum í gær í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu félagsins. Atorka fékk greiðslustöðvun til þriggja mánaða í júní og sótti í gær eftir framlengingu til októberloka.

Meðal helstu eigna Atorku Group eru Promens, áður Sæplast á Dalvík, og 41 prósents hlutur í Geysi Green Energy, sem á stóran hlut í HS Orku.

Arnar Már Jóhannesson, forstöðumaður fjármálasviðs Atorku Group, segir viðræður standa yfir við kröfuhafa félagsins, sem einkum eru íslenskir viðskiptabankar og lífeyrissjóðir. Þeir hafa krafist þess að taka félagið yfir. Ekki stendur til að selja eignir, að sögn Arnars Más. - jab

Formaður iðnaðarnefndar:

Allir fái að fjárfesta í orkunni

STJÓRNMÁL Skúli Helgason, formaður iðnaðarnefndar Alþingis, vill breyta lögum um fjárfestingu útlendinga í orkugeiranum en samkvæmt þeim mega aðeins aðilar innan EES eiga í íslenskum orkufyrirtækjum.

Kanadíska fyrirtækið Magma Energy fór auðveldlega í kringum þau lög við kaup á hlut í HS orku nýverið með stofnun eignarhaldsfélags í Svíþjóð.

SKÚLI HELGASON

Skúli segir í grein á bloggsíðu sinni að reglur verði að vera gagnsæjar og skýrar og mismuna ekki eftir þjóðerni. Þessi skoðun Skúla á, eftir sem áður, aðeins við um nýtingarrétt á orkuauðlindunum; hann vill að áfram verði tryggt að auðlindirnar sjálfar verði í þjóðareigu. - bþs

Neytendasamtökin:

Ráðherra hvatti til brota á samkeppnislögum

NEYTENDUR „Ég gat ekki betur heyrt en Jón Bjarnason væri að hvetja til brota á samkeppnislögum,“ segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna. „Það að ráðherra geri slíkt er fáránlegt.“

Jóhannes gagnrýnir að landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra hafi í Kastljósi fyrr í vikunni hvatt til að bændur og afurðastöðvar gætu rætt saman í ró og næði um vöruverð og önnur sameiginleg mál sín. Jóhannes segir norræn samkeppnisyfirvöld telja að aukin samkeppni sé besta leiðin til að stytta kreppuna. Ráðherrann virðist hins vegar vilja draga úr samkeppni og tala fyrir aukinni einokun landbúnaðar á kostnað neytenda. - pg

Ég myrti móður mína hlaut Gyllta lundann á RIFF:

Djúpt samband mæðgina

MENNING Kanadíska kvikmyndin Ég myrti móður mína (J´ai Tué Ma Mère), frumraun leikstjórans Xaviers Dolan, hlaut Gyllta lundann á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík (RIFF) sem lauk í gær.

Myndin, sem leikstjórinn byggir á eigin ævi, fjallar um samband móður og samkynhneigðs sonar hennar.

Í umsögn dómnefndar segir að persónusköpun hafi verið afar sannfærandi og leikstjóranum tekist að setja samband mæðginanna í stórt samhengi. Forvitnilegt verði að fylgjast með ferli leikstjórans í framtíðinni.

Formaður dómnefndar var danska leikkonan Iben Hjejle, sem þekktust er hér á landi fyrir hlutverk sín í sjónvarpþáttunum Klovn og Anna Pihl. Auk hennar sátu í nefndinni Elísabet Ronaldsdóttir kvikmyndaklippari, Sitora Alieva sem hefur meðal annars gegnt stöðu framkvæmdastjóra Opnu rússnesku kvikmyndahátíðarinnar Kinotavr, austurríski leikstjórinn Jessica Hausner og leikkonan Elva Ósk Ólafsdóttir.

VERÐLAUNAMYND Mæðginin ræðast við í Ég myrti móður mína.

Metaðsókn var á kvikmyndahátíðina í ár. - jab

LAMBAKJÖT Landinn kaupir síður lambakjöt þegar harðnar á dalnum.

Neysla breytist í kreppu:

Sala lambakjöts dregst saman

LANDBÚNAÐUR Sala lambakjöts hefur dregist mikið saman á síðastliðnu ári og er efnahagsástandinu kennt um. Salan er þúsund tonnum minni en á sama tíma í fyrra. Á fyrstu átta mánuðum ársins seldust 3.155 tonn en sömu mánuði í fyrra seldust 4.164 tonn.

Eins og blaðið sagði frá nýlega stefnir í að um þriðjungur af haustframleiðslu lambakjöts verði fluttur úr landi. Helstu markaðir eru í Bretlandi, Noregi, Færeyjum, á Spáni og í Bandaríkjunum. - shá

Blöndunartæki

Ítölsk gæði - ótrúlegt verð

aðeins brot af úrvalinu

Handlaugartæki
Winny, einnar handar.
7900012

Eldhústæki
Winny, einnar handar.
7900010

Sturtutæki
Hitastýrt.
7900030

Eldhústæki
Einnar handar EDE.
7900023

Handlaugartæki
Eden, einnar handar.
7900020

TAX FREE

AF ÖLLUM LJÓSUM OG LJÓSAPERUM

INNILJÓS - ÚTILJÓS - LOFTLJÓS - VEGGLJÓS - KASTARAR - BORÐLAMPAR - LJÓSAPERUR - SPARPERUR OG FLEIRA

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

ELDUR Í HÖFÐA

Í RIGNINGUNNI Hanna Birna hafði í mörgu að snúast um kvöldmatarleytið og fundaði í Ráðhúsinu fram á kvöld.

VATNSFLAUMUR Slökkviliðsmenn stóðu í ströngu við að þurrka gólfin eftir að slökkvistarfi var lokið.

RÝKUR Í ROKINU Eldurinn var lífseigur og spratt jafnóðum upp og hann var slökktur. Á stundum stóð vindur beint á húsið og hefðu logarnir getað borist lengra. Rok var og rigning á köflum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Höfði logaði á aldarafmælinu

Eldur kom upp í einu sögufrægasta húsi landsins í gær, sama dag og byrjað var að fagna 100 ára afmæli þess. Eldurinn kom upp á háalofti meðan starfsmenn voru enn í húsinu. Eldsupptök eru ókunn en brunavarnir voru ágætar í húsinu.

Eldur kom upp í Höfða í gærdag, einu sögufrægasta húsi landsins. Borgarstarfsmenn voru staddir í húsinu og urðu eldsins varir um tuttugu mínútur í sex, en fram til klukkan fjögur hafði verið þar opið hús í tilefni af því að hundrað ár eru liðin í vikunni síðan fyrst var flutt inn í Höfða.

Allt tiltækt slökkvilið var samstundis kallað út og stuttu síðar bárust fréttir af brunanum til almennings.

Óvíst er hvað olli eldinum, sem kviknaði á háalofti hússins og barst í þak þess. Eftir því sem næst verður komist var rafkerfið endurnýjað í fyrra.

Slökkviliði tókst að hemja logana, sem stóðu í verstu vindátt og komu upp aftur og aftur í gömlu timbrinu, og slökkva á um klukkustund. Skemmdir urðu því litlar, miðað við þau sögulegu menningarverðmæti sem í húsinu voru og hefðu getað glatast. Ómögulegt er að leggja mat á þau.

„Við vorum með einvala lið frá borginni, lögreglu og svo komu sendibílar til að bjarga öllum verðmætunum og það tókst. Húsið er dýrmætt en guð minn góður, það sem var inni í því!“ sagði Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri.

Þökk sé skjótum samhæfðum viðbrögðum gátu viðstaddir því slökkt eldinn og bjargað verðmætum á sama tíma. „Það óðu bara allir reyk og brennistein þarna inni,“ sagði Jón Viðar. Eldvarnir hefðu verið ágætar í húsinu, en svona gersemar kölluðu á „eilífðareldvarnir“.

Þess má geta að borgarfulltrúar úr ýmsum flokkum mættu á vettvang og gátu þó sameinast um að bjarga þessum verðmætum. Svarnir andstæðingar bisuðu við að bera þungar mublur saman í rigningunni.

Kjartan Magnússon borgarfulltrúi segir brunann sýna fram á að koma þurfi upp úðakerfi í mikilvægum gömlum húsum: „Það hefði bjargað okkur í brunanum í Austurstræti.“

Þegar búið var að slökkva eldinn unnu slökkviliðsmennirnir áfram. Áður en þeir fóru heim þurfti meðal annars að sjúga upp vatn úr gólfi og koma þannig í veg fyrir vatnsskemmdir. Höfða var bjargað.

klemens@frettabladid.is

VAR EITT SINN HÍBÝLI RÓNA

„Þetta er nú sennilega það hús í Reykjavík sem er frægast allra húsa,“ segir Guðjón Friðriksson sagnfræðingur sem fylgdist með slökkvistarfinu.

„Það var franskur konsúll, Brillouin, sem hafði hér aðsetur, sem reisti það upphaflega fyrir nákvæmlega hundrað árum og það var kallað konsúlshús þá. Hann fór fljótlega og 1914 keypti það Einar Benediktsson skáld og bjó hér í nokkur ár. Síðan voru ýmsir eigendur, Títanfélagið átti það um skeið. Síðan Matthías Einarsson læknir, og Louisa Matthíasdóttir listmálari ólst hér upp,“ segir Guðjón.

Rétt fyrir seinni heimsstyrjöld keyptu Bretar húsið og gerðu að sendiráðsbústað.

„Þá komu hingað mjög margir merkir menn, Churchill og Marlene Dietrich. Það er talið að hún hafi sungið í húsinu. Síðan var hér sendiherra eftir stríð sem varð var við svo mikinn draugagang að hann fór fram á að húsið yrði selt, og það varð. Síðan eiga það aðrir aðilar og Reykjavíkurborg kaupir það á sjötta áratugnum. Þá var það komið í mikla niðurníðslu og höfðust þar jafnvel rónar við. Þá var ákveðið að gera það upp og gera að móttökuhúsi fyrir Reykjavíkurborg. Það var tekið í notkun sem slíkt á dögum Geirs Hallgrímssonar borgarstjóra á sjöunda áratugnum,“ segir Guðjón.

Síðan hefur Höfði verið opinbert móttökuhús Reykjavíkurborgar og þar borið til margt merkilegt.

„Langfrægastur er leiðtogafundurinn 1986 og birtust myndir af honum um allan heim. En annar atburður sem er mjög merkilegur er að þangað komu utanríkisráðherrar Eystrasaltsríkjanna 1991 og Íslendingar urðu fyrstir til að viðurkenna sjálfstæði þessara ríkja. Sú athöfn fór fram í Höfða og húsið er því mikilvægt í sögu Eystrasaltsríkjanna líka,“ segir sagnfræðingurinn.

BJÖRGUNARSTÖRF Borgarfulltrúar flestra flokka unnu saman að því að bera út verðmætin í kappi við tímann.

Í húsinu voru mjög merk málverk eftir þekktustu listmálara Íslands. Þar var og geymd gestabókin frá dögum leiðtogafundarins, með undirskriftum Reagans og Gorbatsjovs og allra sem komu með þeim, á einni blaðsíðu.

„Henni var nú bjargað, sem betur fer,“ segir Guðjón, glaður í bragði.

Frambjóðendur í prófkjörum vegna alþingiskosninganna 2009 athugið

Frestur til að skila Ríkisendurskoðun uppgjöri um kostnað af prófkjörsbaráttu rennur út **25. október nk.**

Hafi kostnaður frambjóðanda ekki farið fram úr 300 þús.kr. nægir að hann skili skriflegri yfirlýsingu þar um fyrir sama tímamark.

Nánari upplýsingar og eyðublöð er að finna á heimasíðu Ríkisendurskoðunar, www.rikisend.is.

RÍKISENDURSKOÐUN

Ríkisendurskoðun er sjálfstæð eftirlitsstofnun sem starfar á vegum Alþingis. Meginhlutverk hennar er að endurskoða ríkisreikning og reikninga ríkisaðila, hafa eftirlit með og stuðla að umbótum á fjármálastjórn ríkisins og nýtingu almannafjár. Megingildi hennar eru óhæði, hlutlægni, hæfni og trúverðugleiki.

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

STÍFUR AF SUÐVESTRI

Í dag verður stíf suðvestan átt, 10-15 m/s víðast hvar en lægir smám saman þegar líður á daginn. Bjart framan af degi austan til annars skúrir en þó snjó- eða slydduél á fjöllum og á hálendinu. Hiti 5-10 stig að deginum á láglendi en við frostmark á fjöllum. Á morgun verða vestlægar áttir, 5-10 m/s með. Stöku skúrir eða él, einkum til landsinsn Hiti við frostmark nyrðra en 5-8 stig syðra.



HEIMURINN

Alicante	26°
Amsterdam	18°
Basel	20°
Berlín	20°
Billund	16°
Eindhoven	19°
Frankfurt	19°
Friedrichshafen	21°
Gautaborg	13°
Kaupmannahöfn	15°
Las Palmas	26°
London	21°
New York	23°
Orlando	32°
Osló	19°
París	21°
Róm	26°
Stokkhólmur	18°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

INTERNET SÍMANS

Aukinn hrađi og meira gagnamagn

Nýjar og betri áskriftarleiđir

Grunnáskrift	Leið 1	Leið 2	Leið 3	Leið 4
1Mb/s 1GB	2Mb/s 10GB	8Mb/s 60GB	16Mb/s 120GB	30Mb/s 120GB
Hrađi allt ađ 1 Mb/s Gagnamagn 1 GB	Hrađi allt ađ 2 Mb/s Gagnamagn 10 GB	Hrađi allt ađ 8 Mb/s Gagnamagn 60 GB	Hrađi allt ađ 16 Mb/s Gagnamagn 120 GB	Hrađi allt ađ 30 Mb/s Gagnamagn 120 GB
Hentar þeim sem nota netið lítið og þá mest til að skoða fréttir, fylgjast með tölvupósti og fara í heimabankann.	Hentar þeim sem vilja hafa þokkalega hraða nettengingu og vafra um netið daglega.	Hentar flestum sem vilja vafra um netið án þess að hafa áhyggjur af niðurhalinu, t.d. horfa á vídeó af YouTube eða stunda niðurhal.	Hentar stórnotendum eða fjölskyldum með margar tölvur og mikla notkun, t.d. vafra um netið, YouTube, streymi, spilun leikja og niðurhal.	Hentar stórnotendum eða fjölskyldum með margar tölvur og mikla netnotkun. Aðeins í boði á Ljósnetssvæðum Símans.
· Netvarinn fylgir	· Netvarinn · 5 netföng · Safnið, gagnageymsla · Sjónvarp Símans í boði · Heimasíðupláss	· Netvarinn · 5 netföng · Safnið, gagnageymsla · Sjónvarp Símans í boði · Heimasíðupláss	· Netvarinn · 5 netföng · Safnið, gagnageymsla · Sjónvarp Símans í boði · Heimasíðupláss	· Netvarinn · 5 netföng · Safnið, gagnageymsla · Sjónvarp Símans í boði · Heimasíðupláss
Verð 2.990 kr.	Verð 4.190 kr.	Verð 5.990 kr.	Verð 7.190 kr.	Verð 7.990 kr.

Ef innifalið gagnamagn klárast, bætast við 10 GB skv. gjaldskrá sem endast til næstu mánaðamóta.

Stækkaðu pakkann: 10 GB stækkun 1.500 kr. · 50 GB stækkun 5.000 kr.

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn

ENNEMM / SÍA / NM39186

KJÖRKASSINN

Líst þér vel á að Davíð Oddsson verði ritstjóri Morgunblaðsins?

Já	35,3%
Nei	64,7%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Hefurðu heimsótt Höfða?

Segðu skoðun þína á vísir.is

Óvíst hvort Merkel verður að ósk sinni um að skipta um samstarfsflokk:

Stóra samsteypan gæti lifað

ÞÝSKALAND, AP Angela Merkel Þýskalandskanslari á sér þá ósk heitasta að losna úr stjórnarsamstarfi við Sósíaldemókrata og mynda samsteypustjórn með Frjálsum demókrötum. Hvort henni verður að ósk sinni ræðst á morgun, þegar Þjóðverjar kjósa sér nýtt þing.

Merkel er leiðtogi Kristilegra demókrata, stóra íhaldsflokksins sem undanfarið kjörtímabil hefur verið í svonefndri „stórri samsteypustjórn“ með hinum stóra flokknum í þýskum stjórnmálum, Sósíaldemókrötum. Önnur stjórnarmynstur voru vart í boði eftir síðustu kosningar 2005.

Kristilegir demókratar og Sósíaldemókratar hafa áratugum saman verið höfuðandstæðingar og skipst á um ríkisstjórnarmyndun, oftast með Frjálsum demókrötum, miðjuflokki sem undanfarið hefur hallað sér meira til hægri en vinstri.

Ný skoðanakönnunin bendir til að Kristilegir og Frjálsir fái samtals 47 prósent atkvæða, sem dugar ekki til að að mynda ríkisstjórn.

Kristilegum demókrötum er spáð 33 prósentum, Frjálsum demókrötum 14 prósentum og Sósíaldemókrötum 25 prósentum. Niðurstaðan gæti því orðið sú að „stóra samsteypan“ verði eina mögulega stjórnarmynstrið eftir kosningar.

- gb

KOSNINGASPJÖLDIN SKREYTA BORGIR ÞÝSKALANDS Þau Angela Merkel, leiðtogi Kristilegra demókrata, og Frank Walter Steinmeier, kanslarefni Sósíaldemókrata, blasa við íbúum.

NORDICPHOTOS/AFP

Pólska þingið breytir lögum:

Barnaníðinga verður að gelda

PÓLLAND, AP Neðri deild pólska þingsins samþykkti í gær frumvarp sem gerir yfirvöldum skylt að gelda barnaníðinga með lyfjagjöf. Frumvarpið fer nú til efri deildar þingsins, en þarf einnig samþykki forsetans. Talið er víst að það verði að lögum.

Lögin munu ná til þeirra sem nauðga börnum yngri en fimmtán ára, eða nákomnum ættingjum. Þá verður heimilt að gelda þá sem nauðga börnum á aldrinum fimmtán til átján ára.

Pólsk lög leyfa í dag geldingu barnaníðinga með lyfjagjöf, en aðeins ef þeir óska sjálfir eftir þeirri meðferð.

- bj

Áfram þokast í viðræðum um Icesave

Ekki náðist að klára Icesave-málið fyrir helgi en viðræður þokast áfram. Forsætisráðherra segist ekki trúa því að Bretar og Hollendingar séu vísvitandi að tefja málið. Seðlabankastjóri segir drátt á Icesave hafa hamlað vaxtalækkun.

EFNAHAGSMÁL Vonir stóðu til að hægt yrði að ljúka Icesave-málinu í þessari viku, en þær vonir eru nú brostnar. Viðræður hafa staðið yfir milli fulltrúa ríkjanna þriggja og hefur málið þokast áfram.

Jóhanna Sigurðardóttir sagðist í byrjun vikunnar vonast eftir lúkningu málsins fyrir helgi. Í samtali við Fréttablaðið í gær sagði hún óvíst hvort málið kláraðist fljótt eða nokkra daga þyrfti til viðbótar.

JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

„Síðast þegar ég frétti af þessu í gær [fimmtudag] þokaðist eitthvað áfram, en það er ekki komið svo langt að við getum sagt að það sé komin niðurstaða sem allar þjóðirnar sætta sig við.“

Líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær fullyrti Már Guðmundsson seðlabankastjóri að lækkun stýrivaxta hefði strandað á Icesave. Það tefði fyrir endurskoðun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og láni frá Norðurlöndunum. Már bað þá sem standa í vegi fyrir því að hugsa sig tvisvar, ef ekki þrisvar um.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra hefur verið á Norður- og Austurlandi síðustu daga, að funda um vegagerðar- og sveitarstjórnarmál. Hann er væntanlegur til Reykjavíkur í dag. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru þó engir fundir áætlaðir um málið yfir helgina.

Jóhanna sagði vissulega vonbrigði að ekki hefði tekist að ljúka málinu fyrir helgi eins og stefnt var að. Hún tekur undir með seðlabankastjóra að áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Norðurlandalánin hangi á Icesave-spýtunni.

> Mér finnst menn vinna á þeim nótum að þeir hafi skilning á aðstæðum hvors annars og það er auðvitað leiðin til að ná niðurstöðu.
>
> **JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**
> FORSÆTISRÁÐHERRA

„Það hangir ýmislegt á þessu, lánsfjármat þjóðarinnar getur hangið á þessu. Ég reikna með að það hafi verið partur af niðurstöðunni sem menn komust að í gær með stýrivextina að þetta mál er ekki enn komið í höfn.“

Forsætisráðherra segist þó ekki telja að Bretar og Hollendingar setji vísvitandi pressu á Íslendinga. „Nei, ég trúi því ekki að þeir haldi á málunum með þeim hætti. Ég geri mér grein fyrir því að þeir eru í erfiðleikum heima fyrir með þetta mál, en mér finnst menn vinna á þeim nótum að þeir hafi skilning á aðstæðum hver annars og það er auðvitað leiðin til að ná niðurstöðu.“

Alþingi verður sett á fimmtudag, en ráðamenn hafa sagt að breytingar á lögum um ríkisábyrgð vegna Icesave þurfi að koma til kasta þingsins.

kolbeinn@frettabladid.is
brjann@frettabladid.is

ÓSÁTTIR Stuðningsmenn hollenska landsliðsins í knattspyrnu minntu á Icesave-skuldbindingar Íslendinga í leik landanna í undankeppni HM sem fram fór í Rotterdam í október í fyrra.

NORDICPHOTOS/AFP

Jarðboranir segja upp þrjátíu starfsmönnum:

Ráðið aftur ef verkefnum fjölgar

VINNUMARKAÐUR Þrjátíu starfsmönnum Jarðborana hf. var sagt upp störfum í gær. Uppsagnirnar eru sagðar liður í nauðsynlegum samdráttaraðgerðum. Verkefnum Jarðborana hf. hafi fækkað verulega og tafir á boðuðum stórframkvæmdum hafi neikvæð áhrif á stöðu fyrirtækisins. Starfsmönnum verður boðin endurráðning ef óvissu léttir um verkefnastöðu fyrirtækisins.

„Við erum að segja upp mjög hæfu starfsfólki með sérhæfða reynslu,“ segir Bent Einarsson forstjóri í yfirlýsingu. „Þetta er gott fólk sem við viljum ekki missa og það er vissulega sárt ef við missum það varanlega frá okkur. Ef svo fer tapast hluti þeirrar þekkingar og forskots sem við höfum í dag í jarðvarmanýtingu og aðrar þjóðir hafa svo mikinn áhuga á.“

Eftir uppsagnirnar starfa um 150 manns hjá fyrirtækinu, þar af um fjörutíu við boranir á Azoreyjum en því verkefni á að ljúka á næsta ári. Í tilkynningu fyrirtækisins kemur fram að uppsagnirnar hafi verið nauðsynlegar þótt verksamningar geri ráð fyrir fullri nýtingu á borum fram til ársins 2012.

- pg

JARÐBORANIR Ef undirbúningur framkvæmda sem boðaðar eru í stöðugleikasáttmálanum fer að hefjast eru líkur á að þrjátíu starfsmenn sem sagt var upp í gær fái endurráðningu.

Fræðslunet Suðurlands

Náms- og rannsóknarstyrkur

Vísinda- og rannsóknarsjóður Fræðslunets Suðurlands auglýsir eftir umsóknum um náms- og rannsóknarstyrk úr sjóðnum árið 2009.

Styrkurinn nemur 800.000 krónum

Styrkurinn er ætlaður námsfólki sem vinnur að rannsóknarverkefni til lokaprófs, bakkalárgráðu (BA/BS), sambærilegrar eða hærri gráðu. Verkefni, sem er lokið þegar umsóknarfrestur rennur út, telst ekki styrkhæft. Stjórn Fræðslunets Suðurlands áskilur sér rétt til að leita eftir vottorði umsjónarmanns um að verkefni sé ólokið.
Skilyrði fyrir styrkveitingu er að finna í starfsreglum sjóðsins sem birtar eru í heild á heimasíðu Fræðslunets Suðurlands, http://fraedslunet.is, en þar kemur m.a. fram að rannsóknarverkefnið skuli tengjast Suðurlandi og þjóni ótvíræðum atvinnu- og/eða fræðilegum tilgangi fyrir Suðurland eða hluta Suðurlands.

Umsóknir um styrk ásamt ítarlegri verklýsingu og verkáætlun (sjá 5. gr. starfsreglna) póstleggist til Fræðslunets Suðurlands, Tryggvagötu 25, pósthólf 130, 802 Selfoss, í síðasta lagi 30. október 2009.

Nánari upplýsingar veitir Ásmundur Sverrir Pálsson, framkvæmdastjóri Fræðslunets Suðurlands, í síma 480 8155.



UMHVERFISRÁÐHERRA BOÐAR TIL UMHVERFISÞINGS

Umhverfisráðherra boðar til VI. Umhverfisþings dagana 9.-10. október 2009. Þingið fer fram á Hótel Hilton Reykjavík Nordica. Sjálfbær þróun verður aðalumfjöllunarefni þingsins að þessu sinni. Kynntar verða tillögur að nýjum áherslum stjórnvalda á sviði sjálfbærrar þróunar næstu árin. Einnig verður kynnt ný skýrsla umhverfisráðherra um stöðu og þróun umhverfismála.

Þátttaka er ókeypis en gestum þingsins gefst kostur á að kaupa hádegisverð á hótelinu föstudaginn 9. október.

Nauðsynlegt er að skrá þátttöku á heimasíðu ráðuneytisins eða í síma 5458600 fyrir 1. október.

Nánar um málþingið á www.umhverfisraduneyti.is

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

www.umhverfisraduneyti.is

RISA TAX FREE DAGAR

ALLUR fatnaður, skór og snyrtivara

MESTA úrvalið á betra verði!*

fimmtudag, föstudag, laugardag og sunnudag

ALLUR FATNAÐUR!

Þú færð allan dömu-, herra- og barnafatnað, undirföt, sokka og sokkabuxur án virðisaukaskatts þessa fjóra daga.

ALLIR SKÓR!

Skóaðu þig upp!
Skór á alla fjölskylduna án virðisaukaskatts 24.-27. september.

*Mesta vörúrvalið!**

ALLAR SNYRTIVÖRUR!

*Mesta úrvalið af snyrtivörum!**

TAX FREE DAGAR

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 24. september 2009.

* Samkvæmt markaðsrannsókn Gallup júní 2009

24 Hagkaup OPIÐ ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað heita ritstjórar Morgunblaðsins?*

2 *Hvar á Íslandi átti að taka upp kvikmyndina Enemy Mine árið 1984?*

3 *Hversu oft hefur málningu verið slett á hús Hreiðars Más Sigurðssonar eftir bankahrunið?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 54

Áttíu manns leituðu villuráfandi manna í Hvalfirði:

Yfirgáfu bílinn eftir að hann festist

SLYS Tveir menn sem leitað var að við Hvalfell inni af Botnsdal í Hvalfirði í fyrrinótt fundust heilir á húfi eftir nokkurra klukkustunda leit áttíu björgunarsveitarmanna í slagviðri í fyrrinótt.

Mennirnir höfðu beygt til vesturs af svokallaðri Uxahryggjaleið sem liggur frá Þingvöllum í Borgarfjörð. Slóðinn sem þeir óku liggur að Hvalvatni inni af botni Hvalfjarðar. Þegar jeppabifreið þeirra festist yfirgáfu þeir bílinn og ætluðu sér að ganga í Botnsdal en villtust fljótlega. Þeir létu ættingja vita af sér um tíuleytið og höfðu þeir samband við björgunarsveitir um miðnætti.

Mennirnir voru í símasambandi um nóttina en vissu ekki hvar þeir voru, enda myrkur, ausandi rigning og þeir án staðsetningartækja. Þeir urðu viðskila og fannst sá fyrri um hálffjögur en sá síðari ekki fyrr en undir morgun. Mennirnir voru nokkuð hraktir eftir næturgönguna.

Að sögn Frímanns Andréssonar hjá svæðisstjórn björgunarsveita á höfuðborgarsvæðinu hefði tekið miklu styttri tíma að finna menninna hefðu þeir haldið kyrru fyrir í bílnum, en bíll björgunarsveitar Borgarfjarðar ók fram á hann þegar klukkan tvö í fyrrinótt.

- sbt

Leitað í Hvalfirði



Samgöngur í samt lag:

Herjólfur heim eftir slippinn

SAMGÖNGUR Vestmannaeyjaferjan Herjólfur er á heimleið eftir slipptöku á Akureyri. Hún fer fyrstu ferð sína á milli lands og Eyja nú í morgunsárið. Ferjan Baldur, sem leysti Herjólf af, snýr til baka og hefur á ný siglingar yfir Breiðafjörð.

Það má segja að vandræðatímabili sé lokið þar sem Baldur hentaði ekki vel til siglinga á leiðinni á þessum árstíma. Ferðir Baldurs féllu ítrekað niður og tafir urðu vegna þess að skipið hentaði ekki höfninni í Eyjum til affermingar. Vestfirðingar hafa líka saknað Baldurs sem samgöngutækis.

- shá

DANSSKÓLI HEIÐARS ÁSTVALDSSONAR

50 ára og eldri

Upprifjunarnámskeið!

Reyndasti danskennari Íslandssögunnar kennir

Hann er 73 ára, ekki gráhærður (aldrei litað á sér hárið). Ekki með hrukkur (aldrei farið í andlitslyftingu). Aldrei bakveikur og við hestaheilsu … allt dansinum að þakka því **dansinn** er allra meina bót. Kennarinn heitir **Heiðar Ástvaldsson** og hann hefur fundið tíma á þriðjudögum klukkan 19 til að hjálpa landsmönnum að rifja upp gömlu góðu sporin.

Eitt okkar besta danspar er í 12 daga golferð á Spáni fyrir rúmar 400 þúsund, þú getur dansað árum saman hjá okkur fyrir slíkan pening!

Innritun í síma 551-3129 eða í heidarast@gmail.com á milli klukkan 16-19 daglega til laugardagsins 03. október.

Þolinmæði kröfuhafa Exista þrotin

Nýja Kaupþing hefur kært stjórnendur Exista til sérstaks saksóknara vegna ýmissa brota. Bakkavararbræður hafa ekki séð kæruna og hugsa sig um.

VIÐSKIPTI „Þegar Exista seldi Bakkavör tók steininn úr. Þá þvarr allt traust og við hjá bankanum misstum endanlega þolinmæðina," segir Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Nýja Kaupþings.

Bankinn kærði í gær forsvarsmenn Exista auk nokkurra starfsmanna Deloitte og Logos til sérstaks saksóknara vegna hlutafjárhækkunar Exista í desember í fyrra og sölu félagsins á rúmlega fjörutíu prósenta hlut í Bakkavör fyrir um hálfum mánuði. Lögmannsstofurnar sáu um tilkynningu til hlutaskrár vegna hlutafjárhækkunarinnar.

Nýja Kaupþing telur hegningarlög hafa verið brotin en viðurlög við þeim hljóðar upp á allt að sex ára fangelsisdóm. Bankinn mun jafnframt leita viðeigandi einkaréttarlegra úrræða samhliða kærunni, segir í tilkynningu hans.

Bankinn átti veð í öllum hlutum félags Lýðs, starfandi stjórnarformanns Exista, og Ágústs Guðmundssona, forstjóra Bakkavarar, í Exista. Við hlutafjárhækkunina hafi veðin lækkað í tíu prósent úr fjörutíu. Þá hafi salan á Bakkavör verið brot á lánasamningum Exista.

Finnur segir bæði ólöglega staðið að hlutafjárhækkuninni auk þess sem leita hafi átt samþykkis lánardrottna vegna sölunnar á Bakkavör. Þess var ekki leitað.

„Viðræður hafa staðið yfir mánuðum saman um fjárhagslega endurskipulagningu Exista. Við hefðum gjarnan viljað vinna þetta í sátt við aðra kröfuhafa. En viðræður hafa dregist von úr viti. Okkur sýnist samningsvilji forsvarsmanna félagsins vart til staðar," segir Finnur.

FRÁ STJÓRNARFUNDI EXISTA Nýja Kaupþing og aðrir innlendir kröfuhafar vilja setja stjórnendur Exista af og taka félagið yfir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

DEILUMÁL KAUPÞINGS OG EXISTA

Þegar hlutafé Exista var aukið um fimmtíu milljarða í fyrra greiddi BBR ehf., félag í eigu Lýðs, stjórnarformanns Exista, og Ágústs Guðmundssona, forstjóra Bakkavarar, einn milljarð króna fyrir það. Kaupin jafngilda tveimur aurum á hlut en BBR eignaðist um áttatíu prósenta hlut í félaginu. Eignarhlutur annarra hluthafa þynntist verulega.

Í hinu tilvikinu var 39,62 prósenta hlutur Exista í Bakkavör seldur félagi bræðranna fyrir 8,4 milljarða króna. Exista lánaði þeim fyrir kaupverðinu með hagstæðum vöxtum. Lögðu þeir ekkert eigið fé fram við kaupin.

Innlendir kröfuhafar hafa um nokkurra mánaða skeið krafist uppstokkunar á Exista, að þeir Erlendur Hjaltason og Sigurður Valtýsson, forstjórar félagsins, fari frá og félagið verði tekið yfir. Í kjölfarið yrði Exista leyst upp. Einu eignir félagsins eru Skipti, móðurfélag Símans, tryggingafélögin VÍS og Lífís, Öryggismiðstöðin og eignaleigufyrirtækið Lýsing. Félagið var stærsti hluthafi Kaupþings og var umsvifamikið á erlendum mörkuðum þar til í fyrrahaust þegar ríkið tók Kaupþing yfir og eignahluturinn varð að engu. Erlendir kröfuhafar hafa á móti viljað fara sér hægar.

Finnur segir málið hafa strandað á tregðu helstu eigenda Exista. Spurning sé um vikur hvenær örlög félagsins ráðist.

„Við höfum ekki séð neina ákæru. Ég vil því ekki tjá mig um hana. En það eru vonbrigði að bankinn vilji fara þessa leið," segir Ágúst Guðmundsson, forstjóri Bakkavarar. „Það er best fyrir okkur að sjá hvað þeir eru með og taka málefnalega afstöðu til þess þegar þar að kemur." Ekki náðist í Lýð Guðmundsson, stjórnarformann Exista, við vinnslu fréttarinnar.

jonab@frettabladid.is

Auglýsingasími

512 50 50

– Mest lesið

VALHÖLL

ullarnærföt

Verð bolur: 4.200 - 5.800 kr.
Verð buxur: 3.500 - 4.500 kr.

100% Merino ull.

SPÓI

ullarnærföt

Verð bolur: 3.200 kr.
Verð buxur: 2.800 kr.

100% Merino ull.

LÓA

samfella

Verð: 2.800 kr.

Þykkur og kósý. 100% lífrænn bómull.

Orkusalan | 422 1000 | Bíldshöfða 9 | 110 Reykjavík

GENGIÐ 25.09.2009

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	124,53	125,13
Sterlingspund	199,56	200,54
Evra	182,94	183,96
Dönsk króna	24,577	24,721
Norsk króna	21,488	21,614
Sænsk króna	18,004	18,110
Japanskt jen	1,3801	1,3881
SDR	197,05	198,23

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 235,6194

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tíu prósenta verðmunur á vörukörfu í lágvöruverslunum:

Allt að 120 prósenta verðmunur á vörum í körfu

NEYTENDUR Matvörukarfan í lágvöruverðsverslunum kostar 14.267 krónur í Bónus þar sem hún er ódýrust en 15.595 í Krónunni þar sem hún er dýrust. Verðmunurinn er 10 prósent. Þetta kemur fram í nýrri verðkönnun ASÍ sem gerð var síðastliðinn þriðjudag.

Minnstur var verðmunurinn á forverðmerktum osti og áleggi sem „bendir til þess að forverðmerkingar birgja á matvörum takmarki verðsamkeppni milli matvöruverslana eins og verðlagseftirlitið hefur margoft bent á“ segir í fréttatilkynningu.

Verulegur verðmunur var á hreinlætisvörum eða frá 21 prósenti til 121 prósents. Mikill verðmunur var einnig á grænmeti eins og tómötum en þar munaði allt að 71 prósenti og grænni papriku en þar munaði 27 prósentum á hæsta og lægsta verði.

Vörukarfan sem borin var saman í verslunum samanstóð af 38 almennum neysluvörum til heimilisins svo sem mjólkurvörum, grænmeti, áleggi, dósamat, hreinlætisvörum og fleira. Sums staðar eru vörumerki mismunandi eftir verslunum.

Könnunin var gerð í eftirtöldum verslunum: Bónus Egilsstöðum, Krónunni Vestmannaeyjum, Nettó Akureyri og Kaskó Húsavík. - sbt

MIKILL VERÐMUNUR Á EINSTÖKUM VÖRUM

Verðlagseftirlit ASÍ brýnir fyrir neytendum að gera verðsamanburð áður en verslað er og bendir neytendum sérstaklega á að nýta mæleiningaverð við verðsamanburð á vörum sem eru í mismunandi pakkastærðum. Hér eru nokkur dæmi**:

	Dýrast*	ódýrast*	verðmunur
Brauð	297 (Nettó)	179 (Bónus)	66%
Haframjöl	239 (Kaskó)	172 (Bónus)	39%
Hrísgrjón	349 (Krónan)	168 (Bónus)	108%
Tómatar	399 (Krónan)	233 (Bónus)	71%
Colgate Total	5.720 (Krónan)	2.590 (Bónus)	120%

*kílóverð eða lítraverð
**Frekari upplýsingar er að finna á www.asi.is

FRAMKVÆMDA- OG EIGNASVIÐ

Völundarverk-Reykjavík, átaksverkefni um handverk og verklag í tengslum við viðhald og endurgerð sögufrægra eldri húsa í Reykjavík.

Völundarverk Reykjavík

Húsasmiðir og arkitektar

Átaksverkefnið Völundarverk-Reykjavík (f.h. Reykjavíkurborgar), í samvinnu við Vinnumálastofnun (VMST), Minjasafn Reykjavíkur og IÐUNA Fræðslusetur, auglýsir eftir húsasmiðum og arkitektum í átaksverkefni um endurgerð eldri húsa í Reykjavík. Þátttakendur verða að vera skráðir atvinnuleitendur hjá Vinnumálastofnun og með fullan bótarétt.
Verkefnið sjálft er tvíþætt: Annars vegar undirbúningsnámskeið (1 mánuður) og hins vegar tímabundin störf þátttakenda á byggingarstað/teiknistofu að því loknu (2-5 mánuðir).
Þátttakendur munu fá greidd taxtalaun vegna tímabundinnar ráðningar að loknu undirbúningsnámskeiði skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar.
Við hvetjum alla húsasmiði og arkitekta sem hafa sérstakan áhuga á þessu sviði til þess að sækja um.

Umsóknarfrestur er til 1. október. Nánar um námskeiðið og skráning á heimasíðu IÐUNNAR, www.idan.is, sími 590 6400.

Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar | Þjónustuver 411 1111 | www.reykjavik.is/fer

Capacent Ráðningar

VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.
Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

MÁLIN RÆDD Í PITTSBURGH Dmitrí Medvedev Rússlandsforseti hlýðir á Kevin Rudd, forsætisráðherra Ástralíu. NORDICPHOTOS/AFP

Boða nýtt regluverk

Leiðtogar tuttugu mestu iðnríkja heims ætla að herða alþjóðlegar reglur um fjármálaviðskipti. Meðal annars náðist samkomulag um að takmarkanir yrðu settar á kaupaukagreiðslur til bankamanna.

BANDARÍKIN, AP „Hið gamla kerfi alþjóðlegrar efnahagssamvinnu heyrir sögunni til. Nýja kerfið, frá og með deginum í dag, er komið af stað,“ sagði Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, á leiðtogafundi tuttugu mestu iðnríkja heims í Pittsburgh í Bandaríkjunum.

Ákveðið var að tuttugu ríkja hópurinn, G20, tæki að mestu við af G7-hópnum svonefnda, sem fyrir nokkrum árum var stækkaður upp í G8-hóp þegar Rússland bættist í hópinn. Leiðtogar ríkjanna tuttugu munu héðan í frá gegna lykilhlutverki í því að móta samhæfða alþjóðlega stefnu í efnahagsmálum.

Meðal annars var samþykkt að takmarkanir yrðu settar á kaupaukagreiðslur til bankamanna. Þetta verður gert til þess að fjármálastofnanir freistist síður til þess að taka áhættu sem átti sinn þátt í að steypa heiminum út í kreppuna djúpu.

Ágreiningur er engu að síður meðal ríkjanna tuttugu um útfærslu þessa, og bíður það verkefni síðari funda leiðtoganna.

Leiðtogarnir samþykktu einnig tillögur Bandaríkjastjórnar um rammareglur um hagvöxt, sem myndi tryggja bæði sjálfbærni og jafnvægi. Með þessu á að takast á við erfiðleika í efnahagslífi ríkjanna, svo sem gríðarlegan viðskiptahalla Kína og vaxandi fjárlagahalla Bandaríkjanna.

Brown sagði gert ráð fyrir því að sett yrðu ákveðin efnahagsmarkmið fyrir hvert ríki, sem endurskoðuð yrðu árlega í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Ekki er þó gert ráð fyrir að ríkjum verði refsað fyrir að ná ekki þessum markmiðum, því ekki vilja ríkin sjá fullveldi sínu ógnað af alþjóðastofnunum á borð við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Þrátt fyrir margvíslega fyrirvara sögðust leiðtogarnir hóflega bjartsýnir á framhaldið og töldu mikilvægum áfanga náð.

Í G20-hópnum eiga ekki aðeins sæti auðug ríki á borð við Bandaríkin, Bretland, Þýskaland og Japan, heldur einnig upprennandi efnahagsveldi í „þriðja heiminum“ á borð við Kína, Indland og Brasilíu.

Barack Obama Bandaríkjaforseti boðaði til fundarins, sem hófst í Pittsburgh á fimmtudag. Hann gekk á milli leiðtoga og ræddi meðal annars við Hu Jintao, forseta Kína, og Dmitrí Medvedev Rússlandsforseta.

gudsteinn@frettabladid.is

VERÐHRUN!

RISA

LAGERSALA FORLAGANNA

BORGARTÚNI 29

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ **KL. 11-19**

Komdu og sparaðu!

NÝIR TITLAR DAGLEGA!

ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR

GLÆSILEGAR JÓLAGJAFIR - ALLT Á EINUM STAÐ

10,-

AÐEINS UM HELGINA!
(Meðan birgðir endast!)

VANDAÐAR BARNABÆKUR

FULLT AF NÝJUM TITLUM!

~~1.790,-~~ 590,-

~~2.980,-~~ 790,-



~~1.590,-~~ 590,-

~~2.490,-~~ 790,-



~~3.990,-~~ 1.490,-

~~9.980,-~~ 4.490,-

~~14.990,-~~ 7.490,-

~~4.980,-~~ 1.490,-



~~5.490,-~~ 990,-

~~3.790,-~~ 2.500,-

UPPHEIMAR · sögur útgáfa · Veröld · Salka · heimur · SKRUDDA · opna · BÓKAÚTGÁFAN HÓLAR · BJARTUR

skoðun

greinar@frettabladid.is

Launakjör ríkisstarfsmanna:

Frumskógar-lögmálinu hafnað

STEFÁN PÁLSSON SKRIFAR

Árið 1906 sendi bandaríski sósíalistinn Upton Sinclair frá sér skáldsöguna Frumskóginn (e. The Jungle). Í henni segir af ömurlegum lífsaðstæðum innflytjenda úr verkamannastétt í kjötiðnaðarverksmiðjum Chicago. Þótt verkið sé í dag flestum gleymt voru áhrif þess á sínum tíma geysimikil. Hér á landi urðu til dæmis þeir Þórbergur Þórðarson og Halldór Laxness fyrir miklum áhrifum af Frumskóginum, eins og glöggt má sjá í Bréfi til Láru og Sjálfstæðu fólki.

Undir lok bókarinnar lætur Sinclair eina aukapersónuna útskýra fyrirkomulagið í hinu fyrirheitna ríki sósíalismans. Þar mun hver iðja það sem honum sýnist og fá fyrir mannsæmandi laun. Fullt launajafnrétti kæmi þó ekki til álita. Hæstu launin hlytu nefnilega þeir að fá sem ynnu erfiðustu, einhæfustu og leiðinlegustu verkamannavinnuna. Hinir, sem veldu sér til dæmis það hlutskipti að stjórna samfélaginu eða semja ljóð og skáldsögur, fengju góða umbun með því að fá að vinna gefandi starf og þyrftu því minna í launaumslagið.

Fæstir jafnaðarmenn hafa þorað að ganga jafn langt og Upton Sinclair í hugmyndum sínum um hvernig skipta skuli auðæfum í samfélaginu. Engu síður hefur það lengi fylgt vinstrimönnum að telja það æskilegt að leiðtogar samfélagsins deili sem mest kjörum með almenningi. Þannig þótti það löngum sjálfsagt að ráðherrar breska Verkamannaflokksins sendu börn sín í ríkisskóla í stað einkaskóla. Og á Norðurlöndum stærðu jafnaðarmenn sig af því ef leiðtogar þeirra ferðuðust með almenningsfarartækjum og bjuggu látlaust.

Í ljósi þessarar hefðar skýtur skökku við sú áhersla sem sitjandi ríkisstjórn hefur lagt á að engir starfsmenn ríkisins skuli vera á hærri launum en forsætisráðherra. Engin skynsamleg rök hafa verið færð fyrir þessari stefnu önnur en sú hugmynd að sá sem sitji „á toppnum“ eigi að fá mest. Hér er í raun á ferðinni sama hugmyndafræði og átti svo stóran þátt í efnahagshruninu á síðasta ári. Ofurlaun og fráleitar bónusgreiðslur voru einmitt réttlættar með því hversu gríðarlega ábyrgðarmikil stjórnendastörfin væru. Ein birtingarmynd þessarar firru var þegar bankastjórar Seðlabankans útskýrðu um árið að þeir hefðu hreinlega neyðst til þess að þiggja kauphækkun til þess að unnt væri að greiða undirmönnum þeirra samkeppnisfær laun!

Vissulega er það rétt að laun sumra starfsmanna ríkisins eru of há. Þegar valið stendur á milli þess að þurfa að segja upp fólki á lægstu töxtum eða lækka greiðslurnar til hálaunastarfsmanna ríkisins er ekki erfitt að taka ákvörðun. En þá ætti ríkisstjórnin líka að nálgast málið úr þeirri áttinni. Hæstu laun má lækka með vísun til kjara og starfsöryggis þeirra lægst launuðu.

Að leggja áherslu á að forsætisráðherra sé leiðtoginn og eigi því að fá hæstu launin er hins vegar málflutningur sem er ekki vinstrimönnum bjóðandi. Það ætti þvert á móti að vera hugsjón íslenskra sósíaldemókrata og sósíalista að skapa samfélag þar sem forsætisráðherrann fær ekki mest í sinn hlut.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Prófsteinn í orkunýtingarmálum

Í þessari viku fengu landsmenn enn eina staðfestingu á að óbreytt peningastefna getur ekki verið undirstaða endurreisnarinnar. Í næstu viku verða síðan kynntar niðurstöður um þrjá aðra prófsteina endurreisnarinnar: Orkunýtingaráformin, eignarhald á bönkunum og ríkisfjármálin.

Markviss og skýr orkunýtingarstefna mun ráða úrslitum um nýja verðmætasköpun og hagvöxt. Pólitíski vandinn er sá að innan stjórnarflokkanna er það aðeins annar hluti Samfylkingarinnar sem styður lífsnauðsynlega uppbyggingarstefnu á þessu sviði. Hinn hlutinn og VG gera allt sem í þeirra valdi stendur til að hindra þau áform.

ÞORSTEINN PÁLSSON

Í fyrra ákvað þáverandi umhverfisráðherra Samfylkingarinnar heildarumhverfismat vegna álvers við Húsavík og nauðsynlegra virkjana. Þetta var gert til að tefja framkvæmdir og byggja brú yfir til VG. Í þessari ríkisstjórn er það fjármálaráðherra sem leggur línurnar í orkunýtingarmálum með setu í sérstakri ráðherranefnd um þau mál.

Nú dugar hugmyndin um sameiginlegt umhverfismat ekki lengur til að tefja. Þá er sett fram sú kenning að hefja þurfi að nýju leit að öðrum fjárfestingarkostum en þeim sem næst stendur og líklegastur er eins og sakir standa að leiði til athafna og heildarumhverfismatið gerir ráð fyrir. Iðnaðarráðherrann sem virðist hafa skilning á mikilvægi málsins á ekki annarra kosta völ en að bergmála nýjasta boðskap VG um tafaleiðir.

Þegar línur eru ekki skýrar í máli af þessari stærðargráðu aðeins örfáum dögum áður en endurnýja þarf gildandi viljayfirlýsingu um framkvæmdir er það fyrst og fremst til marks um málefnalega stjórnarkreppu. Sú málamiðlun stjórnarflokkanna sem kynnt verður í næstu viku mun hafa afgerandi áhrif á endurreisnarmöguleikana.

Það átakanlega er að í stað skýrrar stefnu skuli fólkið í landinu þurfa að horfa upp á langvarandi innbyrðis þref um jafn brýnt framfaramál. Þingmeirihlutinn fyrir framförum á þessu sviði virkar ekki vegna stjórnarmynstursins.

Prófsteinn í bankamálum

Í næstu viku ræðst hvernig fer með framtíðareignarhald á tveimur þeirra banka sem féllu fyrir ári. Þeir fóru þá undir stjórn ríkisins en eignarhaldið hefur verið í lausu lofti. Kostirnir eru tveir: Að þeir verði eign kröfuhafanna eða ríkisins. Skilanefnd ríkisvaldsins tekur endanlega ákvörðun þar um.

Sagt er að þessir kostir eigi að vera jafn gildir gagnvart kröfuhöfunum. Það skal ekki vefengt. En þeir geta á hinn bóginn haft afar mismunandi áhrif á endurreisn efnahagslífsins. Yfirtaka ríkisins mun af mörgum ástæðum veikja endurreisnarmöguleikana. Fari svo verða bankarnir óhjákvæmilega tengdir lánshæfismati ríkissjóðs. Möguleikar þeirra til fjármagnsöflunar á alþjóðamörkuðum verða þrengri en ella. Geta þeirra til að þjónusta atvinnufyrirtækin og almenning verður að sama skapi minni. Hættan á nýju bankahruni vex ef þessi kostur verður ofan á.

Í hinum kostinum er fólgin margvísleg óvissa. Til að mynda hefur ekki verið upplýst hverjir kröfuhafarnir eru. Trúlega er það vandkvæðum bundið vegna stöðugra breytinga. Hagsmunir kröfuhafanna eru hins vegar augljóslega þeir að atvinnulífið á Íslandi blómstri á ný og bankarnir verði vel reknir.

Þessi leið er ekki áhættulaus. Því fer fjarri. Það eru hins vegar meiri líkur á að hún stuðli að skjótvirkari endurreisn fjármálastarfseminnar og atvinnulífsins en ríkisvæðingin. Fjármálaráðherra hefur ekki útilokað þennan kost. Skýrt markmið ríkisstjórnarinnar hefur þó ekki legið fyrir. Það er veikleiki. Niðurstaðan í næstu viku verður afdrifarík fyrir framhaldið. Það er þingmeirihluti fyrir eignaraðild kröfuhafanna.

Prófsteinar í peninga- og ríkisfjármálum

Viðbrögð Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins við vaxtaákvörðun Seðlabankans sýna þá blindgötu sem peningamálastjórnin er í. Hún byggir nú á nákvæmlega sömu sjónarmiðum og þær ákvarðanir á þessu sviði sem með öðru leiddu til hrunsins. Það byrjaði með falli krónunnar. Kreppan stafar meir frá gengisfallinu en bankafallinu.

Að því mun auðvitað koma að vextirnir lækka. Gallinn er sá að nú eins og fyrir hrun getur bankastjórn Seðlabankans ekki sýnt fram á að unnt sé að ná viðvarandi stöðugleika án hafta. Í því er engin framtíð. Endurreisn efnahagslífsins byggist á því að fyrirtæki og almenningur eigi kost á samkeppnishæfum lánskjörum og sambærilegum stöðugleika við það sem gerist og gengur í helstu viðskiptalöndunum.

Á þetta hafa stjórnarflokkarnir í grundvallaratriðum ólíka framtíðarsýn. Báðir stjórnarandstöðuflokkarnir leika tveimur skjöldum. Að öllu óbreyttu er það því framtíðarsýn VG sem mun ráða þróun peningamálanna. Hlutleysi stjórnarandstöðunnar útilokar meirihlutamyndun um aðra kosti. Þannig styrkir hún peningamálastefnu VG.

Niðurskurður og tekjuöflun eru óhjákvæmilegir fylgifiskar endurreisnar ríkisfjármálanna. Álitaefnið er bara hvort þær ráðstafanir verði gerðar með það að markmiði að draga sem minnst úr umsvifum einstaklinga og sóknarfærum atvinnulífsins. Fjárlagafrumvarpið sem fram kemur í næstu viku mun varða veginn í þeim efnum.

Fróðlegt verður að sjá hvort stjórnarandstaðan teflir fram nýjum málefnalegum kostum í þessum efnum sem aukið gætu líkur á meiri miðjupólitík en vinstri stjórnin hefur kynnt fram til þessa. Samstaða á miðjunni er það sem þjóðin þarf núna.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Alþjóðlegi getnaðarvarnadagurinn

UMRÆÐAN
Ebba Margrét Magnúsdóttir skrifar um getnaðarvarnir

Alþjóðlegi getnaðarvarnadagurinn sem er í dag, er alþjóðleg herferð sem miðar að því að skapa heim þar sem hver einasta þungun er velkomin. Tilgangurinn er að aðgengi að getnaðarvörnum sé sem best og að fræðsla um notkun þeirra sé sem mest.

EBBA MARGRÉT MAGNÚSDÓTTIR

Kostnaður við getnaðarvarnir hefur aukist töluvert í kjölfar efnahagsástandsins. Ungt fólk sem hefur minna á milli handanna finnur fyrir þessu. Hafa læknar orðið varir við að konur vilji skipta yfir í ódýrari getnaðarvarnir og jafnvel að þær hafi hætt að nota þá vörn sem þær voru að nota áður vegna fjárskorts. Það hefur lengi verið draumur minn að við gætum tekið upp áherslur Breta, en þar í landi eru getnaðarvarnir niðurgreiddar að fullu og hef ég lengi vonast eftir að svo geti orðið hjá konum yngri en 25 ára hér á landi.

Á síðasta ári voru framkvæmdar um 950 fóstureyðingar á Íslandi og þar af höfðu um 34% kvennanna farið áður í fóstureyðingu. Það vekur upp spurningar hvort þær hafi ekki verið að nota getnaðarvarnir sem skyldi. Það er tilfinning starfandi félagsráðgjafa á Kvennadeild Landspítalans að umræða um fjárhag og afkomu komi nú mun sterkara inn í viðtölin sem eiga sér stað þegar kona sækir um fóstureyðingu.

Öll fræðsla um getnaðarvarnir og kynlíf ungs fólks hvar sem hún birtist er til góðs. Auka þarf aðgengi að getnaðarvörnum og gera þarf tilraun til að draga úr kostnaði þeirra. Það ætti að skila sér í fækkun ofangreindra aðgerða. Þannig gætum við í raun sparað fyrir samfélagið í heild svo ekki sé talað um þá vanlíðan og erfiðleika sem fylgja ótímabærum þungunum og afleiðingum þeirra. Það er ekki síst á krepputímum sem við þurfum að taka höndum saman og tala við ungt fólk um getnaðarvarnir og þannig koma í veg fyrir ótímabæran getnað, þungun og kynsjúkdóma. Í sameiningu getum við sparað þjóðfélaginu fé ef vel er á málum haldið. Forvarnir skila árangri í framtíðinni því megum við ekki gleyma.

Höfundur er læknir á LSH og sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp.

FJÁRmál

JÁ Mig langar að fræðast um fjármál

FJÁRmál er vettvangur fjölbreyttrar fræðslu sem Nýja Kaupþing mun standa fyrir og hefst nú í haust með gagnlegum fyrirlestrum og námskeiðum.

Með stofnun FJÁRmála vill bankinn undirstrika mikilvægi þess að komið sé til móts við þörf viðskiptavina fyrir meiri fræðslu og betri leiðsögn við breyttar aðstæður í nýju efnahagsumhverfi.

Sendu okkur þína hugmynd

Við hvetjum þig til að senda okkur hugmyndir þínar að umfjöllunarefni. Þannig tekur þú þátt í að móta með okkur það sem í boði verður. Til að byggja upp traustan þekkingargrunn þarf hugmyndir úr öllum áttum.

TAKTU ÞÁTT – STRAX Í DAG!
Allir sem senda okkur hugmyndir fyrir mánaðamótin eiga möguleika á að fá óvæntan glaðning sendan heim.

SENDU OKKUR HUGMYNDIR Á KAUPTHING.IS

NÝI KAUPÞING BANKI

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
FRÉTTABLAÐIÐ
www.visir.is/posthusid – sími 585 8330

ÍSLENSKA SÍA.IS VÍT 47237 09/09

TÆLAND
Verð frá 149.990 kr.
flug á mann, fram og til baka með flugvallarsköttum

Ferð.is býður upp á ferðir til Tælands, **alla daga, allt árið**, á frábæru verði.

Bjóðum upp á gistingu á besta stað í **Bangkok**, **Hua Hin og Phuket**. Nóttin frá 5.000 kr. á mann í tvíbýli á 4 stjörnu hóteli. Fjölmargir aðrir gistimöguleikar í boði.

Sjá nánar á **www.ferd.is**

FERD.IS
Út í heim með Ferð.is
ferd@ferd.is | 570 4455

Hugsjónin um Evrópu

UMRÆÐAN
Oddný Sturludóttir og Sigríður Ingibjörg Ingadóttir skrifa um Evrópumál

ODDNÝ STURLUDÓTTIR

SIGRÍÐUR INGIBJÖRG INGADÓTTIR

Eftir seinni heimsstyrjöldina blasti við siðferðislegt hrun í Evrópu. Álfan var í sárum og ljóst var að hörmungar tveggja styrjalda máttu ekki endurtaka sig. Sjö árum eftir styrjaldarlok var Kol- og stálbandalag Evrópu stofnað. Markmið þess var að útiloka að þjóðir Evrópu gætu vígbúist gegn hver annarri. Þá voru sex þjóðir aðilar að bandalaginu. Í dag eru 27 Evrópulönd aðilar að Evrópusambandinu og friður hefur ríkt meðal þeirra frá styrjaldarlokum. Yfir 500 milljónir manna búa í Evrópusambandsríkjum, í 27 fullvalda ríkjum, sem hafa ákveðið að framselja fullveldi sitt í ákveðnum málum til sameiginlegra stofnana Evrópusambandsins. Helstu stofnanir þess eru: Leiðtogaráðið þar sem allir æðstu þjóðhöfðingjarnir sitja, ráðherraráðið, þar sem ráðherrar mismunandi málaflokka sitja, framkvæmdastjórnin þar sem hvert ríki á einn framkvæmdastjóra á ákveðnu sviði og svo þingið. Lýðræðisþróunin síðustu ár hefur styrkt mjög stöðu þingsins og raunar er það svo að allir stórir sáttmálar sem hafa verið samþykktir síðan árið 1986 hafa stóraukið völd þingsins. Smáríki hafa hlutfallslega meira vægi atkvæða í ráðherraráðinu og rík hefð er fyrir því innan Evrópusambandsins að taka tillit til sjónarmiða allra aðildarlanda, stórra sem smárra. Það sem er þó mikilvægast í allri umræðu um Evrópusambandið og virkni þess er sú staðreynd að í 85% tilvika eru mál afgreidd án ágreinings. Þar skiptir miklu tilurð sambandsins sem friðarbandalags Evrópu og samhljómur og samstaða eru því ofar öllu.

Árangur samstarfs Evrópuþjóða

Á síðastliðnum 15 árum hafa 25.000 Íslendingar þegið styrki og verið þátttakendur í evrópsku samstarfi á sviðum mennta, vísinda, nýsköpunar og æskulýðsmála. Evrópusambandið er leiðandi í mennta- og nýsköpunarmálum þar sem opið samráð, skilgreind markmið og árangursmat eru lykilþættir.

Evrópusambandsríkin eru ótvíræðir leiðtogar í loftslagsmálum. Skiptir þar mestu órofa samstaða Evrópusambandsríkja við ákvarðanatökuborð heimsins, sérstaklega gagnvart Bandaríkjunum og Kína. Evrópusambandið hefur sett sér það markmið að fyrir árið 2020 náist 20% samdráttur í kolefnislosun og að 20% orkunnar komi frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Ísland hefur alla burði til að verða leiðandi í þessu starfi og er auk þess eitt örfárra Evrópuríkja sem státa af víðfeðmri, ósnortinni náttúru. Byggðastefna Evrópusambandsins er um margt nútímaleg og ólík því sem við þekkjum. Hún er hugsuð heildrænt, jafnt fyrir strjálbýli sem borgir, hún er ekki hugsuð á þeim núningsnótum að þéttbýli og dreifbýli séu keppinautar. Rúmlega þriðjungur fjárlaga Evrópusambandsins fer til byggðamála, til að jafna kjör íbúa álfunnar. Höfuðmarkmið byggðastefnunnar er samkeppnishæfni, atvinnusköpun og samstarf svæða. Það er auðvelt að vera vitur eftir á en gott hefði verið að Íslendingar hefðu tamið sér góð vinnubrögð fyrr, nú þegar sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa farið fram úr sér í nýbyggingum svo um munar. Samstarf sveitarfélaga er hér hinn mikli galdur og Íslendingar geta lært heilmikið í öguðum vinnubrögðum af öðrum Evrópuþjóðum.

Endurheimtum fullveldið

Íslendingar hafa haft mikinn ávinning af alþjóðasamstarfi í gegnum tíðina með margvíslegu samstarfi á ótal sviðum. Við þurfum á alþjóðlegu samstarfi að halda, hér eftir sem hingað til, og það sem meira er um vert – við höfum heilmikið fram að færa á alþjóðavettvangi. Enginn er eyland og rödd Íslands í alþjóðasamfélaginu verður að heyrast. Við erum þjóð meðal þjóða og tökum okkur alvarleg sem slík. Evrópusambandið er ekki fullkomið, ekki frekar en Sameinuðu þjóðirnar, Alþingi Íslendinga eða Norðurlandaráð. En til þess að hafa áhrif á þróun mála í Evrópusambandinu, sem nú þegar hefur mikil áhrif á nær alla þætti íslensks samfélags, verðum við að bera höfuðið hátt og taka þátt. Við erum nú þegar aðilar að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði og tökum því upp fjölda tilskipana Evrópusambandsins í íslensk lög. En við höfum engin áhrif á gerð tilskipananna innan Evrópusambandsins því við stöndum fyrir utan. Við höfum því afsalað okkur fullveldi á ýmsum sviðum en með aðild að Evrópusambandinu værum við að endurheimta fullveldið. Við höfnum því að Ísland standi áfram á hliðarlínunni. Spilum heldur sóknarleik og verum virkir þátttakendur í bandalagi sem var stofnað af Evrópuþjóðum með frið, menningu og lífsgæði borgaranna að leiðarljósi. Verum stolt þjóð meðal þjóða.

Oddný er borgarfulltrúi Samfylkingar og Sigríður alþingismaður.

Formanni Evrópusamtakanna svarað

UMRÆÐAN
Sturla Böðvarsson skrifar um Evrópumál

STURLA BÖÐVARSSON

Það er ánægjulegt að Andrés Pétursson, formaður Evrópusamtakanna, skuli hafa lesið af áhuga það sem ég skrifaði um Evrópusambandið í vefritið Pressuna. Þar varpa ég fram spurningunni hvort aðild að Evrópusambandinu yrði „fórn eða björgunaraðgerð“.

Andrés skrifar grein sem birtist í Fréttablaðinu fimmtudaginn 24. september sl. þar sem hann sendir mér tóninn. Ekki veitir honum af að lesa annað en áróður fyrir inngöngu okkar í Evrópusambandið, svo forfallinn sem hann er í þeim efnum. Hann getur þess í tilskrifunum að hugsanleg aðild að ESB sé mjög umdeild, en kveinkar sér undan því að afstaða mín gangi gegn sjónarmiðum sem fram hafi komið í skýrslu auðlindanefndar Sjálfstæðisflokksins sem hann vitnar til. Ég hef ekki gert athugasemdir við efni þeirrar skýrslu. Hann getur sér þess til að skýringin liggi í því að ég hafi ekki lesið umrædda skýrslu. Hann segir skýrsluna draga það fram að öllu sé óhætt fyrir okkur gagnvart inngöngu í Evrópusambandið. Þetta eru dæmigerð rök aðildarsinna; að væna menn um þekkingarskort eða að andstæðingar aðildar hafi ekki kynnt sér málið. Tilvitnun hans í álit auðlindanefndarinnar, sem hann klippir saman og sleppir mikilvægum efnisatriðum, nálgast hins vegar fölsun svo alvarlegt sem það er. Andrés getur treyst því að ég hef kynnt mér Evrópumálin nægjanlega vel til þess að geta tekið afstöðu til málsins og verið sammála niðurstöðu landsfundar Sjálfstæðisflokksins sem er; að það þjóni ekki hagsmunum okkar Íslendinga að ganga í Evrópusambandið.

Það hittist raunar svo vel á að ég stýrði atkvæðagreiðslu á landsfundinum þegar stefnan var mörkuð. Ég hef tekið skýra afstöðu sem ég byggi m.a. á rækilegri skoðun á stefnu og starfsháttum Evrópusamtakanna og einnig þeirri vinnu sem hefur farið fram á vegum málefnanefnda og auðlindanefndar Sjálfstæðisflokksins. Ég tel engar líkur á að við getum náð viðunandi samningum við Evrópusambandið um okkar mikilvægustu hagsmunamál.

Meginefni Pressugreinar minnar sem Andrés vitnar til er hins vegar hvernig Evrópusambandsþjóðirnar hafa komið fram við okkur í þeim þrengingum sem við höfum átt í eftir hrun bankanna.

Andrés og aðrir einlægir aðildarsinnar hljóta að átta sig á því að við erum beittir ofbeldi af hálfu Breta og Hollendinga í skjóli Evrópusambandsins. Skyndilegur áhugi Evrópusambandsins, og þar með sænskra stjórnmálamanna, beinist fyrst og fremst að því að komast yfir auðlindir okkar. Ekki síst auðlindir hafsins og tryggja aðgang að þeim hafsvæðum sem við ráðum. Allt tal um annað er hreinn og beinn barnaskapur og óskhyggja. Andstæðingar aðildar að ESB þurfa ekki að nota gróusögur eins og Andrés heldur fram til þess að vekja athygli á vinnubrögðum Evrópusambandsins. Þær gætu aldrei tekið raunveruleikanum fram þegar kemur að framgöngu t.d. Breta sem hafa beitt sér sérstaklega gegn okkur og halda málum okkar hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í gíslingu.

Um leið og ég þakka Andrési fyrir tilskrifin vil ég biðja hann um að skrifa eina góða grein um það hvaða samningsmarkmið hann vill setja í samningum við ESB. Eða er það e.t.v. svo að við eigum að ganga beint til Brussel með hvítan fána við hún í höndum utanríkisráðherra og biðjast vægðar og afsala okkur öllum okkar rétti sem sjálfstæð þjóð og biðja um skjól í faðmi Evrópusambandsins?

Höfundur er fyrrverandi ráðherra og forseti Alþingis.

Þjóðhagslega hagkvæm listamannalaun

UMRÆÐAN
Hlynur Hallsson skrifar um myndlist

HLYNUR HALLSSON

Það eru mikil verðmæti fólgin í menningunni á Íslandi, og ekki síst beinar tekjur þrátt fyrir að öðru sé stundum haldið fram. Ferðamenn streyma til landsins til að njóta tónlistar og myndlistar, fara á söfn og á tónleika, í leikhús og flytja inn gjaldeyri í miklu magni, þetta eru beinar tekjur sem verslanir og þjónustufyrirtæki njóta góðs af.

Undirstaðan fyrir öllu þessu er listamenn. Þegar myndlistarmaður setur upp sýningu fá allir greitt fyrir sína vinnu nema listamaðurinn. Prentarinn fær greitt fyrir að prenta boðskort og sýningarskrá. Flutningabílstjórinn fær greitt fyrir að flytja verkin á sýninguna. Starfsmenn safnsins fá borgað fyrir að setja sýninguna upp, vakta hana og veita gestum upplýsingar. Sýningarstjórinn fær auðvitað greitt fyrir sína vinnu, einnig fjölmiðlafulltrúinn og blaðamennirnir sem fjalla um sýninguna. Ræstingafólkið fær auðvitað greitt fyrir sína vinnu (að vísu allt of lítið). Smiðir og málarar fá greitt fyrir að laga húsnæðið að þörfum sýningarinnar. Veitingamenn fá greitt fyrir seldar veitingar og opnun. Þannig mætti lengi telja. Svo er það bara spurning hvort eitthvað selst af verkunum og þá fær listamaðurinn hluta af því ef hann er svo heppinn.

Listamannalaunin eru því kærkomin. Flestir listamenn sem ég þekki eru að vinna aðra vinnu ásamt því að leggja stund á sína list. Starfslaun gera þeim kleift að einbeita sér að listinni í ákveðinn tíma, 6 eða 12 mánuði, og örfáir fá jafnvel tveggja ára starfslaun. Þetta er ekki styrkur heldur laun sem eru greidd sem verktakagreiðsla og af þeim þarf að borga skatta og öll hefðbundin gjöld. Launin fara svo í framleiðslu á verkum og í allan þann kostnað sem fylgir því að setja upp sýningar. Launin fara því beint út í þjóðfélagið aftur. Skila þarf skýrslu um hvernig launununum er varið og hvað listamaðurinn hefur gert. Umsóknarferlið er einnig talsvert og sem betur fer er skipt um fólk í úthlutunarnefnd á hverju ári til að fjölbreytt sjónarmið og viðmið komist að. Útgjöld ríkisins til listamannalauna eru eitthvert ódýrasta framlag til atvinnu- og verðmætasköpunar sem veitt eru af opinberu fé. Hinar skapandi greinar búa til fjölmörg önnur störf og fækka þar með atvinnulausum sem dregur úr bótagreiðslum hins opinbera.

Það er því mikið fagnaðarefni að loksins skuli vera fjölgað þeim mánuðum sem eru til úthlutunar listamannalauna. Listamenn eru snillingar að vinna í sjálfboðavinnu en það gengur auðvitað ekki endalaust. Þess vegna eru smá laun kærkomin. Frestur til að sækja um listamannalaun rennur út 19. október á www.listamannalaun.is og ég hvet alla myndlistarmenn til að sækja um.

Höfundur er formaður Sambands íslenskra myndlistarmanna.

Costa del Sol
10. október - 12 nætur
frá kr. 129.900
- með “öllu inniföldu”

Glæsileg haustferð - ótrúlegt sértilboð!
Heimsferðir bjóða mjög takmarkað magn flugsæta í spennandi haustferð til Costa del Sol 10. október í 12 nætur. Í boði er frábært sértilboð á Hotel Griego Mar *** sem er skemmtilega staðsett hótel með “öllu inniföldu” rétt við miðbæ Torremolinos. Gríptu þetta einstæða tækifæri og skelltu þér í frábæra haust ferð til Costa del Sol og njóttu lífsins á hreint ótrúlegum kjörum. Flogið er til og frá Sevilla. Frá Sevilla er um 2,5 klst. akstur til Torremolinos. Ferðir til og frá flugvelli eru innifaldar í verði.
Aðeins örfá sæti í boði!

Kr. 129.900
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Griego Mar í 12 nætur með “allt innifalið”. Aukagjald fyrir einbýli kr. 35.000. Sértilboð 10. okt.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

BASIC B20 boxdýna
Með tvöföldu gormakerfi og yfirdýnu. Góð dýna, mjúk með 115 BONELL gormum pr. m² í efra lagi og 150 gormum pr. m² í neðra lagi. Vönduð yfirdýna innifalin í verði. Stærð: 90 x 200 sm. Fætur: **3.990,-**

DREAMZONE™

STÆRÐ: 90 X 200 SM.
23.900,-
VERÐ ÁN FÓTA

KOJA + 2 DÝNUR + 2 BOTNAR
VERÐ ÁÐUR: 32.660,-
22.660,-

SPARIÐ 10.000,-

MALENE skiptanleg koja + 2 dýnur + 2 botnar
Sterk og stöðug koja úr gegnheilli furu. Hægt er að skipta kojunni í tvö sjálfstæð rúm. B70 x L190 x H143 sm. Hér færðu koju, 2 dýnur og 2 botna saman í pakka á frábæru verði!

WellPur™
HEILSUKODDAR

CONTOUR
2.990,-

COMFORT
5.990,-

WELLPUR heilsukoddar
Frábær heilsukoddalína með sérhönnuðum svampi með þrýstijafnandi eiginleika. Koddarnir styðja vel við háls og hnakka og stuðla að þægilegum og góðum nætur svefni. Þessi útgáfa af WellPur heilsukoddalínunni er afrakstur margra ára þróunar.



STÆRÐ: 90 X 200 SM.
4.990,-

EGGJABAKKADÝNA
PLUS T10 yfirdýna
Eggjabakkalöguð dýna úr kaldsvampi sem eykur þægindi og vellíðan. Fæst einnig í stærð: 140 x 200 sm. **6.990,-**

Allt fyrir svefninn!

SÆNGURVERASETT
1.290,-

LEAH sængurverasett
Sængurverasett á fínu verði. St. 140x200 sm. og koddaver 50 x 70 sm.
Efni: 100% bómull.

SÆNGURVERASETT
1.990,-

ABELINE sængurverasett
Svart sængurverasett með hvítu, fallegu mynstri.
Stærð: 140 x 200 sm. og koddaver 50 x 70 sm.

SÆNGURVERASETT
2.990,-

CHANICE sængurverasett
Flott sængurverasett með fallegu mynstri.
Stærð: 140 x 200 sm. og koddaver 50 x 70 sm.
Fæst í svörtum og grænum lit.

SÆNG OG KODDI
4.990,-

THERMO LUX sæng og koddi
Sæng fyllt með 2 x 550 gr. af sílikonmeðhöndluðum holtrefjum. Stærð: 140 x 200 sm. Koddi er 50 x 70 sm. Má þvo á 90°C.

ST. 140 X 200 SM.
1.990,-

TRINA flísteppi
Falleg flísteppi með smekklegu mynstri.
Stærð: 140 x 200 sm.

1 STK.
790,-

FLORA flísteppi
Falleg og mjúk flísteppi, fáanleg í nokkrum mismunandi litum.

STÆRÐ: 90 X 200 SM.
1.290,-

Teygjulök
Fín teygjulök sem fást í nokkrum litum.
Stærð: 90 x 200 sm. **1.290,-**
Stærð: 140 x 200 sm. **1.690,-**
Stærð: 180 x 200 sm. **1.990,-**

ST. 160 X 260 SM.
4.990,-

SAM rúmteppl
Töff rúmteppi með rókókó mynstri.
Stærð: 160 x 260 sm. Verð aðeins: **4.990,-**
Stærð: 220 x 260 sm. Verð aðeins: **5.990,-**
Stærð: 260 x 260 sm. Verð aðeins: **6.990,-**

Ég neita því ekki að ég er karlmaður

Gunnar í Krossinum stendur á tímamótum. Hann er skilinn við eiginkonu sína til 38 ára og bíður eftir að Guð leiðbeini sér við næstu skref. *Dr. Gunni* skrapp í Kópavoginn og hitti Gunnar.

MAÐUR Á TÍMAMÓTUM Gunnar Þorsteinsson í Krossinum bíður eftir að Guð leiðbeini sér við næstu skref. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ég hitti Gunnar í Krossinum. Þetta er mikil miðstöð í Hlíðarsmáranum í Kópavogi. Þegar húsnæðið var tekið hér í notkun árið 1995 var þetta eitt fárra húsa á svæðinu. Gunnar segir mér að starfsemi Krossins hafi byrjað árið 1979 og að hann hafi alltaf verið forstöðumaður safnaðarins. Hann sýnir mér húsakynnin og ég passa mig á að segja ekki að þau séu „helvíti flott“.

Auðvelt að vera sannfærður

„Við leggjum mikið upp úr tónlistarlífinu hérna,“ segir Gunnar og dregur plastábreiðu ofan af forláta hljóðmixer í salnum. Hann bendir: „Það eru sex kamerur hérna í loftinu til að taka upp predikanir.“

Krossinn er í nánu samstarfi við Omega, en ég horfi aldrei því ég er heiðingi. Ég er ekki kominn til að frelsast (þótt Gunnar hafi sagt í gríni að hann myndi hafa laugina tilbúna þegar ég kæmi), og ég er ekki kominn til að rökræða trúmál við Gunnar. Enda algjörlega vonlaust, bæði vegna þess að mér hundleiðast rökræður um trúmál og svo er erfitt að ímynda sér sannfærðari mann en Gunnar. Er aldrei erfitt að vera svona rosalega sannfærður? spyr ég hann þegar við erum sestir inn á kontór.

„Nei, það er akkúrat hið öndverða. Það er þægileg staða,“ svarar Gunnar. „Menn draga bara fram heilaga ritningu og þar er endanlegur sannleikur. Það gefur augaleið að það er þægileg staða í heimi sem er fullur af spurningum og óvissu. Það er engu líkt.“

Eigum ekki orð yfir ástandið

Eilífðarmálin sækja stundum á mig. Ég spyr Gunnar hvernig honum verði innanbrjósts þegar hann sér ljósmyndir af óravíddum og óendanleika alheimsins teknum með fullkomnustu stjörnukíkjum.

„Ég geri mér grein fyrir mikilleika Guðs,“ segir hann. „Hér erum við á þessari skrítnu plánetu, lifandi þessu undarlega mannlífi, vitandi það að Guð er almáttugur. Og þetta er bara fordyri þess sem koma skal. Hið eiginlega líf hefst að loknu þessu lífi. Það er nú kenning ritningarinnar.“

Er dauðinn þá fersk byrjun?

„Dauðinn samkvæmt heilagri ritningu er að vera fjarri Guði. En þegar líkaminn deyr þá verða andinn og sálin frjáls og hinn endurleysti maður fer í paradís lifandi Guðs.“

En bara hinir trúuðu komast í þessar trakteringar, ekki satt?

„Sko, allir lifa að loknu þessu lífi. En aðeins þeir sem trúa fá návist við Guð, sem er keppikeflið. Hinir missa af því sem Guð hefur upp á að bjóða og því gríðarlega ævintýri sem er fram undan.“

Ímyndar þú þér stundum hvernig þetta eftirlíf er?

„Páll postuli fór til þriðja himins, fór inn í þessar víddir. Það sem hann sá og heyrði er ósegjanlegt. Hann gat ekki lýst því. Ég held að ástandið sé þannig að við eigum ekki orð – ekki einu sinni á íslensku – til að lýsa því sem koma skal. En við vitum að Jesú sagði við ræningjana á krossinum: Í dag muntu verða með mér í paradís. Við vitum að paradís er staður þar sem vilji Guðs er fullkominn og hann ræður ferðinni. Við vitum að okkar fyrstu foreldrar voru í fullkomnu ástandi og lifðu í dýrlegum fögnuði áður en syndin kom. Það ástand verður upphafið á ný, en meira… Við vitum ekki um nein smáatriði.“

Hefur þér aldrei dottið í hug að mannkynið sé bara ekki nógu gáfað til að geta skilið alheiminn?

„Jú, ég er algjörlega þeirrar skoðunar að við, þessi tegund, höfum ekki greind til að skilja áætlun Guðs. Guð getur ekki svarað okkur af því að við skiljum ekki svörin. Þess vegna segir drottinn: Fylg þú mér. Og þeir risu upp og fylgdu honum. Ef þeir hefðu spurt: Geturðu útskýrt þetta aðeins betur, þá hefði verið fátt um svör.“

> Biblían er mjög ljós. Guð hatar hjónaskilnaði. Það er ekkert öðruvísi.

Guð hatar hjónaskilnaði

Gunnar var 19 ára „menntaskólaheiðingi“ í MH þegar hann frelsaðist. Það var árið 1971. Gunnar segir um 350 manns vera virka félaga í Krossinum, en skráðir meðlimir eru mun fleiri. Hann fullyrðir að fólk með lifandi trú á Krist komi sterkara en aðrir út úr bankakreppunni. „Núna þegar ógnin steðjar að og okkur er sagt að vetur verði harður, þá er áríðandi að hafa sterka hönd í lífi sínu sem maður getur treyst. Hjá okkur er það Drottinn. Hann opinberar sig í sálmi 91. Þar segir hann að engin ógæfa muni henda mig. Ég gisti öruggur í tjaldi hans og hann mun bera mig á höndum sér. Þetta eru fyrirheit Guðs og á þeim hvíli ég.“

Þetta er þá væntanlega það sem þú reiðir þig á nú í þínu persónulega lífi. Það er jú orðið opinbert að þú ert skilinn við konuna þína.

„Líf okkar hjónanna steytti á skeri. Þetta er harmleikur. Gríðarlega sár og erfið reynsla. Og ég horfi á það þeim augum að hafa gefið heit og verið kvæntur í 38 ár, að auðvitað hefði maður átt að geta klárað það. En svo skoða ég sjálfan mig og segi; hvernig stendur á því að okkar mál fóru í þau hjólför að við náðum þeim ekki upp úr þeim? Ég hlýt að ásaka sjálfan mig, því á einhverjum tímapunkti hefði ég getað gert betur sem eiginmaður þrátt fyrir ólíkar áherslur og vaxandi ágreining til margra ára.“

Og hvað segir nú Biblían um þetta?

„Biblían er mjög ljós. Guð hatar hjónaskilnaði. Það er ekkert öðruvísi. Sá sem gengur í gegnum þetta skyldi vita að þetta er ekki það sem Guð vill. Og það veldur mestum sársauka. Að brjóta boð Guðs. Svo er þetta erfitt fyrir fjölskylduna, börn og barnabörn, og vini hér í samfélaginu og í kristna geiranum. Þetta er allt mjög erfitt og þungur baggi að bera. Síðan kemur á móti að Guð er miskunnsamur og náðarríkur. Ég hef það á tilfinningunni að hann eigi líka náð handa mér í þessari stöðu sem og í öðrum erfiðum aðstæðum sem ég hef verið í í lífinu. Ég geri mér grein fyrir því að þeim sem ekki vill vera í hjónabandi verður ekki haldið þar gegn vilja sínum. Hjónabandið er ekki þrælaviðjar í þeim skilningi eins og Páll postuli segir.“

Finnst þér þetta mál veikja stöðu þína sem trúarleiðtoga?

„Ég lifi þessa dagana í mikilli óvissu.

DREPIÐ Í DROTTINS NAFNI! Gunnar á nýskotnum tarfi austur á Héraði við Sandvatn. Í bakgrunni sést annar sem hann skaut líka. Gunnar vill kalla þessa mynd „Þrír tarfar“. MYND/REIMAR ÁSGEIRSSON

Ég er að leita Guðs með framtíð mína. Það er mikill sársauki. Ég hef bent á það áratugum saman að ég er fjarri því að vera fullkominn. Það er enginn maður fullkominn. Það verður öllum á í lífinu. Auðvitað hefur mér orðið á og þarf á fyrirgefningu Guðs að halda.“

Nú hefur mörgum sárnað ýmislegt sem þú hefur sagt í gegnum tíðina, til dæmis samkynhneigðir. Er verið að skjóta á þig út af þessu – glerhúsið og allt það?

„Eflaust er þetta rætt á einhverjum bloggsíðum, ég efast ekki um það. En ég hef ekki sýnt samkynhneigðum hörku, þótt það hafi komið þannig fram í fjölmiðlum. Ég hef eingöngu síterað í heilagar ritningar og hef ekkert umboð að breyta þar einu né neinu. Ég legg áherslu á það, gagnvart mér og öðrum, að Guð hatar syndir okkar og afbrot, en hann elskar syndarann. Við verðum að greina þar á milli, hvort sem það er ég í minni stöðu eða einhver annar í annarri stöðu. Við getum alltaf snúið okkur að kærleika Guðs og gengið frá því skipbroti sem líf okkar er.“

Seldi jeppann

Ekki er því að neita að Gunnar er karlmannlegur með skeggið og sannfæringuna. Útlitinu fylgja karlmannleg áhugamál.

„Ég seldi reyndar stóra jeppann fyrir nokkrum árum,“ segir hann. „Þegar snjóflóðin féllu í Súðavík kom þjóðin saman á Ingólfstorgi og bað Guð um náð og miskunn. Eftir það snjóaði ekki í fimm ár. Þá var ekkert hægt að fara til fjalla svo ég seldi jeppann. Ég stunda veiðar og ég stunda sjóinn og ég hef yndi af útivist. Ég neita því ekki að ég er karlmaður.“

Mér er sagt að þú eigir einhverja svaka skútu?

„Við félagarnir eigum bát sem er kallaður lystisnekkja í fjölmiðlum. En þetta er nú bara tíu metra Gáska-bátur sem við notum félagarnir til að skjóta fugla og veiða í soðið. Ég hef gríðarlega gaman af að fara á sjó og að vera úti í náttúrunni að njóta þess sem Guð gaf. Landið okkar er stórfenglegt og sjórinn hér í kring er yndislegur.“

Rétt! Þótt við eigum kannski enga peninga, þá eigum við þó að minnsta kosti fallegt land.

„Þegar harðindi sækja Ísland heim eins og þessa dagana getum við bætt allt upp sem við missum með því að sýna hvert öðru meiri kærleika. Það sem maðurinn þráir er kærleikur og umhyggja, ekki peningar. Við förum aldrei á hungurmörk. Hér mun enginn svelta. Við skulum bara auka yndi okkar með því að elska náungann eins og sjálf okkur og elska Guð af öllu hjarta. Þannig farnast þessari þjóð vel.“

TAX FREE

STÆRSTA OUTLET LANDSINS

MERKJA OUTLET

KORPUTORGI

Reebok · VIKING · Brandtex · Tamaris · ICHI · hummel · DIDRIKSONS 1913 · arena · RUGBY JEANS CO. · ZARA

Dömufatnaður
•
Herrafatnaður
•
Barnafatnaður
•
Íþróttafatnaður
•
Sundfatnaður
•
Töskur
•
Skór

T-bolir
Ýmsir litir
695 kr.

Barnalúffur
995 kr.

Rucanor
Íþróttataska
2.495 kr.

Hummel
Íþróttabuxur fyrir dömur
4.995 kr.

Íþróttaskór
Svartir (36-46)
4.995 kr.

Helly Hansen
Regngallar fyrir börn
5.999 kr.

Arena
Sundbolir
2.995 kr.

Pony
Strigaskór fyrir dömur
3.995 kr.

Dömustígvél
Svört (36-41)
3.995 kr.

Tamaris
Leðurstígvél
7.995 kr.

Opið alla daga frá 12 til 18 - Sími 578 9400

FANGAKLEFAR STASI Í BERLIN Cliewe Juritza var handtekinn þegar hann reyndi að flyja Austur-Þýskaland og sat inni með dæmdum glæpamönnum í ár uns vestur-þýsk stjórnvöld keyptu hann lausan.

Voðaverk kommúnistastjórnarinnar mega ekki gleymast

Cliewe Juritza lenti í höndum austur-þýsku öryggislögreglunnar Stasi, þegar hann reyndi að flýja vestur árið 1984. Hann segir við Fréttablaðið að voðaverkin austan járntjaldstjalds megi ekki gleymast. Falls Berlínarmúrsins er minnst um þessar mundir.

Það er mjög mikilvægt að fólk muni þessa atburði. Margir vilja gera lítið úr hlutverki Kommúnistaflokksins og kommúnistakerfi öryggislögreglunnar í Austur-Þýskalandi. Það er nauðsynlegt að þessir slæmu tímar gleymist ekki."

Þetta segir Cliewe Juritza í einkaviðtali við Fréttablaðið. Cliewe var tekinn höndum við tilraun til að flýja frá Austur-Þýskalandi og vestur yfir og var pólitískur fangi í haldi öryggislögreglunnar Stasi í um ár.

Illræmdur staður

Ég mælti mér mót við Cliewe Juritza í hinu illræmda öryggisfangelsi Stasi, Hohenschönhausen. Staðurinn er í útjaðri gömlu Austur-Berlínar, girtur háum íbúðablokkum sem eitt sinn hýstu starfsmenn fangelsisins. Enginn vissi um staðinn, enda þótt hann væri í borginni, þótt íbúa hafi grunað margt. Þegar farið var með fanga þangað var ekið með þá blindandi í hringi, svo enginn vissi hvar áfangastaðurinn var. Þá er ekkert útsýni frá staðnum og allt gler í gluggum er matt.

Við komum okkur fyrir í einum af eitt hundrað fangaklefum fangelsisins. Enda þótt langt sé um liðið síðan Cliewe var í höndum Stasi, og hafi það nú að atvinnu að leiða gesti um bera og kalda ganga þessarar óhugnanlegu stofnunar, er ekki eins og hann njóti þess mjög að setjast niður með blaðamanni í einum af klefum Hohenschönhausen til þess að rifja upp vistina hjá Stasi.

Dæmdur

„Það var farið með mig í fangelsi í Austur-Berlín, Berlin Wundersburg. Fimm aðrir voru með mér í klefanum. Þeir voru glæpamenn," segir Cliewe þegar hann lýsir handtöku sinni, eftir flóttatilraun til Vestur-Þýskalands. Hann segist ekki hafa verið vistaður í fangelsi fyrir pólitíska andstæðinga ríkisins, eins og Hohenschönhausen, heldur almennu fangelsi. Verðirnir hafi ekki lamið hann, heldur samfangarnir. „Einn hafði verið handtekinn fyrir líkamsárás. Hann réðst á mig. Ég féll bak við klósettið, sár. Verðirnir opnuðu dyrnar og rifu hann út," segir Cliewe skjálfandi röddu þegar hann rifjar upp erfiða vistina.

Hann var dæmdur í árs fangelsi og sat inni með almennum glæpamönnum í tíu mánuði, þar til vestur-þýsk stjórnvöld greiddu fyrir hann lausnargjald.

Það var árið 1985. Hann bjó síðan í Vestur-þýskalandi fram að falli múrsins.

Misheppnuð flóttatilraun

„Ég bjó í Berlín, austan við múrinn," segir Cliewe. Hann vildi komast vestur yfir, en þar átti hann ættingja. „Ég gerði mér grein fyrir því að ég kæmist ekki yfir múrinn, ekki í Berlín," segir hann. Því hafi hann hugsað sér að komast vestur yfir með því að fara í gegnum Ungverjaland, og þaðan til Austurríkis. „En þetta mistókst."

Hann reyndi því að komast beint yfir til Vestur-Þýskalands yfir landamærin í suðri.

„Dag einn stóð ég við girðingu á landamærunum og hafði hugsað mér að klifra

TÆTARARNIR BRÆDDU ÚR SÉR

SKJALASKÁPAR STASI Skjalasafn Stasi telur um 180 þúsundir hillumetra. Þar er að finna skrár um milljónir manna sem austur-þýska öryggislögreglan fylgdist með.

Gömlu höfuðstöðvar Stasi hýsa enn gríðarlega mikið skjalasafn Stasi. Í allt eru þarna geymdir einir 180 hillukílómetrar af skjölum.

Höfundur fór um safnið og fræddist um umsvif Stasi á sínum tíma. Hátt í 90 þúsund manns voru á launaskrá öryggislögreglunnar. Auk þeirra voru hátt í 180 þúsund manns það sem kalla má „óformlegir uppljóstrarar", fólk sem fylgdist með vinum, vinnufélögum og fjölskyldu sinni.

Allt var þetta skráð og geymt í skjalasafni Stasi. Þar er nú safn.

Í allt eru til skýrslur um 5,6 milljónir manna.

Kerfi Stasi var svo flókið að engir nema æðstu yfirmenn gátu haft nokkra hugmynd um hverjir þar voru skráðir. Til að mynda var haldin þrenns konar spjaldskrá. Á eitt spjald var skráð nafn þess sem fjallað var um og nafninu gefið númer. Í annarri spjaldskrá var bara tilvísun í númerið og sérstakt dulnefni sem viðkomandi var gefið. Loks var þriðja spjaldskráin þar sem stuðst var við númer á skýrslu og svo dulnefnið.

Skjöl Stasi eru aðgengileg í skjalasafninu, en þau eru ekki öll opinber. Til að mynda er erfitt að fá upplýsingar um hverjir hafi verið þessir „óformlegu uppljóstrarar" í þjónustu Stasi.

Mikil vinna hefur farið í skráningu safnsins í seinni tíð, til að auðvelda fólki að finna skýrslur um sig, en um 1.400 beiðnir berast skjalasafninu árlega.

Ég spurði Cliewe Juritza hvort hann hefði flett sér upp í skjalasafninu. „Ég hef sótt um aðgang, en ég hef ekki enn fengið að sjá skjölin. Það tekur tíma að finna þetta. Hver veit nema þar leynist ýmislegt sem kemur mér á óvart."

Ætla má að eftirlit með hinum almenna borgara hafi verið gríðarlega kostnaðarsamt.

Þegar dró nær falli múrsins fóru starfsmenn Stasi að eyða skjölum. Fyrst var reynt að tæta fjölmörg skjöl, en þau voru svo mörg að tætararnir bræddu fljótlega úr sér. Þá byrjuðu menn einfaldlega að rífa pappírana í sundur.

Í skjalasafninu er að finna sex þúsund poka með rifnum skjölum. Á þeim langa tíma sem liðinn er hefur aðeins tekist að líma saman skjöl úr um 300 pokum.

yfir. En það reyndist ómögulegt, þetta var rafmagnsgirðing. Þá datt mér í hug að grafa göng undir girðinguna. Það reyndist líka ómögulegt," segir Cliewe, þungt hugsi. Undir girðingunni var steyptur grunnur sem náði of langt niður í jörðina.

„Því tók ég trjádrumb og lagði hann upp að girðingunni. Ég ætlaði að klifra upp drumbinn, en það mistókst líka," segir Cliewe og er ekki laust við örvæntingu í rödd hann þegar hann rifjar þetta upp. Þessi tilraun hans varð til þess að viðvörunarkerfi fór í gang og hann tók til fótanna.

Margir Austur-Þjóðverjar féllu fyrir kúlum landamæravarða við flóttatilraunir. Óttaðistu aldrei að fá kúlu í bakið? „Ég var önnum kafinn við að reyna að klifra upp girðinguna. Ég hugsaði bara um eitt, að komast yfir. Ég var yfirspenntur og ég hugsaði satt að segja ekki um að ég kynni að verða skotinn."

Handtekinn

Cliewe segist hafa forðað sér í lítið þorp, skammt frá landamærunum.

„Ég reyndi að húkka mér far þaðan. Ég fékk að sitja aftan á mótorhjóli." Hann komst frá þorpinu og að lestarstöð í grenndinni. En þá reið ógæfan yfir. „Ég var kominn upp í lestina þegar lögreglumaður vatt sér að mér. Hann spurði hvort ég vildi flýja vestur yfir. Ég svaraði því játandi. Þá var ég handtekinn."

Þetta var árið 1984. Cliewe var þá átján ára gamall, í haldi lögreglu einræðisríkisins og ekkert fram undan nema óvissan.

Cliewe segist hafa vonað að vestur-þýsk stjórnvöld myndu greiða fyrir hann lausnargjald. Þarlend stjórnvöld hefðu verið tilbúin til að greiða fyrir lausn þeirra sem teknir voru á flótta. En þetta hefði hann ekki getað vitað fyrir fram.

„Ég man þetta satt að segja ekki nógu vel. Ég svaraði játandi, þegar ég var spurður um flóttann. Ég taldi að Vestur-Þjóðverjarnir greiddu fyrir að losa fólk. En bara þá sem lentu í fangelsi."

Hann segir að eftir árs vist hafi verið greidd 96 þúsund vestur-þýsk mörk fyrir lausn hans.

Erfiðar minningar

„Ég hugsaði ekki um fortíðina í heil tuttugu ár. Þá kom það til að konan mín hvatti mig til þess að rifja þetta upp og færa reynslu mína í letur. Við skrifuðum saman bók um þessa atburði. Minningarnar komu svo smám saman aftur við skriftirnar." En var ekkert erfitt að rifja þetta upp? „Nei, í rauninni ekki," segir Cliewe Juritza. Það var svo langur tími liðinn. Það var kominn tími til að muna."

Þjóðverjar gera margt til að minnast lífsins í Austur-Þýskalandi, ekki bara um þessar mundir. Þá er ekki reynt að breiða yfir hið skelfilega tímabil þýskrar sögu, þegar Hitler ríkti yfir landinu. Cliewe telur mjög mikilvægt að Þjóðverjar gleymi aldrei skelfingunni sem átti sér stað austan járntjalds.

„Það er mjög mikilvægt að fólk muni þetta, þessa voðalegu hluti. Margir vilja gera lítið úr hlutverki kommúnistaflokksins og stjórnkerfis hans, austur-þýsku einræðisstjórnarinnar og öryggislögreglunnar. Það er nauðsynlegt að þessir slæmu tímar gleymist ekki."

Enginn bjóst við falli múrsins

Cliewe Juritza bjó í Vestur-Þýskalandi til ársins 1989, þegar múrinn féll. Hann starfaði við ýmislegt, til að mynda á McDonald's í München sem framkvæmdastjóri. Skömmu fyrir fall Berlínarmúrsins, í nóvember, flutti hann aftur til Berlínar til að sækja skóla, en hann nam stjórnmálafræði.

„Það datt engum í hug að múrinn myndi falla. Ég sat með félögum mínum á krá. Við ræddum pólitík og ýmislegt fleira. Þá vindur sér maður inn á knæpuna og æpir: „Múrinn er að hrynja, múrinn er að hrynja." Ég trúði honum ekki. Hélt bara að þessi maður byggi í einhverjum draumaheimi og hefði ekki átt að drekka svona mikið. En svo féll múrinn."

TUTTUGU ÁR FRÁ FALLI BERLÍNARMÚRSINS

Tveir áratugir eru frá því nú í nóvember, að Berlínarmúrinn féll. Af því tilefni er mikið um að vera í Berlín, og raunar víðar í bæði Þýskalandi og austurhluta Evrópu. Í rauninni má tala um friðsama byltingu þegar múrinn féll, því hundruð þúsunda komu saman, bæði í Berlín og víðar í Austur-Þýskalandi, og kröfðust frelsis undan oki einræðisstjórnar austur-þýska kommúnistaflokksins. Margir höfðu reynt að flýja löndin í austrinu, sumir voru drepnir á flóttanum. Aðrir þoldu vonda vist í fangelsi.

Áður en múrinn féll höfðu ýmsar glufur opnast frá austri til vesturs og margir farið yfir í vestrið, til að mynda um Ungverjaland.

Meðal þess sem gert verður í Berlín til að minnast falls múrsins er að stórum dómínókubbum verður komið fyrir í gegnum borgina og að Brandenborgarhliðinu. Að kvöldi 9. nóvember verður fyrsta kubbnum hrint og múrinn felldur að nýju með táknrænum hætti.

Þá hefur stórri sýningu verið komið fyrir á Alexandertorgi, sem áður var miðlægur punktur í Austur-Berlín. Auk þess eru margir viðburðir haldnir í ár og sérstök athygli vakin á ýmsum söfnum, til dæmis safni sem hefur verið komið fyrir í hinu illræmda fangelsi öryggislögreglunnar Stasi, Hohenschönhausen.

BERLÍNARMÚRINN Ingimar Karl Helgason stendur við skreyttar leifar hans í Berlín.

Kynjaskipting er ekki töfralausn

Mike Younger, deildarforseti menntavísindadeildar Cambridge-háskóla, segir afar varhugavert að alhæfa um drengi og stúlkur í skólum. Engar rannsóknir styðji að kynin nemi með ólíkum hætti. Hann sagði *Sigríði Björgu Tómasdóttur* frá því hvernig hann kom í veg fyrir að breska ríkið verði fjármunum í það að þróa ólíkar kennsluaðferðir fyrir kynin.

Í Bretlandi hafa stúlkur um langt skeið staðið sig betur í skóla en drengir. Viðbrögðin við þessu misjafna árangri hafa verið af ýmsum toga og hafa einnig orðið til þess að ýmiss konar alhæfingum hefur verið slegið fram, til að mynda að drengir og stúlkur þrífist í ólíku umhverfi og það að konur séu í meirihluta kennarastarfa hafi dregið úr árangri drengja. Alhæfingarnar eru fæstar réttar, segir Mike Younger sem staddur var hér á Íslandi til að halda tölu á ráðstefnu um jafnréttisfræðslu í skólum sem hér var haldin í vikunni.

Að sögn Mikes hefur þróunin í Bretlandi verið sú að stúlkum gengur betur í námi en drengjum. „Þegar tekið var upp nýtt prófakerfi í Bretlandi árið 1988 kom berlega í ljós að drengjum gekk miklu verr en stúlkum í námi. Að ellefu ára aldri átti þetta einkum við kunnáttu í móðurmálinu ensku en við fjórtán ára aldur voru stúlkurnar orðnar fremri drengjum í öllum námsgreinum að meðaltali.“

MIKE YOUNGER Segir notkun listgreina við kennslu henta vel til að ná til hópa sem hafa misst áhugann á námi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kyn kennara skiptir ekki máli

Í fyrirlestrinum sem Mike hélt á ráðstefnunni áðurnefndu benti hann meðal annars á að umræðan um drengi og áhyggjur af þeim og skólagöngu þeirra hafi verið allsráðandi í þjóðfélags- og menntaumræðu í Bretlandi og þannig hafi árangri stúlknanna ekki verið hampað. Ýmsar skýringar á muni kynjanna hafa verið dregnar á flot, til dæmis að fjöldi kvenna í kennarastétt skili sér í betri árangri stúlkna.

„Það hafa engar rannsóknir sýnt fram á að sú sé raunin. En vissulega hefur þetta verið í umræðunni og haft afleiðingar. Breska ríkisstjórnin hefur til dæmis reynt að fá fleiri karlkynskennara til starfa í skólum til að vega upp á móti þessari þróun. En því hefur ekki verið gefinn nægur gaumur hvernig karlmenn er verið að tala um. Er verið að tala um karlmannlega karla, sem hafa til að bera eiginleika sem eru sagðir dæmigerðir fyrir karlmenn, eins og áhugi á íþróttum og keppnum. Eða erum við að tala um næma og umhyggjusama karlmenn? Raunin er síðan sú að þegar maður talar við börn um nám þá kemur í ljós að kyn kennarans skiptir ekki máli heldur hversu góður kennarinn er. Málið er auðvitað hversu hæfir kennararnir eru og hversu vel þeim tekst að miðla námsefninu til barnanna.“

Strákar eru ekki allir eins

Annað sem hefur verið hent á lofti í Englandi og reyndar líka á Íslandi er að ólíkar kennsluaðferðir henti kynjunum og því sé jafnvel best að aðskilja þau í skólanum.

Mike segir mjög mikilvægt að átta sig á að þessi aðferð sé ekki töfralausn. „Það að skilja að drengi og stúlkur getur jafnvel aukið bilið á milli þeirra.“ Í fyrirlestri sínum benti hann á að kynjaskipting krefjist undirbúnings og ef hún er skynsamlega úr garði gerð geti hún skilað árangri fyrir bæði kynin. En meðal þess sem þá þurfi að passa sé að námsefni kynjanna sé hið sama.

Mike segir mikinn áhuga hafa sprottið í Bretlandi á misjöfnum árangri kynjanna og meðal annars hafi sú hugmynd verið komin vel á rekspöl hjá stjórnvöldum að leggja mikið fé í að þróa kennsluaðferðir og námsgögn fyrir annars vegar drengi og hins vegar stúlkur. Þessar hugmyndir byggi á því að kynin nemi með ólíkum hætti og þurfi því ólíkar kennsluaðferðir og nálgun. Rannsóknir styðji hins vegar ekki þessa ályktun og hann og hans rannsóknarhópur hafi barist gegn því að þessi leið verði farin hjá stjórnvöldum.

Eitt helsta rannsóknarsvið Mikes er á sviði kynja og náms og því veit hann hvað hann syngur í þessum efnum. Hann stýrði um fjögurra ára skeið verkefninu Árangur drengja bættur (Raising Boys´ Achievement) sem sett var á laggirnar til þess að reyna að rétta hlut drengja í grunnskólum Bretlands. „Í brennidepli verkefnisins var að auka árangur drengja í námi sem af einhverjum ástæðum höfðu misst áhugann. En hér er mjög mikilvægt að það sé ljóst að við töluðum um að auka færni drengja en vildum ekki ýta stelpunum út í horn. Við vorum með öðrum orðum að reyna að þróa kennsluaðferðir sem skiluðu árangri hjá drengjum án þess að stúlkum þætti þær vera gerðar hornreka.“

Þetta segir Mike að sé mikilvægt vegna þess að hvorki drengir né stúlkur séu einsleitur hópur, það sé ekki hægt að alhæfa um kynin. Ef það sé gert sé hættan sú að einhvers konar steríótýpa kynjanna taki yfirhöndina, sem henti alls ekki þeim úr hópunum sem samsvari sig ekki með steríótýpunum.

Nýjar kennsluaðferðir

En hverjar eru þessar kennsluaðferðir?

„Við höfðum til dæmis mjög mikinn áhuga á því að auka ritfærni drengja. Það reyndum við til dæmis að gera með því að beita nýstárlegum aðferðum, gagnvirkum aðferðum; nota til dæmis skapandi greinar eins og leiklist til að hjálpa okkur.“ Mike segir skapandi greinar mjög mikilvæg kennslutæki til þess að ná til drengja sem hafa misst áhugann á námi; þar hafi komið til sögunnar leiklist, dans og ekki síst tónlist.

„Drengir sem eru önnur kynslóð innflytjenda frá Karíbahafseyjunum hafa til dæmis verið á meðal þeirra sem gengur mjög illa í skóla, í þeirra tilfelli hafi notkun á karíbatónlist í kennslu skilað góðum árangri.“ Mike segir listgreinar geta náð til drengja þannig að þeir fái betri tilfinningu fyrir því að tilheyra hópnum, og hjálpað þeim til að finnast þeir taka meiri þátt í skólastarfinu. Þessar aðferðir henti einnig mörgum stúlkum.

En hvers vegna heldur þú að drengir standi sig verr í prófum?

„Ég held að hér sé mjög mikilvægt að átta sig á því að við erum að tala um að sumir strákar standa sig verr en stelpur. Það er mjög mikilvægt að við hættum að tala um stelpur og stráka eins og þetta séu einsleitir hópar. Bæði strákum og stelpum úr verkamannafjölskyldum gengur til dæmis illa í skóla á Englandi. En bæði drengjum og stúlkum úr hópi kínverskra innflytjenda gengur vel svo dæmi séu tekin og hvítum stúlkum úr millistétt,“ segir Mike.

Betri árangur en ekki laun

En hefur það einhverja þýðingu að drengir standi sig verr í námi en stúlkur?

„Þetta er sannarlega áhugavert sjónarmið. Það er nefnilega ekki endilega vandamál að drengir standi sig verr en stúlkur. sú staðreynd að þeir gera það hefur samt valdið miklum umræðum og áhyggjum. Ef horft er tuttugu ár aftur í tímann þá má vissulega segja að á þeim tíma hafi staða kvenna batnað mjög mikið. Það eru augljóslega betri tækifæri fyrir konur en áður var. En ef litið er á vinnumarkaðinn þá er ekki hægt að segja að betri árangur kvenna í námi skili sér út á vinnumarkaðinn og betri árangur í skóla hefur sannarlega ekki skilað sér í því að konur hafi hærri laun.“

GOÐSAGNIR OG RAUNVERULEIKI*

1. **Goðsögn:** Strákar eru öðruvísi en stelpur.
   Raunveruleiki: Það eru litlar sannanir fyrir því að strákar læri og nemi öðruvísi en stúlkur. Sannanir benda frekar til þess að ef litið er á stráka og stelpur sem einsleita hópa þá verði margir í hópnum út undan.
2. **Goðsögn:** Stelpur og strákar læra með öðruvísi hætti, hafa ólíka lærdómsaðferð.
   Raunveruleiki: Lærdómsaðferð er umdeilt hugtak. Rannsóknir draga það í efa og rannsóknir hafa ekki sýnt fram á að kynin tileinki sér námsefni með ólíkum hætti. Þó að stúlkur kjósi ef til vill hópastarf svo dæmi séu tekin frekar en drengir er það val kannski afleiðing félagsmótunar.
3. **Goðsögn:** Drengjum vegnar vel í samkeppnisumhverfi.
   Raunveruleiki: Það getur allt eins verið að slíkt umhverfi fái drengi til að missa áhuga á náminu, ef þeir komast ekki í raðir efstu nemenda.
4. **Goðsögn:** Strákar vilja heldur lesa um staðreyndir en skáldsögur.
   Raunveruleiki: Rannsóknir sýna að þeir drengir eru í miklum minnihluta sem vilja lesa fræðitexta, flestir kjósa skáldsögur og ævintýri.
5. **Goðsögn:** Ef námsskráin verður meira löguð að drengjum þá munu drengir ná betri árangri í námi.
   Raunveruleiki: Engar sannanir styðja þessa kenningu. Hún getur aftur á móti ýtt undir steríótýpur kynjanna og orðið til þess að kennarar hunsi í raun þarfir nemendanna og takmarki val drengja og stúlkna.

*HEIMILD: FYRIRLESTUR MIKES YOUNGER

ÍSLENSKIR DRENGIR OG STÚLKUR

Í PRÓFUM Nemendur í Hliðaskóla þreyta samræmt próf árið 2006.

Niðurstöður í samræmdum prófum á Íslandi, sem reyndar hafa verið afnumin, hafa verið þær að stúlkur standa sig betur en drengir í þeim. Einnig hefur PÍSA-könnunin svonefnda sýnt sömu niðurstöður. Í riti Námsmatsstofnunar, Kynjamunur í PÍSA, og samræmdum prófum 10. bekkjar sem gefið var út árið 2007 segir meðal annars:

„Stúlkur eru betri en drengir í öllum fjórum greinunum [stærðfræði, lestur, náttúrufræði og þrautalausn] og í engu landi eru yfirburðir stúlkna meiri í samanburði við drengi í sama landi.

Niðurstöður PISA um kynjamun eru í samræmi við niðurstöður samræmdra prófa á Íslandi. Stúlkur eru að meðaltali betri en drengir á samræmdum prófum 10. bekkjar. Samræmi milli niðurstaðna PISA og samræmdra prófa styður réttmæti beggja prófa og sýnir að kynjamunurinn er raunverulegur, ekki afsprengi þess mælitækis sem notað er við námsmatið.“

Vinsælastur í heimi*

Nokkur atriði um vinsældir og sætumagn tómata

Er alveg fitulaus

Íslenskir tómatar eru bragðmeiri sökum þess að þeir fá að þroskast til fulls á tómataplöntunni

Ítalir kalla tómatinn ástareplið og þykir hann afar kynörvandi

Inniheldur lýkópen sem er öflugt andoxunarefni

Til eru meira en 10.000 mismunandi tegundir af tómötum

Geymist best við stofuhita því kæling eyðir bragði og næringu tómatsins

Tómaturinn er mest selda grænmeti í heimi en meira en 60 milljónir tonna eru ræktuð ár hvert*

Er ávöxtur en vegna lítils sætumagns var tómaturinn flokkaður sem grænmeti

íslenskt grænmeti

ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

islenskt.is

ÍSLENSKA SÍA.IS SFC A4761 06/09

Lífið er … pípuorgel

Senn líður að því að 31. pípuorgelið úr smiðju **Björgvins Tómassonar** verði vígt. Hann er fyrstur Íslendinga til að nema orgelsmíð í útlöndum og vinna við iðn sína hér heima. Nú óttast hann að þetta 31. orgel verði það síðasta sem hann smíðar. *Björn Þór Sigbjörnsson* tók hús á Björgvini á Stokkseyri.

TEGUND Í ÚTRÝMINGARHÆTTU Björgvin Tómasson er smeykur um að orgelsmíði á Íslandi kunni að líða undir lok. Hann hefur aldrei fengið verkefni að tilstuðlan orgelnefndar Þjóðkirkjunnar og finnst það bæði hart og sárt. Hvað sem því líður er hann þakklátur fyrir þau verk sem hann þó hefur fengið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Björgvin smíðar orgelin sín í friðsemdinni á Stokkseyri og hefur gert síðustu ár. Áður var hann í Mosfellsbænum, þar sem hann sleit barnsskónum en þá var bærinn sá raunar sveit. „Stokkseyri er paradís og okkur hefur verið mjög vel tekið hér," segir Björgvin sem keypti sér gamalt hús í þorpinu fyrir margt löngu og notaði sem frístundahús fyrir sig og fjölskylduna. „Sumir segja að ég hafi bara keypt húsið út af nafninu. Það heitir Björgvin," segir hann og hlær. Seinna bauðst honum svo atvinnuhúsnæði til kaups á góðu verði og sló til. Hann fluttist búferlum og opnaði verkstæði sitt árið 2005. Formleg opnun var 12. október, á fæðingardegi Páls Ísólfssonar, þess mikla organista og tónlistarmanns.

Verkstæðið er í gamla hraðfrystihúsinu en hvorki er að sjá né finna að þar hafi fiskur verið unninn og frystur um árabil. „Við gerðum þetta flott og fínt en það tók sinn tíma að losna við lyktina."

Sameinar áhugamálin

Í stað fiskilyktarinnar forðum angar loftið á verkstæðinu við Hafnargötuna á Stokkseyri af dýrindis viðarlykt. Auðvitað fer fínasti viður í orgelin sem eru jú, auk annars, sómi hverrar kirkju.

En hvað rak Björgvin í orgelsmíðanám á sínum tíma? „Ég lærði tónmenntakennslu á sínum tíma og hafði mikinn áhuga á bæði tónlist og smíðum. Það má segja að ég hafi sameinað þessi tvö áhugamál og þessar tvær starfsgreinar í einni með því að verða orgelsmiður." Haustið 1978 hélt Björgvin til Þýskalands og lauk sveinsprófi frá Orgelbau Fachschule Ludwigsburg 1983. Hann starfaði í þrjú ár hjá meistara sínum en kom heim 1986 og vann í fyrstu við viðgerðir og stillingar orgela. Árið 1998 var Björgvin fenginn til að smíða lítið orgel í Akureyrarkirkju og í framhaldinu fylgdu fleiri verkefni.

Áraverk og áransverk

Nú, rúmum tuttugu árum síðar, eru orgelin orðin 30 og unnið er að uppsetningu þess 31. í Blönduóskirkju. Vígsla er áformuð um miðjan nóvember. Slíkar stundir eru stressandi fyrir orgelsmiðinn enda skiptir hvert smáatriði máli þegar orgelsmíði er annars vegar. „Þetta eru erfiðar athafnir. Það getur alltaf eitthvað komið upp á. Þegar unnið er með tré og borað og sagað getur sagkorn þvælst undir einhvern ventilinn sem orsakar að tónninn þagnar ekki. Gerist það vill maður hverfa," segir Björgvin. „En þegar komin er reynsla á hljóðfærið er gott að sitja í kirkju og hlusta á það."

Það tekur annars um eitt ár að smíða orgel. Orgelsmíði er áraverk og áransverk, segir Björgvin stundum í gríni. Verðið er jafnan um og yfir þrjátíu milljónir króna.

En Björgvin er ekki einn að verki, með honum eru tveir völundar; Jóhann Hallur Jónsson húsgagnasmiður, sem unnið hefur með Björgvini í rúm fimmtán ár, og Guðmundur Gestur Þórisson, smiður á Stokkseyri, sem kom til starfa á verkstæðinu þegar það var flutt í þorpið. Synir Björgvins, Egill og Júlíus Óttar, hafa líka unnið við orgelsmíði og viðgerðir á verkstæði föður síns undanfarin ár. Júlíus vinnur þar í dag og langar að feta í fótspor föður síns, læra iðnina í Þýskalandi.

Fær ekki alltaf að bjóða

Það eru blikur á lofti. Björgvin óttast að starfsemi hans og þar með orgelsmíði á Íslandi sé að líða undir lok. Orgelið á Blönduósi kann að verða síðasta nýsmíði Björgvins og félaga. „Við vitum ekkert hvar við erum staddir," segir hann.

Ástæðan er sambland af bágu efnahagsástandi og sú staðreynd að Björgvin hefur ekki smíðað eitt einasta orgel að tilhlutan orgelnefndar Þjóðkirkjunnar eða söngmálastjóra embættisins.

Víkjum fyrst að kreppunni. „Ég gerði samning um smíði orgels í Guðríðarkirkju í Grafarholti en þau þar vita ekki hvað þau geta gert í þessu efnahagsástandi." Auðvitað hefur kreppan sín áhrif en hitt er ekki jafn sjálfsagt og krefst útskýringa.

„Sko. Upp á síðkastið hafa verið keypt hingað fjölmörg orgel að utan. Í mörgum tilvikum hefur mér ekki einu sinni boðist að bjóða í verkin. Þetta finnst mér hart. Orgelnefndin er skipuð tveimur mönnum, báðum organistum Hallgrímskirkju. Þeir eru ráðgefandi við orgelkaup og mér finnst að ég starfi í óþökk þeirra." Björgvin telur þetta skrítið enda finnst honum að organistarnir tveir í orgelnefnd Þjóðkirkjunnar ættu að hafa áhuga á að orgelsmíð gæti þrifist á Íslandi.

Nefndarmennirnir eru Hörður Áskelsson, sem jafnframt er söngmálastjóri, og Björn Steinar Sólbergsson.

Ómöguleg staða

Björgvin segist ekki kunna almennilegar skýringar á hvers vegna orgelnefndin mæli aldrei með kaupum á orgelum frá honum en kveðst þó hafa heyrt eitt og annað. Smáfuglarnir eru víða. „Sumir segja ástæðuna þá að nefndarmennirnir tveir telji nóg komið af mínum orgelum. Aðrir segja að ég þurfi ekki að halda annað en að þeim sé launuð milliganga um kaup á orgelum erlendis frá. Í það minnsta njóti þeir einhverra fríðinda. Sé það rétt er auðvitað ómögulegt að berjast við einhverja kalla sem eru ráðgjafar og í raun umboðsmenn um leið."

Áhyggjur Björgvins eru ekki nýjar af nálinni og á sínum tíma færði hann þær í tal við Ólaf biskup Skúlason. „Ég sýndi honum lista yfir orgel landsins, hvenær ég hefði fengið að gera tilboð og hvenær ekki. Hans úrskurður var að þetta væri hrollvekja fyrir íslenska orgelsmíð. Það hefur ekkert breyst í þessum efnum síðan þá."

Sagði sig úr þjóðkirkjunni

Fyrir fáum árum bauðst Björgvini að gera tilboð í nýtt orgel í Stykkishólmskirkju. Honum blöskraði að formlegt boðsbréf þess efnis var skrifað á ensku en ekki íslensku. „Út á þetta setti ég við söngmálastjórann sem svaraði því til að allir þyrftu að sitja við sama borð. Eftir að hann lét þau orð falla sagði ég mig úr íslensku þjóðkirkjunni. Ég sat náttúrlega ekki við sama borð og kollegar mínir erlendis, verandi í þjóðkirkjunni."

Björgvin segist aðspurður síður en svo gera þá kröfu að fá að smíða orgel í hverja einustu íslensku kirkju. Hann vilji aðeins fá að starfa á jafnréttisgrundvelli. „Þetta er búið að vera basl í tuttugu ár og ég hef alltaf haft á tilfinningunni að ég starfi í óþökk þessara aðila. Ég þori samt að fullyrða að þetta eru ekki slæm hljóðfæri sem ég hef smíðað."

Þörf og ekki þörf

Um leið og útlitið er dökkt og Björgvin ósáttur við gang mála er hann fullur þakklætis í garð þess fólks sem hefur veitt honum tækifæri til að fá að smíða þau orgel sem hann jú hefur smíðað. „Það er einstaklega gaman að koma með orgel í kirkjurnar og finna fyrir ánægju fólksins," segir hann. Slíkar móttökur vonast hann til að fá í Guðríðarkirkju eftir um það bil eitt ár en þar eru blikur á lofti eins og áður sagði. „Ég er búinn að teikna orgelið og get byrjað að smíða á morgun en ef ekkert verður úr get ég lokað verkstæðinu og þar með verðum við atvinnulausir."

Af æðruleysi strýkur Björgvin yfir fallega fjöl á smíðaborðinu, fjöl sem gæti orðið framhlið í nýju pípuorgeli. „Það er enginn galdur að smíða orgel. Maður lærir það bara," segir hann og vitnar að endingu til orða sem hann lét falla í sjónvarpsviðtali við Sirrý fyrir allmörgum árum. „Hún spurði hver þörfin væri fyrir íslenskan orgelsmið. Ég svaraði því til að segja mætti að hún væri engin en líka mætti segja að hún væri næg. Þannig er það í rauninni. Það er næg þörf en það er líka hægt að halda þannig á málum að orgelsmiðsins sé ekki þörf. Það er jú hægt að kaupa þessa þjónustu í útlöndum."

SNILLINGUR Gunnar Gunnarsson, organisti í Laugarneskirkju, vinnur á eitt af orgelum Björgvins. Það var vígt í desember 2002 og án þess að Björgvin vilji gera upp á milli orgelanna sinna segir hann hljóminn í því fallegan. Þar ráði ekki síst frábær hljómburður í Laugarneskirkju auk þess sem snillingurinn Gunnar kunni með hljóðfærið að fara. Ef að líkum lætur verður leikið á það næstu 150 árin eða svo.

VÖLUNDAR Góður andi er á verkstæðinu á Stokkseyri hjá þeim Júlíusi, Björgvini og Jóhanni. Guðmundur var að gera við hús úti í bæ þegar Stefán Karlsson ljósmyndari leit í heimsókn. Fyrir framan þremenningana stendur sveinsstykki Björgvins, líklega minnsta pípuorgel landsins. Verkstæðið er í gamla frystihúsinu á Stokkseyri og þaðan er gott og róandi að horfa yfir hafið.

FERSKUR LAMBASKROKKUR
AF NÝSLÁTRUÐU
798 kr/kg

ÓDÝRT

Frábært verð!

HAMBORGARHRYGGUR
983 kr/kg
2.048 kr/kg
BAUTABÚRIÐ
52% afsláttur

GLOCK APPELSÍNU-, EPLA- EÐA MULTIVITAMIN SAFI 2l
349 kr/stk.
459 kr/stk.

30% afsláttur
KJÖTSEL
LAMBALÆRI, KRYDDAÐ
1.399 kr/kg
1.998 kr/kg

NAPOLINA PIZZABOTNAR 2x150g
196 kr/pk.
399 kr/pk.
51% afsláttur

41% afsláttur
KALKÚNABORGARAR 10stk. 800g frosnir
796 kr/pk.
1.349 kr/pk.

PRINCE POLO XXL 4 stk. í pk.
297 kr/pk.
418 kr/pk.

APPELSÍNUR
99 kr/kg
198 kr/kg
50% afsláttur

HYTOP SYKURPÚÐAR 283g
99 kr/pk.
199 kr/pk.
TILBOÐ

NETTÓ SAMLOKUBRAUÐ GRÓFT
158 kr/stk.

QI FERSKUR APPELSÍNUSAFI 1l
199 kr/stk.
249 kr/stk.

www.markonnun.is

Birt með fyrirvara um prentvillur

Tilboðin gilda 24. - 27. september eða meðan birgðir endast

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**!

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

nettó
ódýrt fyrir heimilið!

Ber sinn böggul með reisn

Snorri Már Snorrason var rétt tæplega fertugur þegar hann greindist með parkinson-sjúkdóminn. Sama dag heimsótti hann Parkinsonsamtökin og gerðist félagi. Síðan hefur hann unnið ötullega á vettvangi samtakanna og sinnir í dag starfi formanns. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* spjallaði við Snorra Má, sem nú rær lífróður fyrir samtökin sem töpuðu nær öllu í bankahruninu.

Flest höldum við að þeir sem þjáist af parkinson séu aldraðir og að sjúkdómurinn leggist sjaldan á fólk í blóma lífsins. Maður eins og Snorri Már Snorrason myndar venjulega ekki hugrenningatengsl við parkinson. En Snorri er nú samt „parki“, eins og hann kallar sig sjálfur, og starfar sem formaður Parkinsonsamtakanna. Hann er ekki nema rúmlega fertugur, vinnur fulla vinnu og er hraustlegur á að líta.

„Ég hélt vitaskuld, eins og flestir, að það væri bara gamalt fólk sem fengi parkinson. Það eina sem ég vissi var að honum fylgdi þessi skjálfti,“ segir Snorri, sem fékk greininguna í september fyrir fimm árum. „Ég fann fyrir einhverju máttleysi í hægri hendinni. Ég hafði lent í bílslysi og beltið lá yfir hægri hlið líkamans. Fyrst var talið að máttleysið gæti verið afleiðing af því. Ég var ekki viss um hvort ég hafði fundið fyrir þessu áður. Ég fór svo í góðar og miklar rannsóknir og heimilislæknirinn var staðráðinn í því að finna út úr þessu. Þegar niðurstaðan kom var ég eiginlega bara ánægður með að þetta fengi nafn. Ég á systur sem er með MS-sjúkdóminn og það þótti líklegt að ég væri með það líka. Af tvennu illu er ég þó með skárri kostinn.“

Það kom Snorra Má á óvart að það var ekki skjálftinn sem hafði mest áhrif á lífsgæði hans. „Stirðleikinn kom á óvart, og það hvað hreyfifærnin minnkar mikið. Allt gerist hægar og stundum líður mér eins og ég sé að leika í hægri bíómynd. Þessi skjálfti sem maður hafði ímyndað sér skiptir alls ekki eins miklu máli og ég hélt. Hann lýsir sér dálítið eins og fjörfiskur og honum fylgja ekki önnur óþægindi en þau að skrokkurinn er allur á ferðinni. Skjálftinn er í rauninni bara útlitsvandamál. Ég get ekki skrifað með góðu móti en það er ekki skjálftans vegna. Það er vegna þess að ég á erfitt með að hreyfa höndina.“

JÁKVÆÐUR AÐ EÐLISFARI Snorri Már Snorrason er formaður Parkinsonsamtakanna en hann greindist með sjúkdóminn tæplega fertugur. Þrátt fyrir greininguna lítur hann ekki á sjálfan sig sem sjúkling. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Af hverju að skammast sín?

Parkinsonsamtökin hafa verið mikilvægur þáttur í lífi Snorra alveg frá því hann var greindur. „Eftir að hafa fengið greininguna hjá læknunum fór ég beint niður í samtök, skráði mig og fór strax að vinna með þeim. Mér datt ekki í hug að fela það að ég væri með parkinson. Ég læt alla sem ég umgengst vita af því. Það er ekkert sem ég gerði í fortíðinni sem ég þarf að skammast mín fyrir sem veldur því að ég er með parkinson. Þetta er bara böggull sem ég þarf að bera. Ég ætla að bera hann án þess að skammast mín fyrir hann.“

Það er hins vegar algengt að parkinsonsjúklingar loki sig af, ekki síst vegna þess að iðulega fylgir sjúkdómnum þunglyndi. Stór hluti greindra parkinsonsjúklinga og aðstandenda þeirra nýtir sér ekki þjónustu samtakanna og er ekki í félaginu. Í samtökunum eru 460 manns og þar af eru 250 greindir með parkinson. Talið er að 6-700 manns séu greindir með sjúkdóminn á Íslandi. Það er því töluverður fjöldi fólks greindur sem vill ekki, telur sig ekki þurfa eða þorir ekki að koma að samtökunum. „Þessu viljum við breyta. Við viljum fá alla með og ekki síst unga fólkið sem hefur verið greint. Fólk þarf að berjast gegn þessari tilhneigingu að loka sig af. Þetta væri miklu auðveldara fyrir alla ef það væri meira um að fólk kæmi fram. Ég er klár á því að maður umgengst fullt af parkinsonsjúklingum dagsdaglega, án þess að vita af því.“

Samstaðan skiptir mestu

Snorri segir það virka hvetjandi fyrir sig að vinna á vettvangi samtakanna og umgangast aðra „parka“, eins og hann kallar þá. Auk þess finnst honum skipta máli að láta gott af sér leiða á meðan hann hefur góða heilsu til. „Ég hef ekki áhuga á að sitja úti í bæ og hugsa um hvað lítið sé gert fyrir okkur sjúklingana. Það er ekki minn stíll. Á meðan ég hef krafta vil ég vinna fyrir samtökin, svo ég hafi samvisku í það að nýta þjónustuna þegar þar að kemur.“

Ekki geta þó allir lagt á sig mikla vinnu í þágu samtakanna. „Það eitt að mæta á fundi skiptir máli. Þótt fólk taki ekki að sér trúnaðarstörf fyrir samtökin er mætingin svo mikilvæg því hún byggir upp samstöðuna og félagið.“ Hann segir ungt fólk sem greinst hefur með sjúkdóminn eiga vel heima í samtökunum. Það sé ekki síst mikilvægt fyrir það að mæta, því þar miðli fólk af reynslu sinni og segi frá því sem hefur hjálpað þeim að gera sitt líf betra. „Margir óttast að koma við hjá okkur því þeir vilja ekki sjá hvernig þeir eiga eftir að verða. En það eru til fimmtíu til sextíu birtingarmyndir af parkinson. Nýgreind manneskja getur því ekki farið inn í stóran hóp af sjúklingum og séð hvernig hún verður eftir eitt, þrjú eða fimm ár. Fólk tekur misjafnlega við meðferðum, það er í misjöfnu formi og fer misjafnlega vel með sig, fyrir og eftir greiningu. En ég er viss um að það myndi koma mörgum á óvart hvað það er mikið af hressu fólki sem mætir á fundi hjá okkur, sem lítur ekkert út fyrir að vera veikt. Þetta er fólk sem oftar en ekki er í vinnu, hefur nóg að gera og leggur mikið á sig til þess að koma fundunum inn í dagskrána sína. Fæst þeirra kalla sig sjúklinga.“

➜ HVAÐ ER PARKINSON?

Parkinsonsveiki er einn algengasti taugasjúkdómur á Íslandi. Hann stafar af því að hrörnun á taugafrumum á ákveðnu boðefnakerfi heilans veldur skorti á taugaboðefninu dópamíni. Það leiðir síðan til truflunar á samhæfingu og fínstillingu hreyfinga hjá þeim sem fá sjúkdóminn, auk annarra einkenna.

Helstu einkenni parkinsonsveiki eru hægar hreyfingar, stirðleiki, skjálfti, hokin líkamsstaða og truflun á göngulagi, lágvært og óskýrt tal og skert jafnvægi. Einkenni og framvinda sjúkdómsins eru mjög mismunandi hjá þeim sem við hann glíma.

Í dag er engin lækning við parkinsonsveiki þekkt. Einkenni sjúkdómsins aukast venjulega hægt. Lyfjameðferð dregur úr einkennum og hefur hún þróast mikið á síðustu árum.

Hér á landi greinast þrjátíu til fjörutíu einstaklingar árlega með parkinsonsveiki. Flestir eru eldri en sextíu ára en mörg dæmi eru um að mun yngra fólk hafi greinst með sjúkdóminn.

HEIMILD: „AÐ GREINAST MEÐ PARKINSONSVEIKI“ - BÆKLINGUR FRÁ PARKINSONSAMTÖKUNUM Á ÍSLANDI

Syngja og spila til að endurheimta ráðgjafann

Fjöldi tónlistarmanna kemur fram á Kertatónleikum í Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 1. október. Tónleikarnir eru haldnir til styrktar Parkinsonsamtökunum og allir listamennirnir sem að þeim koma gefa vinnuna sína. Það fé sem safnast með miðasölu rennur því óskert til samtakanna. Fjárhagsstaða Parkinsonsamtakanna er slæm og eru tónleikarnir tilraun til að rétta fjárhag þeirra við. Framlög til samtakanna voru mikil árið 2007 og var það fé sem safnaðist þá geymt í sjóðum sem álitnir voru tryggir. Við bankahrunið töpuðu samtökin nær öllu sínu fé. Því var nauðsynlegt að loka skrifstofunni og segja upp félagsráðgjafa samtakanna. Verkefni skrifstofunnar tóku félagsmenn á sig og skiptast þeir á með símavakt samtakanna. En félagsráðgjafann þykir brýn nauðsyn að fá aftur, enda gegndi hann afar mikilvægu hlutverki í öllu félagsstarfi samtakanna. Samtökin halda úti þéttri dagskrá allt árið, eru til að mynda með reglulega nýliðafundi, opið hús, jafningjastuðning og gönguhópa. Þá eru reglulega haldnir fræðslufundir. Þessu og fleiru sinnti ráðgjafinn, sem félagsmenn sakna nú mjög. Takist vel til með tónleikana og aðra fjáröflun sjá samtökin fyrir sér að mögulegt verði að ráða hann aftur í vetur.

Tónlistarfólkið sem fram kemur á tónleikunum eru Ellen Kristjánsdóttir og Eyþór Gunnarsson, Björg Þórhallsdóttir og Elísabet Waage hörpuleikari, Bjartmar Þórðarson, leikari og söngvari, Guðrún Gunnarsdóttir söngkona, Kjartan Valdemarsson píanóleikari, Magnús Eiríksson tónlistarmaður, Þórunn Lárusdóttir, leik- og söngkona, og Hjörleifur Valsson fiðluleikari.

Miðasala verður við inngang Fríkirkjunnar og hefst klukkutíma fyrir tónleikana, klukkan 19.30. Gestir eru hvattir til að greiða með reiðufé.

MAGNÚS EIRÍKSSON · ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR · HJÖRLEIFUR VALSSON · ÞÓRUNN LÁRUSDÓTTIR

Skráðu þig í
Netklúbb Blómavals
á www.blomaval.is
tilboð og fróðleikur
699
399
DARWIN túlipani
Blandaðir litir, 50 - 60 sm hár.
10 stk í pakka. 10200764
749
449
TÚLÍPANI COULEUR CARDINAL
Tromptúlipani, blómgast maí-júní, 35 sm hár.
10 stk í pakka. 10200640
599
299
KRÓKUS MIXED
Stórblóma krókus einnig, góður í ker, blómgunartími mars-apríl, 15 sm.
10 stk í pakka. 10201044
599
299
PÁSKALILJUR ST KEVERNE
Páskalilja, upprétt, gul,blómgast apríl-maí, 35 sm há.
5 stk í pakka. 10200964
Friðarlilja
tilboð
1990
2490
Helgartilboð
í Blómavali
Krókusar
50 stk
magnpakkningar
1499 kr
Túlipanar
50 stk
magnpakkningar
1499 kr
Páskaliljur
20 stk
magnpakkningar
1499 kr
Orkideur
ný sending
1990
Vefverslun
Sendum haustlauka um land allt
Kynntu þér úrvalið á nýjum vef Blómavals
www.blomaval.is
Luktir
TAX FREE
Kerti
TAX FREE
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Dalvík - Selfoss
Egilsstaðir - Reykjanesbær - Kringlan - Smáralind
www.blomaval.is

Haustdýrð í kirkjugarðinum

Í vikunni gekk *Vilhelm Gunnarsson*, ljósmyndari Fréttablaðsins, af stað í heilsubótargöngu um miðborgina með myndavél um hönd. Í gamla kirkjugarðinum við Suðurgötu birtist þeim kyrrðin í haustlitunum.

VIÐ LEIÐIÐ Enn heimsækir fólk leiðin í kirkjugarðinum á Suðurgötu, þó að sjaldgæft sé orðið að fólk sé lagt þar til hvílu.

HNIGNUN Ekki er öllum leiðum haldið jafn vel við, enda hafa sumir íbúar garðsins dvalið þar í margar kynslóðir.

SKÍNANDI REYNIBER Enn er sólin nægilega hátt á lofti til að ljósmyndarinn geti leikið sér með geisla sólarinnar.

STYTTU SÉR LEIÐ Þessar ungu stúlkur voru á leiðinni heim úr skólanum og styttu sér leið í gegnum kirkjugarðinn.

KÆRKOMIN HVÍLD Krossinn leitar ásjár hjá almáttugri náttúrunni undan álögum þyngdaraflsins.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

20 ára BÓNUS 1989 - 2009

1189

NÝSLÁTRUN HAUST 2009

K.S FERSK LAMBLÆRI AF NÝSLÁTRUÐU
MERKT VERÐ 1398 KR./KG. 15% AFSLÁTTUR **1189 kr./kg.**

489

BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 698 KR./KG. 30% AFSLÁTTUR **489 kr./kg.**

798

798 KR./KG. NIÐURSAGAÐUR Í POKA

198

INNMATUR FROSINN
- LAMBAHJÖRTU **198 kr./kg.**
- LAMBALIFUR **198 kr./kg.**

98

E.S ORKUDRYKKUR
250 ml **98 kr.**

298

GULLKAFFI
DANSKT
MEÐALBRENNT
500g **298 kr.**

Sparaðu með Bónus

1579

E.S BLEIUR **1579 kr.**

698

FERSKT BLANDAÐ HAKK
NAUT/GRÍS **698 kr.kg.**

498

E.S FROSIN JARÐARBER
1000g **498 kr.**

259

E.S HAFRAMJÖL
1500g **259 kr.**

295

E.S KORNFLEKS
750g **295 kr.**

95

E.S HVEITI *1000g*
95 kr.

159

E.S SÚKKULAÐI KEX
125g **159 kr.**

195

E.S SPAGHETTI *1000g* **195 kr.**

198

E.S BABYWIPES 72 STK **198 kr.**

498

ELDHÚSRÚLLUR 6 stk
WC PAPPÍR 18 rúllur **498 kr.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 **SUNNUD:** 12:00-18:00

YNJUR Systurnar Kristjana og Arna Guðbrandsdætur deila hrifningunni á haustinu og bókum Haruki Murakami. Þær deila líka ýmsu öðru, svo sem fjölmiðlaástríðunni. Þær standa að baki nýju veftímariti ætluðu konum sem verður hægt að nálgast á www.ynja.net á næstu dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Umburðarlyndi og kátína

Á allra næstu dögum bætist Ynjunetið við flóru vefmiðla. Á vefslóðinni www.ynja.net munu konur geta sótt sér innblástur og fræðslu um alla skapaða hluti – allt frá heilsu þeirra til hagsmuna, sushi-gerðar og bílaviðgerða. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* skellti systrunum **Kristjönu** og **Örnu Guðbrandsdætrum** í þriðju gráðu yfirheyrslu.

ÞRIÐJA GRÁÐAN

FULLT NAFN: Arna Ösp Guðbrandsdóttir.

GÆLUNAFN: Agga.

AFMÆLISDAGUR OG HVAÐA MERKISMANNESKJA DEILIR HONUM MEÐ ÞÉR: 14. júní 1978. Ég deili honum eiginlega með ömmu Böggu sem á afmæli 15. júní.

FULLT NAFN: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir.

GÆLUNAFN: Ég er stundum kölluð Dista.

AFMÆLISDAGUR OG HVAÐA MERKISMANNESKJA DEILIR HONUM MEÐ ÞÉR: 29. október 1976. Winona Ryder og langafi minn, Steingrímur Baldvinsson, deila honum með mér.

Hver er uppáhaldsliturinn þinn?
Arna: Sæblár.
Kristjana: Rauður.

Ertu orðin það sem þú ætlaðir að verða þegar þú yrðir stór?
Arna: Nei, ég hef ætlað að verða rauður vörubíll frá því ég var fjögurra ára. Það hefur enn ekki orðið.
Kristjana: Ég á nú ekki bókabúð sem er líka sælgætisbúð með súkkulaði, sælgæti og bókum uppi um alla veggi. En ég starfa samt við það sem ég hef ástríðu af, útgáfu og fjölmiðla.

Andi birtist þér og veitir þér þrjár óskir. Hvað biður þú um?
Arna: Hlébarða, jafnvægi og ást.
Kristjana: Ég bið um farsæld handa öllum. Óska þess líka að konur heimsins njóti réttinda á við karlmenn og að ég geti sungið.

Hvers konar tónlist hlustar þú mest á?
Arna: Mest á þögnina, en ef ég gæti bara haft Ólaf Arnalds sem undirspil í lífinu þá sameinar hans tónlist allt sem vekur sterkar tilfinningar með mér.
Kristjana: Þessir tónlistarmenn eru á fóninum núna: Mary Lou Williams, Joe Bataan, Jon Lucien, Mark Murphy, Two Banks of Four og Mayer Hawthorne. Elvis Presley er líka uppáhalds.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?
Arna: Goonies.
Kristjana: Ég er oftast upprifin yfir síðustu „bestu“ mynd sem ég hef séð. En ég verð að viðurkenna að uppáhaldsmyndin mín er hin súpervæmna Roman Holiday.

Besta bók sem þú hefur lesið?
Arna: Kafka on the Shore eftir Haruki Murakami.
Kristjana: Allar bækur Haruki Murakami.

Hvaða árstíð er í mestu uppáhaldi hjá þér?
Arna: Haustið.
Kristjana: Haustið.

Hvað veist þú sem við hin vitum ekki?
Arna: Mögulega hvernig heimspeki, líffræði og arkitektúr blandast í skemmtileg form í huganum.
Kristjana: Ég geymi helling af leyndarmálum.

Eftirminnilegasta tímabil lífs þíns og af hverju?
Arna: Nýliðin ár því ég hef lært svo margt.
Kristjana: Núið! Algjört ævintýri.

Hvernig matur þykir þér bestur?
Arna: Fiskur, hrár í þara og grjónum eða grillaður á kolum.
Kristjana: Ostur. Ég kikna í hnjánum yfir góðum osti.

En verstur?
Arna: Sagógrjónagrautur.
Kristjana: Spaghettí í sósu úr dós.

Hverjum ertu þakklátust?
Arna: Manninum mínum fyrir að deila með mér þeirri lífsskoðun að lífið eigi að vera fallegt og fullt af gleði. Ég er líka þakklát Vigdísi Finnbogadóttur fyrir að hafa verið töffari fyrir okkur íslensku konurnar.
Kristjana: Fjölskyldunni. Konunum sérstaklega, þær eru gáfaðar, fallegar og ljónsterkar. Karlarnir eru bara gáfaðir!

Hvar vildirðu helst búa, ef ekki í Reykjavík?
Arna: Nálægt fólkinu mínu, sem myndi búa í þorpinu sem ég keypti handa því á Spáni/Kyoto/Kalifornníu… við munum flytja frekar oft.
Kristjana: London eða Aðaldal í S-Þingeyjarsýslu. Já, eða Sauðárkróki.

Hvert er versta starf sem þú hefur gegnt?
Arna: Svei mér þá, mér hefur þótt allt skemmtilegt. Mér finnst erfitt að sitja á rassinum. Það er það versta.
Kristjana: Ætli það hafi ekki verið þegar ég vann sem nemi við þrif í aðalútibúi Landsbankans. Klósettin. Þarf ég að segja meira?

Ef þú ættir tímavél, til hvaða árs myndirðu þá fara?
Arna: Ég væri til í að kíkja nokkur ár fram í tímann, smella af mynd og sanna að við þurfum að hætta umhverfisspjöllum og bregðast við hlýnun jarðar.
Kristjana: Fyrst myndi ég vilja hitta afa minn Örnólf en hann dó áður en ég fæddist.

Fallegasta orðið?
Arna: Kátína.
Kristjana: Umburðarlyndi.

matur

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT]

september 2009

Bláberjamuffins með rjómaosti

Eftirréttur fyrir unga sælkera.

SÍÐA 2

Slátur er veislukostur

Nokkur góð ráð fyrir byrjendur í sláturgerð.

SÍÐA 7

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gæsarhjörtu og norræn ævintýri

Haustið í allri sinni litadýrð er gengið í garð. Haustið er tími fegurðar og fjölbreytileika en einnig villibráðar og uppskeru. Fréttablaðið fékk frábæra kokka til að töfra fram rétti úr villigæs.

Áveitingastaðinn Dill, sem er í Norræna húsinu í miðri Vatnsmýrinni hönnuðu af sjálfum Alvar Alto, er norrænni ævintýrahefð í eldhúsinu gefin laus taumurinn.

Tekið er á móti góðri íslenskri gæs með fögnuði á Dill og var Ómar Stefánsson, matreiðslumaður þar á bæ, fenginn til að matreiða eina slíka. Við matargerðina leitaðist hann við að nota íslenskt hráefni en starfsmennirnir á Dill leggja mikla rækt við matjurtagarðinn sinn sem er í námunda við húsnæði veitingastaðarins. Segir Ómar að svo virðist sem Íslendingar séu í auknum mæli að átta sig á því hve mikill gnægtarbrunnur íslensk náttúra sé og hve skemmtilegt það sé að leika sér með hráefni úr henni í eldhúsinu. „Ég hef aldrei vitað jafn marga fara að tína sveppi og nú,“ segir hann en að undanförnu hefur hann prófað sig áfram með hinar ýmsu tegundir matsveppa. Auk þess hafa kokkarnir á Dill prófað að sulta hvönn, kerfil og annað villt hnossgæti úr Vatnsmýrinni svo hægt sé að framlengja sumarið í krukkum.

Galdra þarf við eldun góðrar súpu

Með tímanum hefur Úlfar Finnbjörnsson matreiðslumeistari orðið jarðbundnar. Súpurnar sem hér er getið eru dæmi um þá þróun.

Þegar Úlfar Finnbjörnsson, matreiðslumeistari og starfsmaður hjá Gestgjafanum, lýsir upplifun sinni á gæsaveiðum langar jafnvel friðelskandi húsmæður í Vesturbænum að taka sér byssu í hönd og halda á gæs. Veiðar að morgni dags segir hann sérstaklega ánægjulegar. Morguninn sem hann nýtti til að veiða gæsirnar sem enduðu í súpunum sem hér er greint frá tók fyrst á móti honum með himininn prýddan tungli, því næst sólarupprás og að síðustu regnboga. „Það er ólýsanlegt að heyra fuglana vakna og sjá daginn verða til, jafnvel þótt maður veiði svo ekki neitt,“ segir Úlfar en viðurkennir þó að best sé að hafa

FRAMHALD Á SÍÐU 6



Spriklandi fersk – nýstárleg – spennandi – girnileg.

Veiðisögur og laxaréttir beint af bakkanum.

Salka

WWW.SALKA.IS

HAUSTIÐ OG GUÐDÓMURINN

Karen Dröfn Kjartansdóttir

Hvort sem maður er trúaður eða ekki held ég að ekki sé annað hægt en að finna til einhvers konar upphafins þakklætis þegar tekur að hausta og glænýtt grænmeti og ávextir gleðja augu, nef og bragðlauka fólks. Ó já! Mikið afskaplega þykir mér ánægjulegt að horfa á nýjar íslenskar kartöflur og rófur í Melabúðinni, koma heim og fá mér sopa af sólberjasaftinni hennar mömmu og maula með hafraklatta með nýtíndum bláberjum. Haustið og sú gleði sem fegurð þess og uppskera þess glæðir í hjarta mér orkar svo sterkt á mig að með mér vaknar trúarlöngun. Eða í það minnsta get ég ekki annað en fundið fyrir ríkri löngun til að þakka einhverjum fyrir að hafa útbúið svona ferskt loft, svona dásamlega rauð reyniber og látið jafn gómsætar gulrætur og gullaugu vaxa í moldinni í garðinum mínum þótt smávaxin séu.

Í Biblíunni má líka finna mikla matarást. Straumhvörf verða við matarborð, lamba er gætt, þeim slátrað og þau etin, brauð er brotið, glóandi vín drukkið úr bikurum, þakkað er fyrir uppskeruna, veislur eru haldnar og gjafir jarðarinnar taldar til marks um ást Drottins á mönnunum og velþóknun. Þess minnast guðsmennirnir í Neskirkju stundum með því að útbúa svokallaðar biblíumáltíðir í safnaðarheimili kirkjunnar í hádeginu en sú síðasta af þeim í bili var haldin í gær.

Já, örlátan segja þeir gjafarann og lífið er til að gleðjast yfir líkt og Jesús gerði hér áður fyrr. Kryddin eru dulmögnuð og með bragð þeirra á tungunni fer hugurinn á ferð um hluta af kryddleiðunum fornu og ilmur berst af fíkjum og döðlum.

Síðastliðinn föstudag var dýrasta baunarétti sögunnar minnst en hans er getið í Gamla testamentinu í sögunni um Esaú og Jakob. Sjálfsagt muna margir eftir þeim bræðrum þar sem það virtist alger skylda í skólastarfi hér á níunda og tíunda áratugnum að láta börn teikna Esaú afhenda Jakobi frumburðarrétt og það er ég nokkuð viss um að allir héldu að frumburðarréttur væri eitthvað matarkyns enda kemur matur mikið við sögu í frásögninni af þeim bræðrum. Grípum niður í söguna: „Er sveinarnir voru vaxnir, gjörðist Esaú slyngur veiðimaður og hafðist við á heiðum, en Jakob var maður gæfur og bjó í tjöldum. Og Ísak unni Esaú, því að villibráð þótti honum góð, en Rebekka unni Jakob.“ Þær eru skemmtilegar ástæður föðurástar Ísaks en meira af matarást þeirra feðga: „Einu sinni hafði Jakob soðið rétt nokkurn. Kom þá Esaú af heiðum og var dauðþreyttur. Þá sagði Esaú við Jakob: „Gef mér fljótt að eta hið rauða, þetta rauða þarna, því að ég er dauðþreyttur.“ Flestir vita hvernig fer, Jakob narrar frumburðarréttinn af bróður sínum í skiptum fyrir málsverð úr rauðum linsubaunum, tekur síðan upp nafnið Ísrael og veldur þetta allt saman miklum straumhvörfum í Gamla testamentinu. En aftur í Neskirkju. Út frá þessari frásögn lögðu kirkjunnar menn í Neskirkju síðasta föstudag og þeir sem mættu fengu þar með næringu fyrir andann og magann. Uppskriftirnar hefur séra Sigurður Árni Þórðarson útfært í takt við þær vísbendingar sem fornleifauppgröftur og frásagnir Biblíunnar og annarra rita gefa um matargerð fyrri tíma og má þær finna á heimasíðu hans.

Ég prófaði sjálf að útfæra eina þeirra með fornar frásagnir í huga auk hugvekju um samtímann og hjálpi mér! Þótt guðlausa ég telji mig þá þótti mér það alveg himnesk máltíð.

Skýringar á uppskriftatáknum:

- A Aðalréttur
- Hvunndags
- Til hátíðabrigða
- Fuglakjöt
- Grænmeti
- Annað kjöt en fuglakjöt

MYND/KOLFINNA MJÖLL ÁSGEIRSDÓTTIR

Kolfinna ásamt dóttur sinni Sölku Eik Eliasen, sex ára.

Kremaðar múffur

Í eldhúsi Kolfinnu Mjallar Ásgeirsdóttur kennara fæðast skemmtilegar hugmyndir. Þar á meðal er bláberjamuffins með rjómaostakremi sem hún segir mjög gott.

Nammi namm!

Þessi uppskrift er í miklu uppáhaldi hjá mér vegna þess hversu einföld og fljótleg hún er í alla staði. Auðvelt er að leika sér með hana, breyta aðeins til um hráefni og fá þá kannski einhverja allt aðra útkomu,“ segir Kolfinna Mjöll Ásgeirsdóttir matgæðingur um uppskrift að bláberjamuffins með rjómaosti. „Svo finnst krökkunum líka fátt eins skemmtilegt og spennandi og að setja upp svuntu og gera tilraunir með nýjar tegundir í eldhúsinu.“

Kolfinna er lítið hrifin af eldamennsku en segist alltaf til í að leggja aðeins meira á sig til að fá hið fullkomna hráefni í eftirréttagerð. „Ég er ekki eins uppveðruð af matargerðinni og myndi sennilega borða Cheerios, kökur og kruðerí í öll mál, væri ég ekki svo heppin að búa með snillingi sem eldar almennilegan mat ofan í fjölskylduna.“ - rve

BLÁBERJAMUFFINS MEÐ RJÓMAOSTKREMI

Uppskriftað 16 kökum

KÖKURNAR:

150 g smjör (ósaltað)
2 dl hrásykur
2 egg
3 dl hveiti
1 tsk. lyftiduft
1/2 dl hrein jógúrt
3 og 1/2 dl bláber, fersk eða frosin

KREM:

6 msk. rjómaostur
3 msk. 10 prósent sýrður rjómi
flórsykur eftir smekk (gott að smakka sig áfram)
smá vanillusykur
hrærið allt vel saman.

Smjör og sykur hrært létt og ljóst. Eitt egg sett í einu og hrært á milli. Hveiti, lyftidufti og berjum blandað saman við. Deigið sett í muffinsform og bakað við 200° C í um það bil 15 mínútur. Kökurnar látnar kólna aðeins áður en kreminu er smurt á og ef til vill skreytt með berjum. Tilvalið er að nota þessa grunnuppskrift og skipta um bragðefni. Setja til dæmis uppáhaldssúkkulaðið í staðinn fyrir bláber og svo framvegis.

VERSLUN SÆLKERANS

Fiskbúðin við Sundlaugaveg

„Hugmyndin á bak við búðina er að bjóða upp á ferskan og góðan fisk á góðu verði,“ segir Steingrímur Ólason, eigandi Fiskbúðarinnar á Sundlaugavegi 12. Verslunin var opnuð að nýju í apríl á þessu ári en Steingrímur hóf störf í versluninni árið 1986 en hætti þegar bróðir hans seldi verslunina til Fiskisögu sem nú er hætt rekstri.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Í Fiskbúðinni við Sundlaugaveg er fullt borð af girnilegum fiski og fiskréttum. „Við erum með mikið úrval fiskrétta og er helmingur fiskborðsins undirlagður af þeim. Þar má finna plokkfisk, fiskibollur, marineraðan fisk og fisk í hinum ýmsu sósum og einnig ýmislegt annað góðgæti eins og ostafylltar kartöflur,“ segir Steingrímur.

Steingrímur segir viðskiptin ganga mjög vel og að aðsóknin sé stöðugt að aukast. „Vinsælast í borðinu er bleikja í kóríander og lime og blönduðu sjávarréttirnir,“ segir Steingrímur.

Fiskbúðin er opin frá klukkan 9 til 18.30 frá mánudögum til föstudags en lokað er um helgar. - sg

matur kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Roald Eyvindsson og Sólveig Gísladóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Anton Brink **Pennar:** Júlía Margrét Alexandersdóttir, Karen Dröfn Kjartansdóttir, Sólveig Gísladóttir og Vera Einarsdóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson *bjarnithor@365.is*

hansgrohe

Tilboð
18.472

Hansgrohe
Focus E2
Blöndunartæki fyrir
handlaugar.

Tilboð
9.369

Hansgrohe
Croma 100 Vario
Sturtusett með „Quick Clean“ búnaði.

Hansgrohe
1001 SL
Hitastýrt sturtublöndunartæki
Stílhreint og vandað

Tilboð
21.938

ÍSLEIFUR JÓNSSON

Dragháls 14 - 16
110 Reykjavik

Sími 4 12 12 00
Fax 4 12 12 01

www.isleifur.is

Algjörar samlokur

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

» Fyrstu ryðfríu pottarnir frá Rösle gjörbyltu öllu fyrir 70 árum. Í dag eru pottarnir með Multiply „samloku"-kerfi þannig að þeir eru fljótir að hitna og kólna og dreifa hitanum einnig jafnt um pottinn, alveg upp í topp. Rösle pottarnir henta á allar gerðir eldavéla, rafmagns-, gas- og spansuðuhellur .

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is

FRAMHALD AF FORSÍÐU

gæs með sér heim. „Segja megi að byrjunin á góðri máltíð hefjist á veiðisvæðinu; sé ekki farið vel með bráðina frá upphafi verður hún ekki góður matur."

Úlfar segist alltaf njóta þess sérstaklega að elda mat sem hann hafi veitt sjálfur. Hann segist hafa gengið í gegnum mörg tímabil sem kokkur. Í fyrstu hafi hann viljað hafa uppskriftirnar sem flóknastar en með tímanum hafi hann orðið jarðbundnari. Súpurnar séu dæmi um þá þróun. Þar sé ekkert frauð að finna eða flókin fangbrögð í eldhúsinu heldur aðeins hefðbundna og góða matargerð. Galdurinn við góða súpu sé að vita að súpa geti aldrei orðið góð nema sá sem hana eldar sé í góðu skapi. - kdk

Ómar Stefánsson kokkur á Dill töfrar fram gómsæta gæs. FRÉTTABLAÐIÐ//ANTON

Nýveidd villibráð með glænýju grænmeti.

A

VILLIGÆSARMÁLTÍÐ AÐ HÆTTI ÓMARS STEFÁNSSONAR

GÆSABRINGUR

fyrir 4

2 gæsabringur
25 g smjör til steikingar
1 kvistur blóðberg
salt

Brúnið bringurnar á pönnu með smjöri og einum kvist af blóðbergi. Hitið ofninn í 160°C og setjið bringurnar inn í fjórar mínútur, takið þær út og látið hvíla. Svo þegar á að bera þær fram gefið þeim aftur fjórar mínútur í ofninum og þá eru þær klárar.

GÆSALÆRI

2 læri
1 gulrót
1 laukur
¼ sellerírót
5 einiber
5 svört piparkorn
3 lárviðarlauf
2 lítrar vatn
10 g smjör
2 kvistar blóðberg
salt

Hitið pönnu með olíu og brúnið lærin vel. Skerið gulrót, sellerírót og lauk og setið í pott ásamt kryddum og tveim lítrum af vatni. Lærin eru soðin í minst þrjá tíma eða þar til þau eru alveg meir inn að beini. Rífið svo kjötið af beinunum. Soðið af lærunum er alveg málið í sósuna með. Setjið svo kjötið af lærunum í pott með einn desilítra af soðinu og einni smjörklípu og hitið upp, saxið smá blóðberg út í og berið fram.

GÆSAHJARTA

2 msk. olía til steikingar
10 g smjör til steikingar
1 kvistur rósmarín
salt

Hitið pönnu með olíu og skellið hjartanu á. Þegar búið er að brúna báðar hliðar er smjörinu og rósmarínninu bætt við og hitinn lækkaður. Hjartað er steikt í tvær mínútur, skorið í fjóra bita, kryddað með salti og borið fram.

SVEPPAMAUK

250 g sveppir
25 g olía til steikingar
15 g eplaedik
500 ml rjómi
salt

Steikið sveppina vel í olíu og bætið eplaedikinu út, látið malla þar til edikið er næstum horfið og bætið þá rjómanum við. Látið sjóða í sirka 20 til 25 mínútur og hrærið vel í á meðan svo það festist ekki í botninum. Svo er þetta sett í blandara þar til þetta er orðið fínt mauk. Smakkast til með salti.

STEIKTIR SVEPPIR

150 g sveppir (hvaða sveppir sem er)
20 g olía til steikingar
10 g smjör til steikingar
salt

Skerið sveppina í passlega bita og steikið á pönnu með olíu og smjöri.

OLÍA MEÐ BRENNDUM BLAÐLAUK

Toppur af einum blaðlauk
2 skalottlaukar
200 ml kirsuberjaedik
100 ml repjuolía
30 ml truffluolía
1 msk. olía til steikingar

Brennið toppinn af lauknum í ofni við 250° C þar til hann er svartur, eða skaðbrenndur eins og við á Dill köllum þetta. Skerið skalottlaukinn í minni bita og svitið á pönnu í olíu. Þegar laukurinn er orðinn mjúkur, bætið þá kirsuberjaedikinu við og látið sjóða niður um helming. Setjið þetta svo í blandara ásamt brennda lauknum, truffluolíu og repjuolíu. Smakkið til með smá salti.

FINNSKUR FJÁRSJÓÐUR
Tapio Wirkkala hannaði marga flotta vasa, borð og ljós um ævina.
BLS. 2

TAFLMENN Á TRAFALGARTORGI
Spænski hönnuðurinn Jaime Hayón sýndi framsækið verk í London.
BLS. 3

heimili&hönnun

FRÉTTABLAÐIÐ LAUGARDAGUR 26. SEPTEMBER 2009

PRJÓNLES OG SULTUGERÐ

Hússtjórnarskólar landsins njóta vaxandi vinsælda meðal ungs fólks.

FRYSTIKISTUR

MEST SELDU FRYSTIKISTUR Á ÍSLANDI

Whirlpool AFG6222B
- 212 lítra frystikista
- Orkuflokkur B
- 14kg frystigeta á sólarhring
- Ein karfa fylgir
- Á hjólum
- Hljóð: 41dB
- Með lás
- Mál: (hxbxd): 86,5x80,6x64,8sm

VERÐ 79.995
FRÁBÆRT VERÐ

Whirlpool

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

Heimilistæki ht.is

EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** SÍMI 480 3700 - GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** SÍMI 464 1600 - GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** SÍMI 460 3380 - SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** SÍMI 569 1500

hönnun

● LITABOMBA Í TILEFNI AFMÆLIS

Origo-munirnir, sem Alfredo Häberli hannaði fyrir Iittala, þessir með röndótta mynstrinu, hafa notið mikilla vinsælda frá því að að byrjað var að framleiða þá árið 1999. Í tilefni af tíu ára afmæli Origo-línunnar hefur verið gerð sérstök afmælisútgáfa af kaffibollunum og skálunum en litirnir sem notaðir eru í mynstrið eru úr öllum seríunum sem gerðar hafa verið. Kokka og Epal eru meðal þeirra verslana sem selja afmælisbollana sem og upprunalega litinn, í tveimur stærðum.

● HENTUG VIÐ HEIMILISTÖRFIN



Hönnuðurinn Mikiya Kobayashi hefur gjarnan notagildi í hávegum við hönnun sína. Það sést ágætlega á þessari sniðugu ausu, sem er með slétt að neðan og má því hæglega leggja frá sér meðan gripið er til annarra tækja og tóla við eldamennskuna.

Þær eru alltaf með eitthvað skemmtilegt á prjónunum, stelpurnar í Hússtjórnarskólanum í Reykjavík, að sögn Margrétar Sigfúsdóttur skólastýru. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

!!! Vantar bíl !!!
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 200 þús. stgr. Má þarfnast lagfæringar eða skoðunnar. S. 659 9696.

Toyota Yaris óskast
á 200-350 þ. Má þarfnast lagfæringa. Uppl. í s. 821 2545.

Óska eftir góðum bíl fyrir allt að 1 millj. stgr. Verður að vera Disel, ssk. jepplingur eða station. Uppl. í s. 863 5699.

Óska eftir tveggjadyra jeppling, sjálfskiptum. Á verðbilinu 500-1.000 þús. Uppl. í síma 865 2464.

Óska eftir smábíl. 100-350 þús. Ekki eldri en '00. Helst sk. '10 S. 896 4661.

Grand Cheerokie '93-'97 6cil óskast. Má vera nr. laus. Þarf að vera þokkalegt eintak en má þarfnast einh.lagfæringar. Uppl. í s. 893 9907.

Óska e.að kaupa til niðurrifs gamla Peugeot,Daewoo,M.Benz & O.Vectra bíla.Nánari uppl. í s.661 2222.

Renult, Peugeot óskast til niðurrifs. Einnig bílar sem þarfnast lagfæringa. S. 772 6888.

VANTAR BÍL FYRIR ALLT AÐ 200 ÞÚS!
Óska eftir bíl fyrir allt að 200 þús! Smábíl fólksbíl eða jeppling, má þarfnast smá lagfæringar. S.691 9374.

Jeppar

Nissan Terrano '96 ek. 198 þús., nýl. v.d., 1 eig. V. 390 þús. Eðalvagn. S. 895 2359.

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

!! sjálfskiptur jepplingur !!
Hyundai Santa Fe V6 4x4, árg '04, ekinn aðeins 78 þús, dráttarkrókur, filmur, cd, hiti í sætum, smurbók frá upphafi, góður bíll, verð: 1.890 þús, skoða öll skipti á ódýrari, ekkert áhvílandi, uppl í s: 659-9696

Toyota Sequoia árg 01 V8 bensín ek. 118þ.km. Sjálfsk. topplúga. V:2.490 þús S: 5544525/8945066

Mitsubishi Pajero GLS 3,5 dakar árg. '05. Ekinn 63þús. Ekkert áhvílandi. Verð 3,750,000. S 893 3573

Musso á 100.000!!!
Musso árg. '97 Ek. ca 165 þ. 3,2 bensín. Með bilaða vél (ónýt blokk) Krókur. Sjálfskiptur. Verð 100.000 kr. Uppl. í s. 861 7600. Bíllinn er á Suðurnesjum.

Vörubílar

MAN 19.332 árg. '90. Ek 580 þús. Framdrif og búkki. Snjóbúnaður að framan. Pesci krani. Pallur og stóll. Uppl. í síma 862 1189.

Volvo FH12 420 6x4. Árg. '96. Ek. 505 þús. HMF 950 krani. Pallur. Stóll. Snjóbúnaður að framan. Uppl. í síma 862 1189.

MB ACTROS 1844 2007. Dráttarbíll með öllu ekinn 79 þús. uppl. 860 8051.

vagnasmidjan.is - Krókheysisgrindur
Eigum á lager og smíðum eftir óskum kaupenda. Smíðum palla af ýmsum gerðum á krókheysisgrindur. Veljum Íslenska framleiðslu. Gæði og gott verð. Sjá fleiri myndir á heimasíðu okkar: vagnasmidjan.is Eldshöfða 21 Rvk. S. 587 2200 og 898 4500.

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

Húsbílar

Til sölu húsbíll Econoline E 150 árg. '88 4.9 bensín línuvél. Bíllinn er 38" breyttur en er á 35" dekkjum. Vel útbúinn. Ath skipti á jeppa. Uppl. í s. 659 8213

Til sölu Mersedez Benz 3090, árg. „70. Fallegur bíll í góðu lagi en þarfnast viðgerðar á bremsum. Ískápur, miðstöð, eldavél, er á mjög góðum dekkjum. Uppl. í 695-5911

Mótorhjól

Yamaha XTR 660 árg. '05 til sölu. Hjól í toppstandi. Verð 850þ. S. 694 1200.

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

Síðasta bóklega bifhjólanámskeið haustsins verður haldið fimmtud. 1 október og föstud. 2 október kl. 18:00 Skráning í síma 567-0300 og á mjodd@bilprof.is Ökuskólinn í Mjódd

Heimasíða: bilprof.is

Honda crf 450 2007 til sölu ek 20 tíma verð 700 þús. S 696 6677

TILBOÐ
KTM SXF 450 árg. '07 lítið notað. Rafstart, á nýjum dekkjum og lítur vel út. Verð 530þ. S. 899 9968.



Til sölu Honda CBR 1000 RR árg. '08, svart og ekið 9.000 km. Verð 1.750.000, áhvílandi 950.000. Aðeins bein sala. Uppl í síma: 8256103.

Fjórhjól

Óska eftir að kaupa fjórhjól 4x4. Ýmislegt kemur til greina (ekki kínahjól). Staðgreiðsla. Einnig óskast stór frystikista eða frystiskápur. Má vera útlitsgallað. Uppl. í s. 866 8365.

Til sölu nýr ál pallur á pickup undir fjórhjól vélsleða eða crossara. Verð 250000 kr. Uppl. í síma 892 7687.

Kerrur

Vantar þig kerru undir fjórhjólið eða þarftu að flytja. Eigum nokkrar glæsilegar svartar kerrur. Topplausnir.is Lyngás 18, Garðabæ sími: 517-7718.

Til sölu ný kerra 1,5 m x 3,0 m sterklega byggt burðarþol. 1500 kg. galvanseruð með vatnsheldum krossvið. Verð 300.000 kr. uppl. í síma 892 7687.

Hjólhýsi

Hobby kojuhús '07 til sölu. Einstaklega fallegt hús með öllu. ATH skipti á bíl. S. 697 3434.

Fellihýsi

ER með upphitað geymsluhúsnæði fyrir Fellihýsi-tjaldvagna-hjólhýsi-pallhýsi S: 867 1282.

Óska eftir notuðum Aliner Expedition, árg. 2008 (A-hús). Uppl. í síma 896-4221

Vinnuvélar

Bátar

Valiant 750 Cruiser árgerð 2007 með nýjum Mercury 225 Optimax og nýrri Galaxy bátakerru. Verð kr. 8.750.000,- Sjósport sérhæfir sig í harðbotna slöngubátum. Upplýsingar í síma 899-4177, www.sjosport.is

Hús & Bátur
Til sölu trilla með góðum tækjum og rúllu & Einbýlishús á landsb. uppl. í s. 847 8446.

Óska eftir Sóma 800 eða sambærilegum í skiptum fyrir Ford150 árg.'05. Milligjöf staðgreidd. Uppl. í s. 893 5950.

Varahlutir

Kaupum og sækjum bilaða bíla. Hafðu samband í síma 5676700 (varahlutaverslun). Vakabílar.is

www.netpartar.is Bílapartasala
Notaðir varahlutir í nýlega bíla. Opið virka daga 9-18. S. 486 4499 & 486 4477.

Renault Megané '97-'08 Mazda 626 '97-'02
Vélar, gírkassar, sjálfskipting, bretti, hliðar- og skuthurðar, dyrastafir, stuðarar, rúður, felgur, innréttingar, airbag, pústkerfi. S. 772 6777.

Hjólbarðar

Nýjar 15" álfelgur. 4/100 S. 849 2934.

Bridgestone Blizzak stærð 235/55 R18 notuð einn vetur, frábær dekk á lexus álfelgum sem passa einnig undir Rav 4 Verð 130 þús. svona dekk kosta ný 58 þús. st. S: 861 1267.

Viðgerðir

ÞJÓNUSTA

Veitingastaðir

Illy kaffi. Heitir réttir. Súpa, brauð og kaffi á tilboði kr. 790. Tertur, pönnsur o.m.fl. Frí nettenging. Sími 555-3401.

Veislusalir

Leigjum veislusal, með eða án veitinga. Rúmar 120 manns í sæti. S. 896 1250.

Hreingerningar

GLÆSIGÓLF Gólfþrif og Bónun

Tökum að okkur öll gólfþrif, bónleysingu og bónun. Þrífum einnig sameignir. Vönduð vinnubrögð. Sími 822 0377 Björn.

Þjónusta

Garðyrkja

Gröfuþjónusta Auberts.
Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnnýjun á drenn og klóaklögnum.
Sími 892 1663.

Smágröfuþjónusta, hellulagnir, drenlagnir og öll almenn lóðavinna. Vönduð og góð vinnubrögð. Erum með vörubíl með krana. SS Hellulagnir. 691 8907. Sjá nánar á www.sshellulagnir.is

Haustfellingar
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

Trjáklippingar / fellingar / sláttur
Öll almenn garðaþjónusta. Sláttu-og garðaþjónustan. S. 577 4444 & 892 9999.

Haustklippingar!
Runnaklippingar, trjáfellingar, snyrting á trjágróðri. Alhliða umhirða garða. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. S. 848 1723.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

Málarar geta bætt við sig verkefnum, stórum sem smáum, hagstæð kjör! Uppl. í s. 773 0317.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsaviðhald

Fagþjónusta - Allt á einum stað
Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, málningu, parketlögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur niðurrif úr húsum og múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Tímavinna eða tilboð. Upplýsingar í síma 899 2420 Steingæði ehf.

Húsaviðgerðir
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

Húsaviðhald!
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Lekur þakið ?
Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598.

Aldamóta- listar, gluggar og hurðir. Trésmiðja getur bætt við sig alhliða viðhaldsverkefnum. S. 660 3533.

Lögg. rafverktaki getur bætt við sig verkefnum og viðhaldsvinnu. Föst verð eða tilboð. Sumarbústaðir og töfluskipti. S. 693 7141.

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 699 6069

Þarf að skipta um rennur, glerja eða opnanleg fög? Tilboð/tímavinna. S. 553 2171.

Húsasmíðameistari
Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, nýsmíði, viðgerðir og viðhald. Uppl. í s. 894 0031.

Tölvur

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Nudd

Whole body massage. Frábært nudd, fullkomin þjónusta. Uppl. í s 857 5015.

NUDD
Whole body massage. S. 841 8529.

Spádómar

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393.

Skemmtanir

Enn og aftur mætum við í veisluna eða partíið með ljúfu lögin & stælum best brekkusöngin hans Árna J. JoJo & Nikolaus sími: 822 4535 email: skiing@this.is

Iðnaður

Gröfum, smíðum, helluleggjum og fl. Uppl. í s. 898 9027.

Rafvirkjun

Trésmíði

smidaland.is
Nýsmíði, viðhald, gluggar, sólpallar, skálar, þakviðgerðir. Allt milli himins og jarðar. S. 772 0040.

Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki í Brother, Canon og Epson send samdægurs heim að dyrum eða í vinnuna sjá nánar á www.blekhylki.is.

Lítil járnsmiðja getur bætt við sig verkefnum. Smíða bæði úr svörtu efni og riðfríu. Uppl. í s. 862 2530.

Tek að mér fatabreytingar og viðgerðir á fötum. Áratugarreynsla. Uppl. í S 860 5581

Tek að mér að sauma fyrir fyrirtæki og hönnuði. Uppl. í s. 860 2208.

KEYPT & SELT

Til sölu



Tveir ljósabekkir með nýlegum perum, ný yfirfarnir, bjóðast gegn staðgreiðslu eða skipti. Uppl. gislis@internet.is

Þvottavél, þurrkarar og uppþvottavélar til sölu. Uppl. í s. 847 5545.

Harðfiskur(Steinbítur) 100gr 500kr. Skata(tindaskata) kæst 500gr 400kr. Sólþurrkaður-saltfiskur 500gr 1.000kr Uppl.í síma 849 9708 eftir kl:17.00

Til sölu gamlar iðnaðarsaumavélar, phaff, overlockvél, singerbeinsaumavél og phaff pelsavél, vélarnar eru yfirfarnar og í lagi. Einnig til sölu stymmpilklukka. Upplýsingar í s: 894 3151.

Lághita 0-900°C í 50l bræðsluorfn, ný element til sölu á sanngjörnu verði. S. 694 1200.

Til sölu. Queen hjónarúm, 2 náttstandar,ljósavifta, sjónvarpsskápur,skrifborð,þvottavél,þurkari, Amerískur ísskápur og vatnseiningartæki. Til sýnis á Móhellu 4D Hfj. Sunnudaginn 27 sept. Milli 13-17. S. 897 4305 eða halldoringi@visir.is

Til sölu nýlegur Beiki klæðaskápur. V. 12 þús. S. 557 4514.

Stefnuloftnet AVANTI 150 með rótor, til sýnis að Vallarbraut 4 Seltjarnarnesi.

Óskast keypt

Kaupi gull !

Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.

Leitið til fagmanns.
Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13,

Verið velkomin

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Óska eftir að kaupa 20feta gám. Upplýsingar í síma 821 0030.

Vantar auglýsingagínur með fótleggjum og handleggjum. Uppl. í s. 897 7147.

Bráðvantar ísskáp undir 150cm. Upplýsingar í síma 696 9142.

Óska eftir iðnaðar saumavélum og nappagatavél. Uppl. í s. 771 7743.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Hljóðfæri

Harmonikur og harmonikkugeisladiskar í úrvali. Tökum harmonikkur í umboðssölu. Einnig harmonikkukennsla. Sími 824 7610 & 660 1648.

Dúndurtilboð!
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 1/2 stærð kr. 7.900.- Full stærð kr 12.900.- 3/4 kr. 10.900.- 4/4 kr. 12.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 39.900 Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 79.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is.

Tónlist

Diskar-diskar-diskar
www.syngjum.com / www.syngjum.com www.syngjum.com / www.syngjum.com

Vélar og verkfæri

Sandblásturstæki MAXXSTRIP 1,5 árg. '05. með standard fylgihl. Tilboð óskast. Uppl. í síma 893 2401.

Loftpressa árg. '05 SULLAIR model '85 5m3/mn. fer 7 bör, 500l afk. Vélin er keyrð 50 klst. Verð 1,2m+vsk. Uppl. í síma 893 2401.

Skotvopn

Óska eftir haglabyssu. Hálfsjálfvirkri eða tvíhleypu. Til sölu ný rafstöð á sama stað, 220-110-12 volt. Uppl í s. 892 5023 & 557 6177

Til bygginga

'Oska eftir að kaupa. Nokkur Tonn af K10 kambstáli Sperruefni 50x255 Bílskúrshurðir, útihurðir Tilbúna Ál / Tréglugga Uppl. 660 6707.

Gegnheilt eikar-stafaparket 14mm til sölu. 50 fm2. kr. 4500 pr/fm2. S: 695 9514.

Krossviður, timbur, mótaborð, kambstál, gips og fl. uppl. í s: 840-7273 og ulfurinn.is

Verslun

HEILSA

Heilsuvörur

Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Ert þú með þurrar og/eða sprungnar hendur/fætur ?
O'Keeffe's viðgerðarkremin eru lausnin.

Kremin fást í flestum verslunum Lyfju, Apótekinu, Árbæjarapóteki, Lyfjaveri Suðurlandsbraut Lyfjavali í Mjódd, Laugarnesapóteki, Snyrtistofunni Laufið í Reykjanesbæ, Snyrtistofan Þema Hafnafirði og Snyrtistofu Grafarvogs.
Ís - Undur ehf.

www.isundur.is

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

TANTRA MASSAGE
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantratemple.com

Vandaðir ferðanuddbekkir frá 60.000 kr. Óléttuferðabekkir, lök, ofl. S: 891 6447

J. B. HEILSULIND
Dekurdagar?
Heilnudd, heitur pottur, skrúbb, snyrting, veitingar ofl. Slökun, heilun, svæða, ayur, veda, heitsteina, jurta, sogskála og hunangsnudd. Næringar, heilsu og hreyfingarráðgjöf. Einkaþjálfun. ATH. EKKERT sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18 mán-lau. Pantarnir í S. 445 5000.

Velkomin

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Kennsla

12 vikna námskeið að hefjast. Byrjendur. Allur aldur. Píanóskóli Þorsteins Gauta, Ármúla 38 S. 691 6980.

Ökukennsla

www.aksturinn.is
S. 694 9515
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Námskeið

Gastronomia Peruvian, bestu og vinsælustu Perúsku réttirnir. Lærið að elda og smakka í góðum hóp. Byrjar í okt. 7 vikur, frá hálf 6 til 11 á kvöldin. S. 552 0277.

SCHOOL OF ICELANDIC

NORSKA - ICELANDIC
ANGIELSKI dla POLAKÓW
Enska fyrir börn
Level I: 4 weeks Md to Fr; 10-11:30, st. 28/9. Level I: 4w Md to Fr; 18-19:30, st. 28/9. Level II: 4w Md to Frd 13-14:30 st. 28/9. Level III: 4w Md to Frd 15-16:30 st. 28/9. Level II: 7w Md,Wd, Frd 19:45-21:15 st. 12/10 Level III: Tues/Thur; 10 weeks 19:45-21:15. st: 12/10. NORSKA: 4 vikur mán til fös 19:45-21:15; byrjar: 12/10, 09/11 ANGIELSKI dla POLAKÓW: Level I: 4 weeks; Md to-Fr;18-19:30: 28/9. Level II: 4 w; 18:-19:30.start 26/10. ENSKA f. BÖRN: 8 vikur; kl 16:30-17:30; 9-12 ára: Þri/fim: 29/9 og Framhaldst.; fös, 1 x viku: 2/10. 5-8 ára: mán/mið: 30/10. Ármúli 5, s.5881169. - www.icetrans.is/ice

HEIMILIÐ

Húsgögn

2007 Húsgögn
Viltu losna við húsgögn og húsmuni eða aðra húsmuni? Mig vantar skrifborð, skrifstofustól og aðra skrifstofumuni. Einnig vantar mig gott sjónvarp. Auralítill en með bjarta framtíðarsýn! Uppl. s:770-2705

Antík

Antík hjónarúm 2 náttborð og snyrtiborð með spegli. Árg.1951 V.70þús S:6997356

Fatnaður

Buxnastyttingar og viðgerðir. Saumagallery Chaemsri Laugaveg 70 S. 552 1212.

Dýrahald



Til sölu Dobermann hvolpar (Tíkur)
Afhendast örmerktir, bólusettir og með ættbók frá Rex. Tilbúnir til afhendingar. Uppl. í síma 866 7214.

English Springer Spaniel hvolpar til sölu. Uppl. í síma 869 9627.

Útsala

Old English Sheepdog
Til sölu hvolpar í fyrsta sinn á Íslandi. Með ættbók frá HRFÍ. Frábærir heimilshundar, rólegir, velgefnir og góðir með börnum. Sjá www.123.is/eldeyjarhundar Uppl . í s. 898-1840.

Til sölu Silki Terrier hvolpar. Uppl. í s. 697 7860.

Vinnuhundadagur og Íslandsmeistaramót í hlýðni í boði Propac Laugardaginn 26 sept. í reiðhöll Gusts í Kópavogi. Nánari upplýsingar og dagskrá eru að finna á vinnuhundar.is og dobermann.is

100l fiskabúr með tæpl. 100 seiðum og öllum fylgihlutum. Verð 30þús. Nýtt 60l fiskabúr, m/ljósi, fiskapari og öllu. Verð 20þús. 30l fiskabúr m/sandi og dælu verð 3.500. S. 771 9953

Mjög fallegir snökkhærðir chihuahua hvolpar með ættbók til sölu. Uppl í s. 897 8848.

Dverg Schnauzer hvolpar til sölu. Með HRFÍ ættbók. Undan meistara. Uppl. í s. 772 3993

Til sölu gullfallegir og skemmtilegir Toy Puddle hvolpar. Verð 90 þús. stk. Uppl . í s. 849-8451.

Fyrir veiðimenn

Sjóstöng/Skotveiði Nýr bátur og gamall skipsstjóri. Reykjavíkurhöfn. S. 892 0099.

Hestamennska

Innréttingar í hesthús
Smíða innréttingar úr heitgalvanseruðu járni. Margra ára reynsla. Gott verð. 869 6690 Aðalsteinn.

Húsnæði í boði

Nýjar 3ja og 4ra herb. íbúðir í Hfj.
Örugg leiga. Þvottavél, þurrkari, Ísskápur, uppþv.vél, gardínur, fylgist með á www.heimahagar.is
Upplýsingar í síma 772 7553.

Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni, www.lmh.issími 517-0150.

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Fasteignir

VERSLUNARHÚSNÆÐI - LAUGAVEGUR
Til Leigu gott verslunarhúsnæði að Laugarvegi 66, 105 fm. Laust um mánaðarmótin.
Upplýsingar í s. 6603833

Sigtúnum 3, 800 Selfoss
s: 480-1100/480-1105
stadur@stad.is
STAÐUR fasteignasala

Erum með til sölumeðferðar fótaaðgerðarstofu í fullum rekstri á Selfossi.

Stofan er í eigin húsnæði við aðalgötu bæjarins, möguleiki er á að leigja húsnæðið undir reksturinn eða kaupa. Fótaaðgerðarstofan hefur verið starfrækt í u.þ.b 9 ár, hún er vel tækjum búin og hefur stóran kúnnahóp. Núverandi eigendur eru tilbúnir til að starfa áfram á stofunni.

Hér er kjörið tækifæri til að eignast gott fyrirtæki á góðum stað í fullum rekstri.

Þorsteinn Pétursson hdl. löggildur fasteignasali

Til leigu 87 fm. 4 herb. íbúð í 220 Hfj. 90 þús. + hússjóð og rafm. Uppl. í s. 690 9067.

Hverfisgata 123 við Hlemm Herb.til leigu frá 35.000 Laus strax.8963536

4 herb. íbúð í Unufelli m. sér garði, snyrtileg og fín. Laus strax. 130 þús. S. 770 2944.

HERB.TIL LEIGU MEÐ HÚSB. 8-20 FM. VERÐ FRÁ 35.000 LEIGUTÍMI ALLT FRÁ EINNI VIKU TIL MARGRA MÁNAÐA SJÁ WWW.HOTELFLOKI.IS BJARNI S.660-7799.

Til leigu herb. á sv. 105 með aðg. að eldh., þvottav., þurrkara og interneti. S. 868 1825.

2 herb. sameign. Miðb. Rvk. húsg. fylgja. Leiga 60þ. með hússj. S. 895 0482

Herbergi til leigu við Lund og Kastrup í Svíþjóð. Einnig í Rvk v/ kringluna. S. +46462406929

3ja herb.íbúð til leigu í Garðabæ, Sjálandshv.(210). Ísskápur, uppþvv. og bílageymsla fylgja. Uppl. kristingunnarsd@hotmail.com eða 867-6790.

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

R109. 2-3ja herb. kj.íbúð í fallegu og rólegu hverfi.V.79þ. takkar@visir.is; 004538800045.

Stór 2j herb. nýleg íbúð í Hraunbæ , Rvk. til leigu. Sérinngangur. Sérhönnuð fyrir hjólastól. Leiga kr. 115.000 með hússjóð. S. 898 3420.

Stúdíóíbúð ca 58 fm til leigu á svæði 105. Aðgangur að öllu. Leiga 95 þús. pr. mán. Tveir mánuðir fyrirfram. Uppl. í s. 824 1288.

2ja herb íbúð til leigu í Grafarvogi.60-70 fm. V.90þús. Uppl. í s. 696 0288.

Í boði 92ja fm íbúð. Á svæði 200. Laus strax. Á mjög góðum stað. Stutt í alla þjón. S. 894 2332.

Gott herbergi til leigu í Seljahverfi. Aðg. að baðh., eldaðst., þvottav., neti og fl. S. 891 7630.

3ja herb. íbúð í hverfi 108. Laus strax. 95þús. Uppl. sendist á leigumal@gmail.com

Kaupmannahöfn
Herb. f. einn til leigu á Amager með húsgögnum. Laus 1 okt. Uppl. í s. 0045 2820 2880.

DOWN TOWN APARTMENT
Splended 70m2 fully equipped apartment right in the center of Reykjavík. Glæsileg 70fm íbúð með öllum húsbúnaði í 101. Rent/ leiga ISK 49.000 pr. week/vika. ISK 140.000 pr. month/ á mán. Guðmundur 896 1981.

Vesturbær. Nýuppgerð 3ja herb. reyklaus íbúð með sérinng. til leigu. V 110 þús. 200 þús. trygging. S. 562 1643.

Húsnæði óskast

Óska eftir herbergi eða stúdíóíbúð til leigu í Rvk. Er 47 ára kk. sími 843 6620.

Áreiðanlegur einstaklingur vantar íbúð í kóp eða garðab. sem fyrst á sanngjörnu verði. 8562269 Ármann

Reglusöm kona óskar eftir að taka á leigu stúdíó eða 2ja herb. íbúð. Uppl. í s. 896 3934

Lítið hús eða góð íbúð óskast. Í nágrenni við Rvk. Uppl í s 770 7274

Reglusöm kona óskar eftir stúdío eða 2 herb. íbúð á Höfuðborgarsvæðinu. STRAX. Uppl. í s. 860 8858.

ÚTLEIGUAÐSTOÐ Þarftu að koma íbúð eða húsi í útleigu? Tek að mér að auglýsa, sýna og hjálpa þér að velja leigjendur. Tek einnig að mér eignaumsjón og eftirlit vegna dvalar erlendis. s. 824 4555.

Par sem vinna hjá Grund óska eftir lítilli íbúð í nágrenni. s. 845-7534.

Óska eftir 4. herb. leiguíbúð í Hlíðahverfi. Uppl. í s. 770 6409.

Óska eftir einbýlishúsi (rað/parhús) til leigu í Garðabæ. Er með börn í Hofstaðaskóla. Uppl. í s. 772 3993

Óska eftir 4 herb. íbúð á höfuðb.sv. Reglusemi áskilin. S. 848 0146, Hilmar.

Reglusamt par 30+ með 1 barn óskar eftir 3-4 herb húsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s: 6964356

Par með gæludýr óska eftir 2-3 herbergja íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Reyklaus og reglusöm, skilvísum greiðslum heitið. Góð meðmæli. Uppl. 8458400

Sumarbústaðir

4600 fm. leigulóð í landi Svarfshóls í Svínadal Hvalfjarðastrandahreppi. Selst ódýrt. Einnig 2 innbrend hollensk Dico járnrúm 2x90. S. 866 2761.

Smíðum og hönnum hús fyrir ykkur. Vanir menn, áratuga reynsla. Erum á suðurlandi. Hönnun af 64 fm hús + milliloft og 78 fm hús + milliloft fokhelt á frábæru verði. Uppl. halli@halliparket.is & 894 0048.

Atvinnuhúsnæði

Lagerhúsnæði til leigu í Hafnarfirði. 90, 180 og 360 fermetrar. Mikil lofthæð. Hagstætt verð. S. 822 4200.

Atvinnuhúsnæði til leigu að Auðbrekku í Kópav. Um er að ræða 250fm einingu með góðri lofthæð og innkeyrsluhurð. Allar frekari uppl. í s. 864 4949.

Bæjarlind 14-16 Til leigu 2-400m2 verslunar- eða skrifst.húsnæði á jarðhæð (neðstu)- norðurendi. Innkeyrsludyr, næg bílastæði, góð aðkoma. Uppl. s. 895-5053.

Skrifstofu / lagerhúsnæði
Til leigu/sölu tvö rúml. 50fm atvinnuhúsn. í Faxafeni. Hægt að opna á milli og sameina. S. 897 4912.

Óska eftir ca. 60-80 fm húsnæði til leigu, undir létta járnsmíði eða leigja pláss í lítilli smiðju. Uppl. í s. 869 6690.

Geymsluhúsnæði

120 m2 geymsluhúsnæði til leigu. Hentar fyrir tjaldvagna og fellihýsi. Upplýsingar í síma 897 6659

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176

Nokkur pláss laus í upphituðu geymsluhúsnæði fyrir tjaldvagna, fellihýsi og húsbíla í Garðarbæ. Uppl. í síma 894 1333.

Geymsluhús.is
Mjög gott 3000m2 upphitað geymsluhús í Innri Njarðvík, hjólhýsi,fellihýsi,tjaldvagnar,bílar ofl. ATH!gott verð!! Uppl, í síma 770-5144 og 770-2175

Ódýr þurr óupphituð vetrarg. á tjaldvögnum til hjólhýsa í nágrenni Rvk-ur. Uppl. í síma 8939950

Eigum nokkur stæði eftir í geymslu okkar af Kvíarhóli Ölfusi. Skráning á ferdavagnar.is eða í síma 856 1848

Húsvagnageymslan í Þorlákshöfn
Eigum nokkur pláss í upphituðu og óupphituðu rými. Verð á lengdarmeter í upphituðu kr. 7.500. í óupphituðu 5.500 kr. Uppl. í s. 893 3347.

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

Geymi tjaldvagna, fellihýsi, mótorhjól. Staðsetning Breiðholt. S. 892 4424.

Gisting

stracta CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

Frábær einbýlishús með einkasundlaug til leigu á golfvelli í Florida. Nánari uppl. á www.floridafri.is, rurik@floridafri.is og í S 618 2596.

Atvinna í boði

3 störf í Grímsey.
Fiskmarkaður Grímseyjar ehf óskar eftir að ráða 1 starfsmann í almenna vinnslu við fiskmarkaðinn. Ennfremur óskar Borgarhöfði að ráða 2 starfsmenn til þess að stokka upp línu fyrir báta í Grímsey. Hugsanlega hentugt starf fyrir par. Húsnæði í boði.
Upplýsingar í s. 893 3185 & 862 3156 & 467 3150.

Café KONDITORI Copenhagen

Café Konditori Copenhagen
Auglýsir eftir duglegu starfsfólki hálfan og allan daginn í afgreiðslu í bakarí/kaffihúsi. Uppl. í síma 864-1585, Dagbjartur.

Eld Smiðjan

Eldsmiðjan
Getum bætt við okkur harðduglegt fólk í lausráðin störf. Ef þú ert vön/vanur að baka þá gengur umsóknin þín fyrir! Hikaðu ekki við að sækja um. Eldsmiðjan framleiðir trúlega bestu pizzurnar á landinu og leggjum við mikinn metnað í flatbökurnar okkar. http://umsokn.foodco.is

VÉLVÍK

RENNISMIÐIR - FRAMTÍÐ!
Laus störf eru í boði hjá Vélvík handa rennismiðum. Óskað er eftir vönum mönnum með þekkingu og reynslu af tölvustýrðum smíðavélum.
Uppl. gefur verkstjóri í síma 587 9960 eða með tölvupósti á netfangið dg@velvik.is

Þjónustustarf óskast í dagvinnu 11-15 og Óskum eftir Kokkur 8963536 NaNaThai Skeifan 4

Starfsfólk óskast á veitingastað á Vestfjörðum, aðstoð í eldhúsi og barvarsla. S. 862-2221

TÆKIFÆRI Á SPÁNI
Til sölu nýr veitingastaður á Costa Blanca svæðinu. S. 659 8277.

Óska eftir mönnum í hellulagnir og lóðafrágang. Uppl. í sima 863-0208.

Vantar starfsmann á dekkjaverkstæði, helst vanan. Uppl. í s. 697 7474.

BÍFVÉLAVIRKI óskast á nýja og fullkomna þjónustumiðstöð. Þarf að vera vanur almennum bílaviðgerðum. Áhugasamir sendi uppl. á hvos@internet.is eða hringja í 695 7920.

Óska eftir smiðum, undirverktökum. Góð verkefnastaða. Uppl. í s. 857 6311.

Sölufulltrúi Söludeild Kreditkorts leitar að drífandi sölufólki í í símasölu í fullt starf og hlutastarf um kvöld og helgar. Leitað er að söludrífandi einstaklingum með óbilandi kraft og áhuga á að ná góðum árangri. Umsóknir sendist á starf@kreditkort.is

Lögfræðistofa Reykjavíkur

Lögfræðistofa Reykjavíkur óskar eftir að ráða tvo löglærða fulltrúa til starfa. Í boði er áhugavert framtíðarstarf hjá öflugri lögmannsstofu. Starfið hentar metnaðarfullum og dugmiklum einstaklingum. Starfssvið. Starfssvið löglærðs fulltrúa er m.a. fólgið í vinnu að lögfræðilegum álitsgerðum, skjalagerð, málflutning, stefnugerð ofl. Menntunar- og hæfniskröfur. Skilyrði er að umsækjendur hafi lokið fullnaðarprófi á sviði lögfræði - hdl. réttindi æskileg en ekki skilyrði. Umsækjendur þurfa einnig að hafa góða tölvukunnáttu, trausta og fágaða framkomu, sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði í starfi og góða færni í mannlegum samskiptum. Umsóknarfrestur er til 9.október 2009 og þurfa umsækjendur að geta hafið störf sem fyrst. Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á netfangið lr@icelaw.is merkt starfsumsókn. Nánari upplýsingar veitir faglegur framkvæmdarstjóri, Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hdl. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Atvinna óskast

2 menn óska eftir vinnu. Málarar, múrara, flísar, hellulagnir, járnabindingar, smíðar, viðgerðir, gips ofl. S. 849 2908.

Viðskiptatækifæri

Til sölu meðalstór veitingastaður á Þórshöfn. Staðurinn er vel tækjum búin og selst með húsnæði og öllum tækjum Gott viðskiptatækifæri með góðum tekjum fyrir réttan aðila. Allar nánari upplýsingar: eyrin@eyrin.is

We need help! Do you need 30-200 IKR? health.and.wealth.iceland@gmail.com

Tapað - Fundið

Hugo 20 mánaða gamall Norskur skógarfress tapaðist frá Eyjabakka í Breiðhollti 21 september. Hann er gulbrúnn á baki og hvítur á bringu og fótum með enn svartan blett á fæti. Hann er örmerktur 352206000043635. Vinsamlega látið vita í síma 845 4035 ef þið verðið var við hann. Sigurður.

Tilkynningar

HEYRNARHJÁLP

Opið hús hjá HEYRNARHJÁLP Langholtsvegi 111
Erindi um suður Grænland í máli og myndum þriðjud 29.9. kl 20:00 Rittúlkur - Tónmöskvi - Kaffitár
Ókeypis aðgangur. Allir velkomnir! Sjá nánar: www.heyrnarhjalp.is

Bjálkahús - lækkað ver
Stórglæsilegt 100 m2 bjálkahús til sölu, stendur á 5500 m2 eignarlóð. í Mýrarkotslandi,Grímsnes- og Grafningshreppi. Tilbúinn til innréttinga, heitt, kalt og rafm. að lóðarm. Ýmis skipti skoðuð, verð 13,9 m. áhv. 8,2 m Nánari upplýsingar í síma 695-2437/ tinnath@simnet.is

Ýmislegt

Skáktölva, ónotuð verkfæri, styttur, nýr uppstoppaður Lundi, fullorðins VHS spólur, klukkur, gamalt vel með farið bollastell, málverk, handunnin kirkja úr gleri og tini og ýmislegt fleira. Allt ódýrt. S: 771 9953

Einkamál

Símaþjónusta Spjalldömur
S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar

www.islendingasetrid.com íslensk stefnumótasíða með vinsælustu fítusunum af facebook.

Skemmtanir

heimili

LÆRT AÐ PRJÓNA það hefur væntanlega ekki farið framhjá nokkrum manni að það er í tísku að prjóna þessa dagana. En til er fólk sem ekki kann að velja prjóna sem henta garninu sem prjóna á úr og hefur aldrei fitjað upp eða notið þess að taka sér prjóna í hönd á síðkvöldum. Þetta fólk þarf ekki að gráta örlög sín heldur bara að taka prjónana í sínar eigin hendur og byrja. Það getur fundið upplýsingar á netinu svo sem á knittinghelp.com eða farið á námskeið hjá fagfólki. Í hannyrðaversluninni Storknum er til dæmis boðið upp á fjölbreytt námskeið í prjóni, hekli og bútasaumi í vetur. Á dagskrá eru komin nokkur námskeið sem hefjast í september og október en upplýsingar um þau má finna á síðunni storkurinn.is.

Hönnuðurinnn hæstánægður með taflið sem var til sýnis á hönnunarhátíð í London.

Frumleg framsetning

Þetta skemmtilega taflborð eftir spænska hönnuðinn Jaime Hayón, sem nefnist The Tournament, er á meðal þess sem var til sýnis á nýafstaðinni hönnunarhátíð í London.

Samanstendur taflborðið af 32 tveggja metra háum taflmönnum sem gnæfðu yfir gesti og gangandi sem áttu leið um Trafalgar-torg í miðborginni.

Mikil vinna liggur að baki verkinu og við gerð þess átti Hayón í nánu samstarfi við sérfræðinga Bosa, ítalska keramíkframleiðandans. Engir tveir taflmenn eru eins; á einhverja hefur hönnuðurinnn handmálað tákn sem vísa í sögu London. Aðrir minna í útliti á þekktar byggingar þar í borg, turna, spírala og fleira.

Sjálfur segist hönnuðurinn hafa búið í London í þrjú ár og á þeim tíma hafi hann uppgötvað ýmislegt sem hafi komið honum gjörsamlega í opna skjöldu. Hann vildi láta verkið endurspegla þessar uppgötvanir ásamt því að fá borgarbúa sjálfa og auðvitað ferðamenn nálgast sögu borgarinnar á nýstárlegan hátt.

LJÓSIN LOGA HJÁ ÓLA PRIK

Sænski hönnuðurinn Marie-Louise Gustafsson fékk þá hugmynd að breyta blýantsmjórri skissu af Óla prik í lampa sem hefur fengið nafnið MAÑANA. Útkoman er óneitanlega spaugileg en hugmyndin þó ekki alvitlaus enda minna lampar á fæti með skerm óneitanlega á slánalegan karl.

- ve

SIEMENS

Tæki færi

í september

Glæsilegar vörur nú á Tækifærisverði.
Láttu drauminn rætast.

Skoðið Tækifæristilboðin á
www.sminor.is
Umboðsmenn um land allt.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

Fréttablaðið er með **106%** meiri lestur en Morgunblaðið.

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir.

Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.

Meðallestur á tölublaði á höfuðborgarsvæðnu, 18 – 49 ára.
Könnun Capacent í maí 2009 – júlí 2009.

Allt sem þú þarft...

BAROKK SNÝR AFTUR, EN NÚ Í LITUM Barokkið á aðra innkomu í vetur en nú er það öllu litaglaðara, í bláum og jafnvel gulum tónum.

Ítölsku hönnuðirnir hjá Byblos Casa fylgja barokkinu úr garði með þessu forláta borði sem er í fagurbláu og brúnu þema.

Antíkborðstofustólar verða vinsælir í vetur og þeir sem ekki búa svo vel að eiga einn eða tvo slíka geta til að mynda litið við í versluninni Fríðu frænku. Jafnvel athugað í leiðinni hvort ekki finnist í búðinni spegill með ramma í barokkstíl. *- jma*



Efstu þremur borðplötunum er hægt að snúa í hringi og láta þær staðnæmast sitt á hvað.
MYND/DESIGN HOUSE STOCKHOLM

Húlaborð

Twist-borðið er hugarfóstur hönnuðarins Philips Edis en það er innblásið af trúðum sem hann fylgdist með leika listir sínar með húlahringi á sínum yngri árum. „Ég reyni að fanga þær fallegu hreyfingar sem verða til þegar húlað er með mörgum hringjum í einu," segir hann.

Hægt er að snúa efstu þremur borðplötunum í hringi og láta þá staðnemast sitt á hvað. Notagildi borðsins er auk þess mikið enda dreifist geymsluplássið á þrjár hæðir. Engu að síður tekur það lágmarkspláss.

- ve

heimilið

Sítrónuilmur getur gert kraftaverk.

● HEIMILISÚÐI FÆST VÍÐA Nú þegar haustar og við fáum ekki lengur ferskan blómailm eða lykt af nýslegnu grasi inn um gluggann hjá okkur þarf heimilisfólk að taka til sinna ráða til að koma með góðu lyktina inn. Sér í lagi þegar búið er að brasa fiskmáltíð um kvöldið eða sjóða bjúgu.

Hægt er að fá góðan ilm frá Crabtree and Evelyn; sítrónuilm má fá hjá Tekk-Company í Holtagörðum og í Blómavali. L´occitane í Kringlunni býður líka upp á heimilisilm, til að mynda með lavenderlykt og svo er hægt að kaupa ágætis hibýlailm í stórmörkuðum. Ekki er heldur úr vegi að kaupa sér ilmkerti og kveikja á því.

WWW.DALE.IS

// NÁÐU FRAM ÞVÍ BESTA

„VIÐ VINNUM MEÐ STJÓRNENDUM FYRIRTÆKJA AÐ ÞVÍ AÐ AUKA ÁRANGUR, MEÐ ÞVÍ AÐ EFLA HÆFNI STARFSFÓLKS."

Berum athyglinni að einstaklingum á ný með Dale Carnegie þjálfun! – upprunalegu og enn bestu leiðinni til að þróa mannlegu hliðina.

// DALE CARNEGIE NÁMSKEIÐIÐ
12 vikna opin námskeið hefjast:
7. október, miðvikudaga, 08:30–12:00
15. október, fimmtudaga, 18:00–22:00

// LEIÐTOGAÞJÁLFUN FYRIR STJÓRNENDUR
7 vikna opið námskeið hefst:
15. október, fimmtudaga, 08:30–12:00

// ÁRANGURSRÍK SALA
8 vikna opin námskeið hefjast:
29. september, þriðjudaga, 08:30–12:00
26. október, mánudaga, 08:30-12:00

// ÞJÓNUSTA
8 vikna opið námskeið hefst:
7. október, miðvikudaga, 08:30–12:00

// ÁHRIFARÍKAR KYNNINGAR
2 daga opið námskeið hefst:
5. október, mán/þri, 08:30–16:00

// AKUREYRI DALE CARNEGIE NÁMSKEIÐ
3 daga opið námskeið hefst:
23. október, fös., lau. og sun, 9:00–17:00

// FRÍR KYNNINGARTÍMI
Fylgstu með á www.dalecarnegie.is eða hringdu og tryggðu þér frítt sæti.

„Í síbreytilegum nútímanum getur verið erfitt að hafa sjálfstraust til að takast á við allar þær breytingar sem verða á ferlum, tölvukerfum og vinnulagi. Við vildum aðstoða okkar fólk við að aðlagast breyttu umhverfi og stuðla að áframhaldandi velgengni þeirra í starfi.

Á námskeiðinu unnu starfsmennirnir hagnýt verkefni sem nýttust beint í starfi jafnóðum og þau voru unnin. Námskeiðið var jafnframt mjög krefjandi þar sem verkefnin voru ögrandi og gera miklar kröfur til þátttakenda. Það var því gríðarlega stoltur hópur sem kynnti árangur sinn fyrir stjórnendum í lok námskeiðsins. Mikil viðhorfsbreyting átti sér stað í hópnum og sjálfstraust og starfsánægja óx í kjölfarið.

Vel þróað námsefni og gríðarlega hæfir þjálfarar er það sem gerir námskeið hjá Dale Carnegie að góðri fjárfestingu."

Anna Rós Árnadóttir, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs VÍS

HRINGDU OG TRYGGÐU ÞÉR SÆTI Á NÁMSKEIÐ Í HAUST Í SÍMA **555-7080** EÐA SENDU OKKUR LÍNU Á **UPPLYSINGAR@DALE.IS**

Ath. Stéttarfélög og starfsmenntasjóðir niðurgreiða þjálfun í mörgum tilfellum bæði til einstaklinga og fyrirtækja.

// LEIÐTOGAÞRÓUN // ÁRANGURSRÍK SALA // SKULDBINDING STARFSMANNA
// BETRI FERLAR // ÞJÓNUSTA // ÁHRIFARÍKAR KYNNINGAR

DALE CARNEGIE® ÞJÁLFUN

Við gerð góðrar súpu þarf galdra sem felast í góðu skapi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þrír úlfar og gæs. Úlfar Finnbjörnsson matreiðslumeistari ásamt úlfhundunum sínum tveimur með gæsasúpuna góðu.

GÓMSÆT VILLIGÆSASÚPA

GÆSAGÚLLASSÚPA

fyrir 6

4 gæsalæri
salt og nýmalaður pipar
4 msk. olía
2 ½ dl hvítvín eða mysa
1 laukur, smátt saxaður
2 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir
1 paprika, skorin í litla bita
1 gulrót, skorin í litla bita
1 sellerístilkur, skorinn i litla bita
2 tsk. paprikuduft
½ tsk. kúmín
1 ½ msk. hveiti
1 lárviðarlauf
9 dl villibráðar- eða kjúklingasoð, eða vatn og kjúklingakraftur
400 g niðursoðnir tómtar í bitum
15 g þurrkaðir villisveppir, lagðir í vatn í 20 mín.
100 g kjörsveppir, skornir í bita
¼ tsk. cayenne pipar
6 msk. sýrður rjómi eða grísk jógúrt

Kryddið lærin með salti og pipar og steikið í 2 msk. af olíu á vel heitri pönnu þar til lærin verða gullinbrún. Takið þá lærin af pönninni og setjið í pott. Bætið hvítvíni á pönnuna og sjóðið niður um helming. Hellið þá vininu í pottin. Kraumið laukinn, hvítlaukinn, papriku, gulrætur, sellerí og sveppi í afganginum af olíunni í þrjár til fjórar mínútur. Þá er paprikudufti og kúmíni bætt á pönnuna og kraumað í tvær mínútur í viðbót. Hveitinu er þá stráð yfir grænmetið og kraumað í tvær mínútur. Hærið stöðugt í með sleif á meðan. Hellið þá grænmetinu í pottinn, ásamt soðinu, niðursoðnu tómötunum og cayenne-piparnum og sjóðið við vægan hita í 60 til 80 mínútur, eða þar til kjötið af lærunum er orðið mjúkt. Takið þá lærið upp úr súpunni og skerið kjötið í teninga. Setjið þá teningana aftur í pottinn og sjóðið í fimm til tíu mínútur og smakkið til með salti og pipar. Setjið súpuna í skálar og bætið einni matskeið af grískri jógúrt í hvern disk og skreytið með til dæmis kóríander- eða óreganólaufum.

GÆSAMAUKSÚPA MEÐ VILLISVEPPUM

2 msk. olía
4 gæsalæri
salt og nýmalaður pipar
20 g þurrkaðir villisveppir, lagðir í volgt vatn í 20 mín.
100 g kjörsveppir, skornir í sneiðar
1 l villibráðar- eða kjúklingasoð eða vatn og 1 msk. kjúklingakraftur
½ dl brandí
1 dl púrtvín
sósujafnari
1 dl rjómi
4-6 msk. léttþeyttur rjómi

Kryddið lærin með salti og pipar og kraumið í olíu í potti í þrjár til fjórar mínútur eða þar til lærin verða fallega brún. Bætið þá kjörsveppunum í pottinn og kraumið í tvær mínútur. Kreistið þá vatnið af villisveppunum og setjið í pottinn ásamt tveimur desilítrum af sveppavatninu, villibráðarsoðinu, brandí og púrtvíni. Sjóðið við vægan hita í eina og hálfa klukkustund. Takið þá lærin upp úr pottinum og skerið kjötið af beinunum. Skerið kjötið í litla bita og setjið aftur í súpuna. Látið sjóða í tíu mínútur í viðbót. Maukið þá súpuna með töfrasprota eða í matvinnsluvél. Þá er rjómanum bætt í súpuna og smakkað til með salti og pipar. Berið fram með léttþeyttum rjóma.

GEYSIR BISTRO BAR

Helgarmatseðill
Weekend special

Forrréttur:
Ofnbakaðir humarhalar m/humargljáa
Owenbaked lobstertails w/ Lobster glaze

Aðalréttur:
Nautalundir og Hreindýr m/rösti kartöflu, svepparagú og eplasósu
Beeftenderloin and raindeer v/ rosti potado, mushroomragu
and applesauce.

Eftirréttur:
Ítalskur vanillu búðingur m/mangó
Mango panna cotta

Aðeins Kr. 4.900,-
Verði ykkur að góðu.

Geysir Bistro & Bar Aðalstræti 2, 101 Reykjavík, Sími: 517 4300, www.geysirbistrobar.is

LEYNIVOPNIÐ

BREYTIR FALLEGRI STEIK Í LISTAVERK

„Hnífurinn er það sem hver matreiðslumaður passar best upp á,“ segir Bjarni Gunnar Kristinsson, yfirmatreiðslumaður á Grillinu á Hótel Sögu, um leynivopnið sitt í eldhúsinu.

„Góður hnífur getur breytt fallegri steik í listaverk, líkt og slæmur hnífur getur breytt henni í hakkabuff,“ segir hann glaðlega og mundar japanskan hníf sem hann segir að öllum matreiðslumönnum þyki gaman að eiga. „Ef maður hugsar vel um hann er þetta hnífur sem nýtist við öll helstu störfin í eldhúsinu.“

Bjarni Gunnar með japanska hnífinn sem hann lánar ekki nema nánustu vinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

En hvernig á að hugsa um svona hníf? „Aðalmálið er að strjúka yfir hann þannig að hann sé hreinn og fínn og brýna hann öðru hvoru,“ útskýrir Bjarni. Þá er uppþvottavélin algert bannorð þegar kemur að hnífum. „Þetta er hnífur sem þú hugsar vel um og lánar ekki nema nánustu vinum,“ segir hann og hlær.

Aðspurður segir Bjarni kokka læra að brýna hnífa á námsferlinum enda sé gott bit nauðsynlegt í eldhúsinu. „Menn eiga frekar á hættu að skera sig á bitlausum hnífum enda þarf að beita meira átaki á þá,“ segir Bjarni.

Bjarni sér fyrir utan vinnu sína á Grillinu um þáttinn Eldum íslenskt sem sýndur er á ÍNN á mánudögum á tveggja tíma fresti frá átta um kvöldið og fram eftir. „Við erum búnir að sýna þrettán þætti af tuttugu,“ segir hann en í hverjum þætti er tekið fyrir eitt íslenskt hráefni. Því er fylgt frá bónda, farið yfir sögu þess og notagildi. Að lokum eru landsliðskokkar eða aðrir þekktir matreiðslumenn fengnir til að elda úr hráefninu.

„Við leggjum áherslu á að hafa þetta einfalt og gefa frekar auðveld ráð sem hægt er að nota heima í staðinn fyrir að gera hlutina flókna,“ segir Bjarni og snýr sér að eldhússtörfunum á ný. - sg

YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT

Síðumúla 15, símar 588 5711 & 694 6103
www.yogaheilsa.is • yogaheilsa@yogaheilsa.is

YOGA • YOGA • YOGA

Morguntímar, hádegistímar, síðdegistímar og kvöldtímar.
Líkamsæfingar, öndunaræfingar, slökun og hugleiðsla.

Sértímar fyrir barnshafandi konur, byrjendur og lengra komna.

4ra rétta tilboð

og nýr A la Carte

· **Reykt önd** með fíkjum, valhnetum og rauðvínsgljáa ·
· **Humarsúpa** rjómalöguð með grilluðum humarhölum ·
· **Lambahryggur** með lambaskanka og rósmarínsósu ·
* EÐA *
· **Fiskur dagsins** útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar ·
· **Skyr “Tonka crème brûlée”** með karamelluís ·

6.990 kr.

Hægt er að panta 4ra rétta seðilinn
með sérvöldu víni með hverjum rétti: 10.990 kr.

Hringbrot

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - perlan@perlan.is - www.perlan.is

Spæld egg og sláturafurðir eru fyrirtaks samsetning yfir vetrartímann.

NORDICPHOTOS/GETTY

Sumir nota fjallagrös og saxað hvítkál saman út í blóðmörinn.

Steikt lifrarpylsa er dásamlega góð en munið að nota ekki feiti við steikinguna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sláturkennsla FYRIR BYRJENDUR

Margir láta sig dreyma um að taka hressilega til hendinni með vinum og fjölskyldu og fara út í alvöru sláturgerð. Ekki eru þá allir svo heppnir að eiga ættarhöfðingja sem getur leiðbeint og sagt til. Hér eru nokkur grunnskref.

Reyndar húsmæður segja að best sé að sauma vambirnar daginn áður en hin eiginlega sláturgerð hefst. Nú má reyndar kaupa vambirnar forsaumaðar en fyrir þá sem þyrstir í saumaskap fylgir mjúkt bómullarband oft með sláturpakkanum sem keyptur er. Mikilvægt er að sauma keppina með gisnum sporum og muna að hafa opið sem skilið er eftir ekki of þröngt. Úr hverri vömb eru sniðnir fjórir til sex keppir. Áður en að saumaskapnum kemur þarf þó að skola hreinsaðar vambir úr köldu vatni og skafa og hreinsa þær ef með þarf, gæta þess þó að þær rifni ekki. Hægt er að geyma vambirnar í saltvatni í kæliskáp í nokkra daga, þannig að þær má sauma og hvíla sig svo áður en að eiginlegri sláturgerð kemur.

Þá er að hreinsa mörinn, en eitlarnir eru þá hreinsaðir frá. Brytjið mörinn niður, oftast er talað um að hafa hann á stærð við litla sykurmola. Mörinn má líka geyma í kæliskáp þangað til honum er blandað saman við en ekki mikið lengur en dag. - jma

NORDICPHOTOS/GETTY

Blóðmörinn er svo hægt að nýta á óvenjulegan hátt. Til að mynda skella honum saman við gott grænt salat og hnetur.

A

BLÓÐMÖR OG LIFRARPYLSA

BLÓÐMÖR

(í 15 keppi)

1 l blóð
2 dl vatn
1 msk. salt
400 g haframjöl
500 g rúgmjól
500 g mör

Blóð og vatn er síað saman gegnum fíngert sigti. Hrærið salti saman við þar til það leysist upp og gott er að nota bala. Hrærið haframjöli saman við með sleif og svo rúgmjölinu en blandan á að vera örlítið þynnri en lifrarpylsuhræran. Að lokum fer mörinn saman við. Saxað grænkál og fjallagrös eru oft notuð í blöðmör og þykja góð með en þá þarf aðeins minna af mjöli. Hálffyllið keppina og saumið fyrir. Notið sömu aðferð við suðu og geymslu og í lifrarpylsuuppskriftinni.

LIFRARPYLSA

(Í 12 keppi)

4 stk. nýru
2 stk. lifur
1 msk. salt (má vera örlítið minna)
1/2 l mjólk, undanrenna eða kjötsoð
150 g haframjöl
50 g hveiti
400 g rúgmjöl (má einnig nota heilhveiti)
500 g mör

Skolið lifur og nýru, skerið í bita, hreinsið stærri æðar úr og setjið svo í hakkavél. Gott er að hakka hráefnið tvisvar ef vélin er gróf. Saltinu er blandað saman við mjólkina (sumir setja líka 3 til 4 msk. af sykri með) og hrært saman þar til saltið er uppleyst. Gott er að nota stóran bala undir allt saman. Blandið kjöthakkinu og mjöli smám saman út í vökvann og mörnum skal blanda saman við síðast. Gott er að miða við, til að fá rétta þykkt á deigið, að það renni ekki út sé það sett á disk. Það á bæði við blóðmör og lifrarpylsu að strjúka þarf vætuna vel af keppunum þegar þeir eru teknir úr saltvatninu. Ekki setja of mikið af hrærunni í hvern kepp, gott er að miða við að helmingsfylla. Saumið fyrir gatið, strjúkið keppinn og jafnið þannig innihaldið (og passið að ekki myndist loftbólur). Þá keppi sem á að geyma og ekki sjóða strax í matinn má setja í frystikistuna, en mikilvægt er að koma óðsoðnum sláturafurðum eins fljótt og hægt er í frost. Slátur geymist í 6 til 8 mánuði í frysti.

Þá keppi sem á að hafa til matar skal hins vegar sjóða strax. Setjið ekki of marga keppi í pottinn, það er betra að rúmt sé um þá. Þegar keppirnir fljóta upp skal stinga í þá með nál og hleypa loftinu út. Suðutími er þrjár klukkustundir.

36%

Áhorf á fréttir hefur aukist um 36% milli ára

40%

Áhorf á Ísland í dag hefur aukist um 40% milli ára

STÓRAUKIÐ ÁHORF
Á FRÉTTIR STÖÐVAR 2 OG ÍSLAND Í DAG!

Tölurnar tala sínu máli. Um leið og við þökkum áhorfendum frábærar viðtökur, bendum við auglýsendum á þennan skýra valkost.

skemmtilegri

* Skv. rafrænum mælingum frá Capacent í 12-80 ára aldurshópi, meðaláhorf á mínútu fyrstu 8 mánuði ársins.

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

VIÐ MÆLUM MEÐ...



... VILLIBRÁÐ enda stendur gæsaveiðitímabilið nú sem hæst. Villibráðin er mjög bragðgóð þótt sumir þurfi vissulega að venjast bragðinu. Uppskriftirnar eru yfirleitt mjög einfaldar og því auðvelt að komast á lagið að matreiða góða gæs eða hreindýrasteik.

...VEITINGASTAÐNUM RÁNNI í Keflavík sem hefur verið við lýði í tuttugu ár. Það er merkisatburður enda geta fá veitingahús hér á Íslandi státað af því. Frá Ránni er fagurt útsýni á upplýst bergið og yfir sjóinn í átt til Reykjavíkur.

... ROYAL-BÚÐINGI sem eitt sinn var klassískur eftirréttur á borðum Íslendinga. Hann er kannski ekki eins vinsæll í dag en stendur ávallt fyrir sínu hvort sem hann er með súkkulaði-, karamellu- eða vanillubragði.

... GRILLUÐUM SILUNGI MEÐ HUNANGI. Það er ótrúlega gott að grilla silungsflak í heilu lagi á álbakka, skera í hann ræmur og fylla af gráðaosti, strá yfir sítrónupipar og enda á því að setja smá hunang yfir. Ekki skemmir að hafa það íslenskt.

Fann mikinn mun innan 3ja vikna
Margrét Óskarsdóttir

Frábært að hægt sé að bæta ástand liðanna með náttúrulegu efni

Ég þurfti að fara í skurðaðgerð 1991, þar sem ég var með of löng liðbönd og var að smella úr lið í tíma og ótíma. Þannig að farið var að kvarnast upp úr liðbrjóskinu. Eftir aðgerðina minnkuðu verkirnir en hurfu ekki. Að ganga niður stiga og langar stöður ollu sárum verkjum. Starf mitt krefst þess að ég þarf að standa mikið og var það ekki auðvelt.

Reyndi margt
Ég hef reynt margar leiðir til að minnka verkina án þess að nota verkjalyf sem því miður dugðu ekki. Með árunum jukust verkirnir og útlitið var ekki bjart.

NutriLenk til sölu á Íslandi
Fyrir tæpu ári frétti ég af nýju bætiefni, NutriLenk, sem er vinsælt efni í Noregi og Svíþjóð, hjá fólki sem er með slitna og auma liði. Satt að segja var ég ekkert sérlega jákvæð á að NutriLenk gæti hjálpað mér frekar en margt annað en sló til, enda allt tilvinnandi. Byrjaðiá að taka inn 6 töflur á dag í tvær vikur samkvæmt ráðleggingum og eftir það 2 töflur á dag.

Eftir 2-3 vikur fann ég greinilegan mun
Já, það ótrúlega gerðist, ég fann greinilegan mun eftir 2-3 vikur á NutriLenk

Nú tæpu ári seinna er ég nánast verkjalaus og einnig eru verkir vegna slits í fingrum horfnir.

Ég tek nú inn 2 töflur af NutriLenk á dag og ég get sannarlega sagt að NutriLenk hefur gert kraftaverk fyrir mig.

Það að standa við afgreiðslu, ganga niður brekkur og stiga er ekki stórmál lengur ...

Ég horfi bjartsýn til framtíðar, NutriLenk er himnasending fyrir mig og frábært að það skuli vera hægt að bæta liðheilsuna með náttúrulegu efni segir Margrét að lokum.

Hvað getur NutriLenk gert fyrir þig?

Með árunum rýrnar brjóskvefurinn sem veldur því að liðirnir slitna. Þetta er náttúrulegt ferli. Mjög margir finna fyrir miklum óþægindum þegar beinin byrja að núast saman, sérstaklega í stóru liðamótum eins og í mjöðmum, hryggjar-og hnjáliðum. Þess vegna er allt tilvinnandi að styrkja liðbrjóskið á náttúrulegan hátt.

Heilbrigður liður

Liður með slitnum brjóskvef

Náttúrulegt byggingarefni fyrir liðbrjóskið
NutriLenk inniheldur náttúrulegt byggingarefni fyrir brjóskvefinn og er mjög góður valkostur fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóski. Unnið úr sérvöldum fiskibeinum úr hafinu sem hefur sýnt fram á að vera fyrsta flokks byggingarefni til að styðja við brjóskvefinn og viðhalda honum.

Vara ársins!
NutriLenk hefur hjálpað fjölmörgu fólki.
NutriLenk var valið heilsuvara ársins 2004 í Noregi.
NutriLenk er 100% náttúruleg vara sem er mjög gagnleg þeim sem þjást af brjóskvefsrýrnun.
Prófið sjálf-upplifðu breytinguna!

NutriLenk er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum, Fræinu Fjarðarkaupum og stærri Hagkaupsverslunum.

Mikilvægt er að annast sig vel allt lífið.
Mjög nauðsynlegt er að neyta góðs kalks með D-vítamíni fyrir beinin. KOLOS er t.d. góður kostur, öflugt D-vítamín með kalki. 1 glas af KOLOS inniheldur 180 töflur sem er 6 mánaða skammtur og á góðu verði.
Umboðsaðili: Gengur vel ehf.,

Efnalaugin Björg
Áratuga reynsla og þekking - í þína þágu
...alltaf í leiðinni
EFNALAUGIN BJÖRG
EFNALAUG ÞVOTTAHÚS
Háaleitisbraut 58-60 • Sími 553 1380
www.bjorg.is
Opið: mánudaga - fimmtudaga 8⁰⁰ - 18⁰⁰ • föstudaga 8⁰⁰ - 19⁰⁰ • laugardaga 10⁰⁰ - 13⁰⁰

MÆLISTIKAN

■ Á uppleið

Uppháir sokkar veturinn nálgast og þeir eru bara svo smart yfir leggings og sokkabuxur.

Open Office-hugbúnaðurinn Af hverju að borga fyrir hugbúnað sem hægt er að fá ókeypis annars staðar? Allt sem er ókeypis er gott.

Prjónaskapur Það er ekkert betra en nýprjónuð, hlý og mjúk peysa, eða bara ullarsokkar, til að mæta vetrinum í.

Gönguferðir Haustinu fylgir litadýrð sem bannað er að missa af þótt það sé farið að kólna.

■ Á niðurleið

Fótbolti Pepsi-deildinni er loks að ljúka sem veitir tilvalið tækifæri til að hvíla sig á fullorðnu körlunum í boltaleiknum og fara að spá í eitthvað annað.

Gervineglur Langar ferhyrndar nornaneglur með hvítum endum hafa aldrei verið og munu aldrei verða smart. Þær eru eitthvað svo Ungfrú Ísland.

Að vera slísí Það er bara eitthvað sorglegt við aggressífa viðreynslu á börum eða partíum.

Tilgerð Það er alveg glatað að heyra gáfulegar einræður frá fólki í partíum sem hefur í raun ekki hugmynd um hvað það er að tala.

Tilboðsdagar

Hefjast 28. sept.

TENGI

Ifö Next sturtuklefi 80x80
Tilboð kr. **99.900,-**

Allar baðinnréttingar á 35% afsl.

Sphinx salerni + seta
verð áður kr. 43.385,-
Tilboð kr. **19.800-**

Mora eldhústæki
Verð áður kr.17.704,-
Tilboð kr. **9.960,-**

Intra Horizon stálvaskar
Verð áður kr. 52.814,-
Tilboð kr. **39.900,-**

Mora Cera baðtæki
Verð áður kr. 42.140,-
Tilboð kr. **24.900,-**

Mora Cera sturtut. M/niðurst.
Verð áður kr. 27.613,-
Tilboð kr.**17.430,-**

Mora handlaugartæki
verð áður kr. 17.014,-
Tilboð kr. **9.960,-**

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050
Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 • www.tengi.is • tengi@tengi.is

Nýr matseðill
á Ruby Tuesday

17 nýir réttir
til að gæða sér á
Komdu í heimsókn

RubyTuesday
BRAGÐGÓÐ SKEMMTUN

Höfðabakka 9 & Skipholti 19 Sími 577-1300

PIPAR • SÍA • 91265

OLIVIA NEWTON-JOHN ER 61 ÁRS Í DAG.

„Ég er hamingjusöm, og ég held að hamingjan haldi manni ungum.“

Olivia Newton-John er söngkona og leikkona, þekktust fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni Grease.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 26. SEPTEMBER 2006

Stóriðjustefnu mótmælt

Á bilinu tíu til fimmtán þúsund manns gengu mótmælagöngu niður Laugaveg þennan dag árið 2006 til þess að mótmæla stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar. Þetta voru fjölmennustu mótmæli í landinu frá því um 30 þúsund manns söfnuðust saman á Lækjartorgi hinn 24. maí 1973 til að mótmæla herskipaíhlutun Breta í íslenskri lögsögu, þegar landhelgisdeilan stóð sem hæst.

Mikið fjölmenni gekk með Ómari Ragnarssyni gegn framkvæmdunum við Kárahnjúka. Ómar gekk í fararbroddi ásamt Vigdísi Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands, og Guðmundi Páli Ólafssyni náttúrufræðingi.

Straumur fólks niður Laugaveginn virtist óendanlegur, líkt og þungbeljandi jökulfljót. Ómar Ragnarsson líkti sjálfum sér og hinum mótmælendunum við litla vatnsdropa sem saman mynduðu stóra og óstöðvandi heild.

MÓTMÆLT Ómar Ragnarsson, Vigdís Finnbogadóttir og Guðmundur Páll Ólafsson.

Þar sem engin bréfalúga var á Alþingishúsinu afhenti Ómar í lok dagskrárinnar húsverði í Alþingishúsinu bréf með tillögum sínum að þjóðarsátt þar sem tilgreint var hvernig hætta mætti við Kárahnjúkavirkjun.

Einnig var gengið á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum og alls staðar fóru mótmælin friðsamlega fram.

MERKISATBURÐIR

1580 Francis Drake lýkur hnattsiglingu sinni þegar Gullna hindin kemur til hafnar í Plymouth.

1915 Við Stjórnarráðshúsið í Reykjavík er afhjúpaður minnisvarði um Kristján IX. konung á afmælisdegi Kristjáns X.

1942 Ríkið leggur niður einkasölu sína á bifreiðum, sem það hafði haft í sjö ár.

1959 Í Reykjavík mælist metúrkoma á einum sólarhring, 49,2 millimetrar.

1960 Á leið sinni vestur um haf kemur Harold Macmillan, forsætisráðherra Breta, við á Keflavíkurflugvelli og ræðir við starfsbróður sinn, Ólaf Thors, um landhelgismálið.

LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S:HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

AFMÆLI

ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON rithöfundur er 47 ára í dag.

GUNNAR SVAVARSSON, formaður framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar, er 47 ára í dag.

MICHAEL BALLACK fótboltamaður er 33 ára í dag.

RÁÐSTEFNA SAMTAKA SÁTTAMANNA Á NORÐURLÖNDUM: HALDIN Á ÍSLANDI

Höfum komið miklu til leiðar

„Við erum viss um að það reynist mjög gefandi fyrir kollega okkar á Norðurlöndunum að koma til Íslands og verða vitni að því góða starfi sem við höfum unnið hér. Það er þó ekki síður spennandi fyrir okkur að læra af þeim, því þar kennir ýmissa grasa,“ segir Ingibjörg Bjarnardóttir, lögmaður og formaður Sáttar, félags um sáttamiðlun. Ingibjörg gegnir einnig formannsstöðu í félaginu Nordisk Forum for Mekling og Konflikthåndtering (NFM), regnhlífarsamtökum sáttamanna á Norðurlöndunum. Samtökin halda ráðstefnu sína í fyrsta sinn hér á landi á Grand hóteli dagana 1. til 3. október næstkomandi.

Sátt var sett á laggirnar af tuttugu stofnfélögum árið 2005. Helsti hvatinn að stofnun félagsins var sú sannfæring þeirra, sem starfa við lausn ágreiningsmála, að bjóða þyrfti deiluaðilum upp á fleiri úrræði og aðferðir til að leiða ágreining sinn til lykta en þær aðferðir sem félagsmálastofnanir og dómstólar geta boðið. Tíu Íslendingar, félagsráðgjafar og lögfræðingar, sóttu ráðstefnu NFM í Svíþjóð í september 2004 og hvöttu í kjölfarið annað fagfólk til samstarfs við þá um stofnun félagsins.

Hugmyndafræðin að baki sáttamiðlun er að deiluaðilar séu sérfræðingar í sinni deilu. Þeir séu því best til þess fallnir að finna lausn á henni sem er viðunandi fyrir báða aðila. Slíkri miðlun hefur verið beitt hjá flestum Norðurlandaþjóðunum, í Evrópu, Norður-Ameríku og Ástralíu, meðal annars í fjölskyldumálum, nágrannadeilum, árekstrum á vinnustað og skólum og í opinberum málum, til að mynda vegna afbrota ungra afbrotamanna og deilna milli ríkja og ólíkra menningarheima.

Um það bil 65 meðlimir eru skráðir í Sátt. Ingibjörg gerir ráð fyrir að milli 130 og 140 sáttamenn frá öllum Norðurlandaþjóðunum sæki ráðstefnuna í byrjun október. „Hópurinn hér á Íslandi er mjög duglegur og hefur komið miklu til leiðar í þessum málum. Sáttamiðlunarleiðin er þó enn mun algengari og viðurkenndari annars staðar á Norðurlöndunum, en við vonum að þessi ráðstefna smiti frá sér út í þjóðfélagið,“ segir Ingibjörg.

GOTT SAMSTARF Ingibjörg Bjarnardóttir fyrir miðju ásamt stjórn Sáttar. Frá vinstri: Ingiríður Lúðvíksdóttir, Ragnheiður Elfa Arnarsdóttir og Valgerður Magnúsdóttir. Með þeim er Björk Bjarkadóttir lengst til vinstri sem heldur utan um ráðstefnuna fyrir Iceland Travel. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í apríl 2007 ákvað dómstólaráð að bjóða skyldi aðilum að einkamáli, sem er til meðferðar fyrir héraðsdómstól, upp á sáttamiðlun fyrir dómi. Flest allir héraðsdómarar hafa nú lokið þriggja daga námskeiði í sáttamiðlun sem Knut Petterson og Kristin Kjelland-Mördre, bæði dómarar við Oslo Tingrett, hafa haldið hér á landi. Einnig hafa nokkrir skólar leitast við að beita aðferðum sem svipar til aðferða sáttamiðlunar við lausn ágreinings sem kemur upp í skólastarfinu eða innan vébanda skólanna. Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra heldur erindi á ráðstefnunni föstudaginn 2. október. „Innan menntamálaráðuneytisins ríkir mikill áhugi á þessum málum. Við erum að feta okkur áfram en eigum þó nokkra vinnu eftir enn,“ segir Ingibjörg. **kjartan@frettabladid.is**

70 ára afmæli

Sjötug verður á morgun

Guðrún Kristín Magnúsdóttir

ríthöfundur, fyrrum fyrirsæta (www.mmedia.is/odsmal/cv.shtml). Guðrún hefur hlotið fjölda verðlauna, m.a. f. leikrit, smásögur og minjagripahönnun. Vefútgáfu list- og hugverka Guðrúnar er að finna á mmedia.is/odsmal/sogur.html og mmedia.is/odsmal/list%20-%20%20art%20by%20Gudrun.html.

Hagþenkir styrkir „Óðsmál in fornu“, vefútgáfu á www.mmedia.is/odsmal, nýtt rannsóknaverkefni Guðrúnar: guðspeki í fornum sið, túlkun táknmáls goðsagna, orðsifjar, ginnungagap og mannleg vitund.

Skilti
á krossa og legsteina
skilti.123.is - 588 9960

Legsteinar og fylgihlutir
• Mikið úrval
• Yfir 40 ára reynsla
• Sendum myndalista
MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

Rúnar Geirmundsson · Sigurður Rúnarsson · Elís Rúnarsson · Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamamma, amma og langamma,

Anna Árnadóttir

Bólstaðarhlíð 31, Reykjavík,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sóltúni þriðjudaginn 22. september. Hún verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 2. október klukkan 13.00.

Jón Tómasson
Elínborg Jónsdóttir
Valgerður Katrín Jónsdóttir
Margrét Jónsdóttir **Ragnar Sigurðsson**
Guðmundur Árni Jónsson **Lára Nanna Eggertsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts elskulegrar móður okkar, tengdamóður, móðursystur, ömmu og langömmu,

Kristveigar Björnsdóttur

Safamýri 38, Reykjavík.

Öllum þeim sem önnuðust hana í veikindum hennar eru færðar alúðar þakkir.

Björn Jóhannsson **Guðrún R. Daníelsdóttir**
Sigríður Jóhannsdóttir **Baldvin M. Frederiksen**
Sveinn Jóhannsson
Guðrún Jóhannsdóttir **Þorvaldur Bragason**
Gunnar Haraldsson **Ásthildur Guðjohnsen**
barnabörn og barnabarnabörn.

Útfararþjónusta
Davíðs Ósvaldssonar ehf.
Davíð Ósvaldsson
Útfararstjóri
S. 896 6988 / 553 6699
Óli Pétur Friðþjófsson
Útfararstjóri
S. 892 8947 / 565 6511

Alúðarþakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Bjargar Bogadóttur
Hverafold 19, Reykjavík.

Stefán Stefánsson
Elín Pálsdóttir
Karólína Sigfríð Stefánsdóttir
Stefán Bogi Stefánsson
Vigfús Þór Árnason
Þórður Björgvinsson
ömmu- og langömmubörn.

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og bróðir,

Haraldur Guðni Bragason
tónlistarkennari og organisti,
Sælingsdalstungu í Dölum,

lést 22. september síðastliðinn.

Guðbjörg Björnsdóttir, börn og systkini hins látna.

Faðir okkar,

Bjarni Bjarnason

áður til heimilis í Borgarnesi, lést 14. september á hjúkrunarheimilinu Ási, Hveragerði. Verður jarðsunginn frá Borgarneskirkju laugardaginn 26. september kl. 14.00.

Kjartan Vignir Bjarnason
Vilný Reynkvist Bjarnadóttir
Jenný Marelsdóttir
og aðrir aðstandendur

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og sambýlismaður,

Örn Vilmundarson
Hurðarbaki, Hvalfjarðarsveit,

lést að heimili sínu laugardaginn 19. september. Útförin fer fram í Hallgrímskirkju í Saurbæ, Hvalfjarðarsveit, hinn 29. september kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,
börn og barnabörn.

Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýju og stuðning við andlát og útför föður okkar og afa,

Stefáns Magnússonar
Ásgötu 12, Raufarhöfn.

Kolbrún Stefánsdóttir
Særún Stefánsdóttir
Guðrún Stefánsdóttir
Magnús Stefánsson
Stefán Jan Sverrisson
og önnur barnabörn.

Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát

Sigmundar Guðmundssonar
stýrimanns,
Hraunbæ 92.

Þórdís Eggertsdóttir
Sigríður Birgisdóttir
Hafþór Freyr Sigmundsson
Sigurður Hafsteinn Steinarsson
Kristín Helga Ólafsdóttir
afabörn og langafabörn.

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur og bróðir,

Gunnlaugur S. Sigurðsson
iðnrekandi,
Hlégerði, Kópavogi,

andaðist aðfaranótt 23. september á Landspítalanum Hringbraut (deild 11E). Útförin verður auglýst síðar.

Gíslunn Arngrímsdóttir
Sigurður, Bergþóra og Hulda Gunnlaugsbörn
Gísli Einarsson
Afastrákarnir
Arnþrúður M. Jóhannesdóttir og Sigurður Gunnlaugsson
Aðalbjörg, Hulda, Sigurlaug og Margrét Sigurðardætur.

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og bróðir,

Ólafur Þór Gunnlaugsson
sundþjálfari, ungbarna- og barnasundþjálfari,
Búagrund 4, Kjalarnesi, Reykjavík,

andaðist á krabbameinsdeild Landspítalans þriðjudaginn 22. september. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Svanhvít Guðrún Jóhannsdóttir
Ólafur Páll Ólafsson
Ingunn María Ólafsdóttir
Halldóra Jóhanna Arnarsdóttir
Geir Arnöy
Leon Jóhann Fallay
og systkini hins látna.

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Þorsteins Gunnars Williamssonar
áður til heimilis í Hamarsstíg 27, Akureyri.

Þökkum starfsfólki í Víðihlíð fyrir góða umönnun.

Jóna Lísa Þorsteinsdóttir
Gunnar Þorsteinsson
Mjöll Helgadóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Guðmundur Víðir Gunnlaugsson
Þorvaldur Þorsteinsson
Helena Jónsdóttir
afa- og langafabörn.

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Svanhildur S. Leósdóttir
Ytra-Krossanesi, Akureyri,

lést á Gjörgæsludeild Sjúkrahúss Akureyrar föstudaginn 18. september. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 2. október kl. 13.30.

Kristján Þórðarson
Guðmundur Kristjánsson
Manevan Yothakong
Laufey Kristjánsdóttir
Jósep Hallsson
Ingvar Kristjánsson
Arnar Kristjánsson
Katrín Eiðsdóttir
Brynjar Kristjánsson
Freydís Gunnarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Stefán Oddur Magnússon
áður til heimilis
Álfalandi 4, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 1. október kl. 15.00.

Áslaug Ásmundsdóttir
Ásmundur Stefánsson
Guðrún Guðmundsdóttir
Þór Stefánsson
Hulda Ólafsdóttir
Ása Stefánsdóttir
Jens Kvist Christensen
barnabörn og barnabarnabörn.

Áskær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Agnes Helga Hallmundsdóttir

andaðist á hjúkrunarheimilinu Skjóli hinn 22. september. Útförin verður auglýst síðar.

Erlendur Svavarsson
Jóhanna Pálmadóttir
Kristinn Svavarsson
Þórunn H. Guðbjörnsdóttir
Heimir Svavarsson
Guðrún S. Fredriksen
Hallberg Svavarsson
Steinunn Guðbrandsdóttir
og aðrir aðstandendur.

Bestu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Eyglóar Markúsdóttur
Álfaskeiði 43, Hafnarfirði, áður bónda á Ysta Bæli.

Sveinbjörn Ingimundarson
Örn Sveinbjarnarson
Guðrún Ólöf Guðmundsdóttir
Sigurður Ingi Sveinbjarnarson
Markús Sveinbjarnarson
Selma Filippusdóttir
Ingimundur Sveinbjarnarson
Guðrún le Sage de Fontenay
Hrafn Sveinbjarnarson
Anna Dóra Pálsdóttir
Ester Sveinbjarnardóttir
Magnús Sigurðsson
Helga Sif Sveinbjarnardóttir
Haukur Örn Jónsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær móðir okkar, fósturmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðrún Guðmundsdóttir
Hrafnistu í Reykjavík,

sem lést fimmtudaginn 17. september, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 29. september kl. 13.00.

Guðmundur I. Kristófersson
Ósk Davíðsdóttir
Guðríður Kristófersdóttir
Hallgrímur Jónasson
Sigurður Kristófersson
Hjördís Árnadóttir
Ingveldur Þ. Kristófersdóttir
Helgi Már Guðjónsson
Hannes Kristófersson
Guðríður Ólafsdóttir
Helgi Kristófersson
Guðrún Eysteinsdóttir
Valgerður Eygló Kristófersdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Hróðnýjar Einarsdóttur

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjúkrunarheimilanna í Foldabæ og Skógarbæ, fyrir alúð og umhyggju.

Svanur Jóhannesson
Ragnheiður Ragnarsdóttir
Inga Dóra Jóhannesdóttir
Jón H. Eggertsson
Þóra Jóhannesdóttir
Jóhannes Jóhannsson
ömmubörn og langömmubörn.

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Lárus L. Sigurðsson
Skúlagötu 20, Reykjavík,

lést á heimili sínu hinn 24. september.

Jónína Þorsteinsdóttir
Sigríður Ásta Lárusdóttir
Runólfur Gunnlaugsson
Ágústa Lárusdóttir
Sigurður Þór Kristjánsson
Þorsteinn Lárusson
Steinunn Eiríksdóttir
Sigurður Lárusson
Ásta Björk Ólafsdóttir
barnabörn og barnabarnabarn.

Viltu skjól á veröndina?

Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.

www.markisur.com • www.markisur.is

Veðrið verður ekkert vandamál

Hrein Fjárfesting ehf

REX

Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

Verð kr. 265.000.-

Rainbow

Bjóðum nokkrar Rainbow á **186,000**
Eða gömul Rainbow upp í nýja tilboð 155,000

Eigum einnig notaðar yfirfarnar rainbow
með ábyrgð **verð 80.000 tilboð 58.000**
meðan byrgðir endast.

Hrein fjárfesting ehf
Dalbraut 3 105 reykjavík • rainbow@rainbow.is
Sími verslun 567 7773 . kvöld og helgar 893 6337
www.rainbow.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

NOKKUR ORÐ
Atli Fannar Bjarkason

Fortíðarmaðurinn

Síðasti fimmtudagur var einstaklega erfiður og eftir vinnu ákvað ég að setjast inn á fámennan pöbb í miðbæ Reykjavíkur. Ég var ekki byrjaður á bjórnum þegar maður á fertugsaldri gekk inn. Maðurinn var ringlaður, með þykkt alskegg og sítt hár. Þá var hann stirður, virtist vannærður og ég veitti því athygli að hann var klæddur í smellubuxur.

Hann settist við hliðina á mér og spurði hvaða ár væri. „2009," svaraði ég og maðurinn starði orðlaus á mig. Ég pantaði handa honum bjór og þegar barþjónninn rukkaði 800 krónur sprakk hann úr hlátri.

Hann sagðist koma frá árinu 1999 og að þá fengju menn afgang þegar þeir borguðu einn rauðan fyrir bjór. Ég tók sopa og spurði hvort hann hefði uppgötvað leið til að ferðast um tíma og rúm. Hann sagði að málið væri einfaldara en það. Í hysteríunni sem skapaðist vegna 2000-vandans skreið hann ofan í neðanjarðarbyrgi. Þar dvaldi hann síðustu ár, borðaði þurrmat og veitti sjálfum sér félagsskap.

Hann spurði hvort eitthvað merkilegt hefði gerst síðustu ár. „Ekkert sérstakt," svaraði ég og bætti við að tími Jóhönnu væri kominn – rétt eins og tími Steingríms J., bankarnir hefðu verið einkavæddir aðeins til að vera þjóðnýttir aftur, Sigmundur Ernir væri orðinn þingmaður – eins og Guðmundur Steingrímsson, strætókerfið væri ennþá glataað og að ÍA væri núna slakt lið í fyrstu deild fótboltans og að Selfoss ætti lið í úrvalsdeild á næsta ári.

„Og hvað?" spurði ringlaði maðurinn og gerði tilraun til að vera fyndinn: „Er Davíð byrjaður aftur með útvarp Matthildi?"

„Tja, nei," svaraði ég, kláraði bjórinn og stóð upp. „Hann er ritstjóri Morgunblaðsins."

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

NÝTT Í SKÍFUNNI

Laugavegi · Kringlunni
www.skifan.is

MUSE
MARK KNOPFLER



PEARL JAM
RAGGI BJARNA

MADONNA
HJÁLMAR

MIKA
JAY-Z

! **ath. kl. 15**
Rithöfundurinn Sigurður Pálsson kynnir ljóðabók sína, Ljóðorkuþörf, og les upp úr bókinni í bókaverslun Eymundsson við Skólavörðustíg milli kl. 15-16 í dag. Sigurður er í fremstu röð sem ljóðskáld, prósahöfndur og leikskáld en hann hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir Minnisbók árið 2007 og Grímuverðlaunin sem leikskáld ársins fyrir Utan gátta árið 2009. Ljóðorkuþörf er fjórtánda ljóðabók hans.

menning

menning@frettabladid.is

Guð blessi Ísland í leikritsformi

Útvarpsleikhúsið hefur vetrardagskrá sína á morgun kl. 14 með frumflutningi á nýju verki: **Guð blessi Ísland – útvarpsleikrit** eftir Símon Birgisson og Malte Scholz. Þetta er fyrsta verk Símons sem flutt er í útvarpi og samið með ramma heimildarverksins en fjallar eins og nafnið gefur til kynna um fjármálahrunið. Sögusviðið er lítill bær á Íslandi. Þar hefur verið framinn glæpur og þeir seku ganga enn lausir. Við kynnumst bæjarbúum sem allir hafa sínar hugmyndir um glæpinn. Bæjarstjórinn hefur tapað lífeyrissparnaðinum, lögreglumaðurinn syngur íslensk ættjarðarlög, sparnaðarráðgjafi bæjarins neitar að borga lánin sín. Í Bæjarleikhúsinu er verið að sýna Kardemommubæinn og leikritið Milljarðamærin snýr aftur – sem fjallar líka um glæp, siðferði og mannlegt eðli. Leikritið verður rauði þráður sögu bæjarbúa sem standa einnig frammi fyrir erfiðum valkostum þegar lífsgrundvelli þeirra er ógnað.

LEIKLIST Símon Birgisson deilir sinni sýn á hrunið í Útvarpsleikhúsinu á morgun. MYND/FRÉTTABLAÐIÐ

Meðal leikenda eru Ellý Ármannsdóttir, Gísli S. Einarsson og Geir Jón Þórisson. Hljóðvinnsla er í höndum Hjartar Svavarssonar en Símon stjórnar sjálfur.

Verkið er það fyrsta sem tekur beinlínis á hruninu í dramatísku formi en von er á fjölda verka sem hafa hrunið í forgrunni og verður fróðlegt að heyra hvað leikskáld okkar, kvikmyndagerðarmenn og aðrir listamenn hafa um atburðina fyrir ári að segja. Verkið verður aðgengilegt á hlaðvarpi RÚV í tvær vikur eftir útsendingu. það er svo endurflutt fimmtudaginn 1. okt. kl. 22.15.

> Ekki missa af

sýningu í Listasafni Árnesinga sem lýkur nú um helgina en hún er helguð Gerði og Nínu, tveimur konum sem voru í fylkingarbrjósti óhlutbundinnar listar hér á landi um miðja síðustu öld, en leiðir þeirra skárust fyrst í París og síðar í skreytingum í kirkjunni í Skálholti. Á sunnudag kl. 15 er leiðsögn.

Sýning á myndum Kertész

Í dag verður opnuð sýning á Ljósmyndasafni Reykjavíkur á verkum eins mesta ljósmyndara allra tíma, André Kertész, og nefnist hún Frakkland – landið mitt (Ma France). Sýningin kemur frá hinu virta safni Jeu de Paume í París. André Kertész var Ungverji. Hann kom til Parísar árið 1925, sem á þeim tíma var borg ljóðskálda og listmálara. Á næstu árum myndaði hann París og mannfólkið þar og skóp hina klassísku og sílifandi mynd af borginni sem háborg áranna milli stríða. Hinar klassísku ljósmyndir hans af Eiffel-turninum, vinnustofu Mondrians og hin einstaka ljósmynd af dansmey í skopstælingum voru upphaf stíls sem meðal annars starfsfélagar hans og samtímamenn, Brassaï og Cartier-Bresson, tóku upp. „Allt sem við höfum gert gerði Kertész á undan okkur," sagði Cartier-Bresson eitt sinn um kollega sinn en hinn lýríski stíll Kertész varð til þess að hann var stundum kallaður „ljóðskáldið með myndavélina".

André Kertész fæddist í Búdapest árið 1894. Hann tók sína fyrstu ljósmynd árið 1912 og tók fjölmargar myndir af ættingjum sínum og vinum sem og sveitum Ungverjalands. Eftir stríðið settist hann að í París og komst í Montparnasse-hverfinu í kynni við ungverska listamenn og margt af þekktasta fólkinu í bókmennta- og listheiminum (Mondrian, Eisenstein, Chagall, Calder, Zadkine, Tzara, Colette). Hann var einn af fyrstu ljósmyndurunum sem notuðu 35 mm myndavél af Leica-gerð og nýtti sér hið myndræna frelsi sem þessi merka myndavélartegund bauð upp á. Ljósmyndir hans voru víða birtar í frönskum fjölmiðlum (Vu, Art et Médecine) og í Þýskalandi (Uhu, Frankfurter Illustrierte).

Árið 1933 gerði hann hina frægu myndröð sína Afmyndanir (Distortions). Árið 1936 þegar hann var á hátindi síns listræna ferils ákvað hann að flytja til New York. Frá árinu 1949 starfaði André Kertész fyrir ritstjóra Condé Nast-útgáfufyrirtækisins og voru myndir hans birtar reglulega í tímaritinu House and Garden. Snemma á sjötta áratugnum fór hann að taka myndir í lit. Hann tók myndir af hverfinu sem hann bjó í og færði sig smám saman af strætunum og tók að ljósmynda úr glugganum á íbúðinni sinni sem sneri að Washington Square. Árið 1963 fundust í Suður-Frakklandi filmur hans frá þeim tíma er hann bjó í Ungverjalandi og Frakklandi. Hann nýtur mikillar virðingar um allan heim fyrir hæfileika sína, sínar fjölmörgu sýningar sem og bækur sínar með röðum mynda.

LJÓSMYNDIR Ein frægasta mynd Kertész frá Parísarárunum af Kiki. MYND LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

pbb@frettabladid.is

Guðjón í ASÍ

Í dag opnar Guðjón Ketilsson myndlistarmaður sýningu í Listasafni ASÍ á Skólavörðuholti í Ásmundarsal. Á sýningunni sýnir Guðjón nýja skúlptúra og teikningar, þar sem hann tekur fyrir byggingarrými og húsgögn, hlutverk þeirra og hliðstæður við mannslíkamann.

Guðjón er menntaður við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Nova Scotia College of Art and Design í Halifax, Kanada og hefur hann haldið tugi einkasýninga og tekið þátt í samsýningum á Íslandi, í Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Hollandi, Spáni, Ástralíu og víðar. Hann á verk á öllum helstu söfnum landsins og víða erlendis og hefur dvalið og unnið á ýmsum alþjóðlegum vinnustofum og verið valinn í fjölda samkeppna um útilistaverk. Guðjón hlaut Menningarverðlaun DV árið 2000 og verðlaun Listasafns Einars Jónssonar árið 2001.

Guðjón kallar sýninguna Hlutverk og í inngangi segir sýningarstjórinn Ólöf K. Sigurðardóttir: „Listaverk greina gjarnan kunnuglega hluti frá sínu venjulega umhverfi og gefa þeim nýtt hlutverk. Þau krefja áhorfandann um afstöðu til þess sem er þekkt en kynna einnig nýja möguleika og hugmyndir sem leiða hugann á óþekktar brautir. Þannig sýna verk Guðjóns Ketilssonar á sýningunni Hlutverk ekki eingöngu áhuga hans á að athuga fyrirbæri í umhverfi okkar í því skyni að lýsa þeim eins og þau koma fyrir honum sjónir heldur líka til að kanna hvaða nýja hlutverk má finna þeim eða hvaða nýja skilning má fá á hlutverki þeirra." - pbb



MYNDLIST Ein teikning Guðjóns á sýningunni Hlutverk sem verður opnuð í dag í Ásmundarsal. MYND/GUÐJÓN KETILSSON

LISTDANS Fjölskyldusýning Íslenska dansflokksins er ætluð allri fjölskyldunni og verður á fjölum næstu fjóra sunnudaga. MYND/ÍD.

Listdans um helgi

Tvær danssýningar verða í boði um helgina: í Hafnarfjarðarleikhúsinu er á ferðinni gestasýning. Efnið – Barbara – er mörgum kunnugt hér bæði af samnefndri sögu og kvikmynd. Barbara er færeysk-dönsk sýning, afsprengi listræns samstarfs danska danshöfundarins Ingrid Tranum og færeyska tónskáldsins Trondar Bogasona. Sýningin er innblásin af skáldsögu Jörgens Fritz Jacobsen sem ber sama nafn og var valin framlag Dana á heimssýningu EXPO.

Danssýningin var frumsýnd á EXPO, heimssýningunni í Zaragoza sumarið 2008. Uppfærslan er unnin í samvinnu danska dansleikhússins, Saga Dance Dance Art Collective og færeyska kórsins Mpiri. Héðan fer sýningin til Færeyja og verður sýnd í Norðurlandahúsinu í Þórshöfn. Tvær sýningar í Hafnarfjarðarleikhúsinu verða 26. og 27. september.

Á sunnudagskvöld hefjast sýningar á Fjölskyldusýningu Íslenska dansflokksins en þar má líta aðgengileg og skemmtileg brot úr verkum á sýningarskrá flokksins. Sýningin er ætluð allri fjölskyldunni og er markmiðið að kynna nútímadans fyrir fólki og þá sérstaklega yngri kynslóðinni. Þess vegna er börnum 12 ára og yngri boðið ókeypis inn á sýninguna og 13-16 ára fá miðann á hálfvirði.

- pbb

Loksins fáanleg aftur

Metsölubók Steinunnar Jóhannesdóttur um ævi Guðríðar Símonardóttur er loksins fáanleg að nýju.

Ævintýraleg og spennandi saga af ánauð og frelsun sterkrar konu. Steinunn setur Tyrkjaránið og hugarheim forfeðra okkar, nyrðra og syðra, í spennandi samhengi í þessu heillandi skáldverki. Skyldueign á hverju heimili.



MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

Söngleikurinn sem Íslendingar elska!

Tryggðu þér miða strax

Sönga Sigur

★★★★
Páll Baldvin Baldvinsson, Fréttablaðið

„Eintóm yndislegheit“
Jón Viðar Jónsson, DV

„Borgarleikhúsið er með stórsýningu í höndunum, vel heppnaða, skemmtilega og afar vel unna“
Ingibjörg Þórisdóttir, Morgunblaðið

„Þakið ætlaði að rifna af Borgarleikhúsinu“
Björn Ingi Hrafnsson, pressan.is

Nú er geisla-diskurinn kominn í verslanir

Sett upp í samstarfi við
VISA

12 Tónar

Miðasala er í síma **568 8000**
og á **borgarleikhus.is**

Borgarleikhúsið

Út í kött

Sýningar Lýðveldisleikhússins á barnaleikritinu Út í kött! hefjast að nýju um helgina í Gerðubergi. Út í kött! er nýr dans- og söngleikur fyrir börn á öllum aldri sem var frumsýndur síðastliðið vor. Verkið er ævintýraleikur og fjallar um tvo krakka og ferðalag þeirra um tölvu og ævintýraheima. Skólum, leikskólum og foreldrafélögum gefst kostur á að kaupa sýningar á sérstökum afsláttarkjörum og geta þeir sent fulltrúa sína á sýningarnar um helgina í Gerðubergi til að kynna sér verkið. Sýningarnar verða í dag og á morgun og hefjast kl. 14.

Leikritið fjallar um strákinn Erp sem neyðist til að taka á móti dóttur vinafólks foreldra sinna inn í herbergið sitt. Helga Soffía er hress og hraðlygin og kann frá mörgu undarlegu að segja. Erpur á erfitt með að sætta sig við þennan gest sinn, enda snýr hún heimi hans, þar sem hetjur teiknimynda og tölvuleikja eru karlmenn, á hvolf. Með fjörugu ímyndunarafli sínu nær hún að sýna honum að tilveran þarf ekki að vera niðurnjörvuð í fyrirfram ákveðin hólf og kassa. Sögur Helgu Soffíu eru þrjú Grimmsævintýri byggð á útgáfum Roalds Dahl og fléttast þau inn í leikverkið með tónlist, dansi og söng. Þar birtast Rauðhetta, Öskubuska, prins, úlfar og grísir en Rauðhetta er enginn ráðvilltur sakleysingi sem lætur éta sig mótþróalaust og Öskubuska áttar sig á að hamingjan felst ekki í því einu að vera fótnett og fríð.

Tvö tólf ára börn fara með hlutverk Erps og Helgu Soffíu, þau Fannar Guðni Guðmundsson og Sóley Anna Benónýsdóttir, Ragnheiður Árnadóttir söngkona fer með hlutverk sögumanns, og leikararnir Finnbogi Þorkell Jónsson og Ólöf Hugrún Valdemarsdóttir fara með hlutverk geimskrímsla og ýmissa ævintýrapersóna til dæmis Rauðhettu og úlfsins og Öskubusku og prinsins. Benóný Ægisson er höfundur handrits, semur tónlistina og þýðir kvæði Roalds Dahl. Kolbrún Anna Björnsdóttir er leikstjóri, Sigríður Ásta Árnadóttir gerir búningana en Kristrún Eyjólfsdóttir leikmyndina.

Markmiðið með sýningunni er að skemmta og vekja börn og fullorðna til umhugsunar um birtingarmyndir staðalmynda í umhverfi barnanna. Mikilvægi skapandi og gagnrýninnar hugsunar er seint ofmetið og því brýnt að börnin fái tæki og tól í hendurnar til að takast á við flóðbylgju skilaboða úr umhverfinu. Sýningin er farandsýning og með henni fylgir kennsluefni sem gefur kennurum tækifæri til frekari úrvinnslu á grundvelli leiksýningarinnar. Sýningin gæti meðal annars nýst í kennslu í íslensku, lífsleikni, leiklist og tónlist.

- pbb

LEIKLIST Rauðhetta er enginn ráðvilltur sakleysingi sem lætur éta sig mótþróalaust.
MYND/LÝÐVELDISLEIKHÚSIÐ

Óska eftir að kaupa íslensk-ensku námskeið

Óska eftir að kaupa **íslensk-ensku Lingapon námskeið**. En ég tel nær fullvíst að aðeins eitt íslenskt – ensku Lingapon námskeið hafi komið út á Íslandi. Kennslubókin var innbundin kilja en bæði hærri og breiðari en venjuleg kilja.

Eigir þú námskeiðið þá borga ég glaður 40.000 kr fyrir námskeiðið.
Viljir þú ekki selja getum við samið um greiðslu fyrir afnot af bókinni.

Björgvin Ómar Ólafsson s. 8657013

Tómasarmessa í Breiðholtskirkju í Mjódd
sunnudaginn 27. september kl. 20

Hvar er Guð í sorginni?

Fjölbreytt tónlist og fyrirbæn
Allir velkomnir



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 26. september

Tónleikar

16.00 Karlakórinn Þrestir heldur tónleika til styrktar MND félaginu á Íslandi í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum.

17.00 Léttsveitin flytur óskalög sjómanna á tónleikum í Grindavíkurkirkju.

17.00 Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands verður með tónleika í Háskólabíói við Hagatorg þar sem flutt verður Sinfónía nr. 5 eftir Shostakovitsj.

20.00 Tónlistarhópurinn Elektra Ensemble heldur tónleika á Kjarvalsstöðum við Flókagötu þar sem á efnisskránni verður suðuramerísk tónlist eftir H. Villa-Lobos og A. Piazzolla.

21.00 Útgáfutónleikar Gus Gus verða haldnir hjá Nikitu við Laugaveg 56.

21.30 Ljótu hálfvitarnir verða með tónleika á Kaffi Rosenberg við Klapparstíg.

22.00 Mánar frá Selfossi verða með tónleika á Græna hattinum við Hafnarstræti á Akureyri. Húsið verður opnað kl. 21

Opnanir

14.00 Friðlaugur Jónsson opnar sýninguna **„Bjargið okkur!“** í **DaLí gallerí** við Brekkugötu á Akureyri. Opið lau. og sun. kl. 14-17.

14.00 Samúel Jóhannsson opnar sýningu í **GalleríBOXi** við Kaupvangsstræti á Akureyri. Opið lau. og sun. kl. 14-17.

15.00 Í Listasafni ASÍ við Freyjugötu verða opnar tvær sýningar. **Guðjón Ketilsson** sýnir í Ásmundarsal og Lothar Pöpperl í Gryfjunni.

15.00 Í Ljósmyndasafni Reykjavíkur verður opnuð sýning á myndum ljósmyndarans André Kertész. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, **Tryggvagata 15** (6. hæð) Opið virka daga kl. 12-19 og um helgar kl. 13-17.

16.00 Í Skaftfelli, **Menningarmiðstöð á Seyðisfirði** verða opnaðar tvær nýjar sýningar. Ólafur Þórðarson opnar sýningu á Vesturvegg og Aðalsteinn sýnir verk í verkefnarýminu Bókabúðin. Opið fös.-sun. kl. 12-22.

Sýningar

Í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu verður sýnt valið efni úr DVD-sjónritinu Rafskinnu frá kl. 14-16. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Íslandspóstur stendur fyrir sýningu í **Þjóðmenningarhúsinu** sem helguð er gerð íslenskra frímerkja og póstsamgöngum Íslendinga fyrr og síðar. Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu 15 er opið alla daga kl. 11-17.

Í Listasafni Akureyrar við Kaupvangsstræti á Akureyri, stendur yfir sýning á Íslenskum ljósmyndum frá árunum 1866-2009. Opið alla daga nema mánudaga kl. 12-17. Aðgangur er ókeypis.

Ólöf Björg Björnsdóttir hefur opnað sýninguna **„Visas“ á Café Karólínu** við Kaupvangsstræti á Akureyri. Opið mán.-fim. kl. 11.30-01, fös. og lau. kl. 11.30-03 og sun. kl. 14-01.

Síðustu forvöð

Í Þjóðarbókhlöðinni við Arngrímsgötu í glerhýsinu (2. hæð) stendur yfir sýning á íslenskum kvennablöðum og kvennatímaritum en henni lýkur á miðvikudag. Opið virka daga kl. 8.15-19, lau. kl. 10-17 og sun. kl. 11-17.

í Listasal Mosfellsbæjar, Kjarna við Þverholt, lýkur sýningu Bjargeyjar Ólafsdóttur á þriðjudaginn. opið Mán.- fös. kl. 12 -19 og lau. kl. 12-15.

Ökuleikni

Opin Íslandsmeistarakeppni í Ökuleikni verður haldin framan við **Forvarnahúsið í Kringlunni** 3, kl. 13-16. Nánari upplýsingar á www.brautin.is.

Útivist

10.00 Skógræktarfélag Hafnarfjarðar efnir til gróðursetningarferðar í **Seldal.** Mæting kl. 10 í Seldal (ekið niður að Hvaleyrarvatni og fram hjá húsi bæjarins við vatnið og suður í Seldalsháls.

Kvikmyndir

Kvikmyndavika tengd kreppu, kakki og kvótabraski hjá Kvikmyndasafninu til 26. sept. Sýningar fara fram í **Bæjarbíói** í Hafnarfirði. Nánari upplýsingar á www.kvikmyndasafn.is.

16.00 Sýnd verður kvikmynd Margrétar Jónasdóttur og Magnúsar Viðars Sigurðssonar **„Síðasti valsinn, þorskastríðin 1952-1976.“**

Dansleikir

Spútnik verða á Skemmtistaðnum Spot við Bæjarlind 6 í Kópavogi.

Dagskrá

Í tilefni af evrópska tungumáladeginum verður fjölbreytt dagskrá í **Borgarbókasafni** við Tryggvagötu milli kl. 13 og 16. Nánari upplýsingar og dagskrá á www.borgarbokasafn.is.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Sunnudagur 27. september

Tónleikar

13.00 Barnatónleikar í **Salnum við Hamraborg** í Kópavogi. Flutt verður **„Karnival dýranna“** eftir C. Saint-Saëns. Flytjendur: Kammerhópur Sheherazade ásamt **Guðrúnu Ásmundsdóttur og Sigurþóri Heimissyni.** Frá klukkan 12:30 verður boðið upp á ókeypis andlitsmálun. Börn eru beðin að koma klædd grímubúningum ef þau geta.

16.00 og 20.30 Gerður Bolladóttir sópran, Victoría Tarevskaia selló og Hilmar Örn Agnarson orgel, flytja 12 sálma eftir Matthías Jochumson ásamt verkum eftir m.a. W.A. Mozart og G.F. Handel, á tveimur tónleikum á sunnudag. Þeir fyrri eru kl. 16 í **Eyrarbakkakirkju** á Eyrarbakka en þeir seinni verða kl. 20.30 í **Stóra Núps kirkju** í Gnúpverjahreppi.

16.00 Elisabeth Wärnfeldt sópran **og Anna M. Sigurðardóttir** píanóleikari flytja verk eftir Bellini, Puccini, Verdi o.fl. á tónleikum í Hömrum, sal Tónlistarskóla Ísafjarðar við Austurveg.

20.00 Karlakórinn Þrestir heldur tónleika til styrktar MND félaginu á Íslandi í Víðistaðakirkju við Hraunbrún í Hafnarfirði.

21.30 Kim Bock Quartet heldur jazztónleika á Kaffi Rósenberg við Klapparstíg.

Félagsvist



14.00 Félagsvist verður spiluð í **Breiðfirðingabúð** við Faxafen 14. Allir velkomnir.

Sýningar

Sýningu **Hönnu Christel Sigurkarlsdóttur** og **Þórunnar Eymundardóttur** í Gallerí Klaustri að **Skriðuklaustri** (Gunnarshús) hefur verið framlengd til 18. okt. Þar stendur einnig yfir sýning í tengslum við 70 ára byggingarafmæli hússins. Opið sunnudaga kl. 13-17.

Kvikmyndir

15.00 Sovéska kvikmyndin **„Elsku hjartans skepnan mín“** eftir Emil Loteanu, verður sýnd í **MÍR-salnum** að Hverfisgötu 105. Enskur texti og aðgangur ókeypis.

Dansleikir

Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni verður haldinn að Stangarhyl 4 milli kl. 20 og 23.30. **Danshljómsveitin Klassík** leikur danslög við allra hæfi.

Leikrit

16.00 GRAL-leikhópurinn sýnir barna- og fjölskylduleikritið **„Horn á höfði“** í húsnæði leikhópsins við Hafnargötu 11 í Grindavík.
Nánari upplýsingar á www.midi.is.

Dans

14.00 Íslenski dansflokkurinn verður með fjölskyldusýningu í **Borgarleikhúsinu** þar sem sýnd verða brot úr fimm verkum fyrir ungt fólk og fjölskyldur.

Leiðsögn

15.00 Inga Jónsdóttir verður með leiðsögn um sýninguna **„Andans konur“** í **Listasafni Árnesinga** við Austurmörk í Hveragerði. Í dag er síðasti dagur sýningarinnar.

15.00 Kristín Ingvarsdóttir verður með leiðsögn um sýningu **Errós „Japönsk ástarbrér“** í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu. Allir velkomnir.

Listamannaspjall

16.00 Vilborg Dagbjartsdóttir verður með upplestur og ræðir um K**væðakver Halldórs Laxness** í stofunni á **Gljúfrasteini**, húsi skáldsins í Mosfellsdal. Allir velkomnir.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

BÓKA LAGERSALA

Opið alla daga 11–19, nema fimmtudaga 11–21. ATH. Aðeins í takmarkaðan tíma!

Enginn fer tómhentur heim, allir fá bók að gjöf. Þeir sem versla fyrir meira en 10.000 kr. fá bókagjöf, skáldsöguna *Vatn handa fílum* eða spennutryllinn *Fundið fé.*

Við flytjum lagerinn! Risamarkaður Forlagsins

Fiskislóð 39

Verið velkomin á nýja staðinn!

Allir gestir fá glaðning frá MS, Frútína drykkjarjógúrt eða kókómjólk!

Yfir 3.000 titlar
Ný tilboð daglega!

2 FYRIR 1
Fyrir frostið og Eldveggur
1.980 kr.
verð áður 3.960
50% afsláttur

Dexter í dimmum draumi
890 kr.
verð áður 4.290
79% afsláttur

70% afsláttur
Helgartilboð
Eragon
990 kr.
verð áður 3.266

Seinni réttir
1.990 kr.
verð áður 4.480
56% afsláttur

Fíasól er flottust
1.690 kr.
verð áður 3.290
49% afsláttur

Í næturgarði: Fína blómið
790 kr.
verð áður 1.390
43% afsláttur

Ást í blíðu og stríðu. Stór kilja
1.490 kr.
verð áður 2.990
50% afsláttur

Úr frumskóginum – óróabók
490 kr.
verð áður 1.290
62% afsláttur

Myrká
Stór kilja
1.290 kr.
verð áður 2.990
57% afsláttur



Ég skal vera Grýla
1.990 kr.
verð áður 4.990
60% afsláttur

Í landi karlmanna
490 kr.
verð áður 4.680
90% afsláttur

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

> OG NÆST ER ÞAÐ MÍLANÓ

Tískuvikan í Mílanó hófst á fimmtudaginn en þar var það Miuccia Prada sem var helst í fréttum. Línan frá Prada þótti einstaklega sæt og stelpuleg með kynþokkafullu ívafi og ljóst er einnig að háglansandi rauðappelsínugulur litur verður það allra heitasta í vor.

still

utlit@frettabladid.is

Ótrúlega eðlilegan „Color -Clone“ farða frá Helenu Rubinstein sem lætur húðina þína líta út fyrir að vera farðalausa.

Nýjar íslenskar spavörur frá fyrirtækinu Íslensk hollusta. Prófið baðsölt með þara, kísil og vikur til að mýkja húðina.

OKKUR LANGAR Í ...

Fallegan berjarauðan varalit frá Mac með ögn af glimmeri í frá nýju haustlínunni.



DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Anna Margrét Björnsson

Heilluð af sannfæringu

Eitt af mínum uppáhaldsfatamerkjum er lítið franskt fyrirtæki. Það gerir föt sem ég fíla, klassíska hluti eins og þröngar gallabuxur, flotta gervileðurjakka og mod-legar skyrtur í anda sjöunda áratugarins. Mér brá í brún þegar ég skoðaði nýjustu línurnar þegar fötin litu út eins og alls kyns önnur hönnun sem maður hefur séð á tískupöllunum undanfarið ár, eiginlega orðin hálf „Vibskovuð“ á því. Nú er ég alls ekki að segja að allir eigi að fíla klassískar flíkur. Það sem ég á við er það að ef maður er að gera eitthvað vel þá finnist mér meira varið í að halda í það að gera það vel heldur en að apa eftir öllum öðrum. Ég hugsa að þeir hlutir sem við erum oftast hrifnust af séu þeir hlutir sem eru gerðir af sannfæringu þeirra sem skapa þá. Við erum öll með ólíkan fatasmekk en það sem maður kann mest að meta hjá hönnuðum er þegar maður veit að þeir hafi búið flíkurnar til af einskærri snilldargáfu og eigin sannfæringu um að það sem þeir séu að skapa sé snilld. Þetta er alveg eins með fólkið sem gengur í flíkunum, ef það hefur nógu mikið sjálfstraust til að bera túrban, goth-greiðslu eða viðamikinn kimono í regnbogans litum þá kann maður virkilega að meta það. Alveg eins og það er vandræðalegt að sjá einhvern reyna að vera eitthvað sem fer þeim ekki. Alltof margir halda það að bara með því að versla í ákveðinni búð eða klæðast ákveðnu merki séu þeir ósjálfrátt komnir inn á einhverskonar absúrd svalheitaplan, eða öðrum orðum, að verða eins og allir hinir. Stóru fyrirtækin reyna líka svo oft að búa til eitthvað „fyrir“ einhverja ákveðna hópa. Stíla inn á ungar konur, gamlar konur, hnakka eða húsmæðurnar í úthverfum. Græða á þessum eða hinum með einhverri sérstakri línu eða vöru eða jafnvel sjónvarpsþætti sem er sérsniðinn til þess að laða þá að. Þeir gleyma því oftast að fólk er ekki eins vitlaust og það heldur og að það sem verulega selst er sannfæring manneskjunnar sem stóð á bak við hugmyndina. Þetta hlýtur að vera spurning um hið mennska handbragð sem enn snertir við okkur öllum.

SNILLDARGÁFA Það er engin spurning um að Alexander McQueen fylgir eigin sannfæringu.

KVENLEGT Fallegur stuttur chiffonkjóll með belti frá Burberry.

GYLLT Mjög frumleg kápa í gylltu og svörtu frá hönnunarteymi Peter Pilotto.

TÍSKUVIKAN Í LONDON:

Litadýrð mætir klassík

Tískuvikan í London er nýyfirstaðin en þar gaf að líta breska hönnun fyrir vor og sumar 2010. Að þessu sinni var tískuvikan með enn glæsilegra móti en venjulega þar sem hún hélt upp á tuttugu ára afmæli sitt. Af þeirri hönnun sem mesta athygli vakti má nefna breska hönnunarteymið Peter Pilotto, en þeir voru með litríka stutta kjóla, og Burberry Prorsum sem hélt sig nærri breskum hefðum með svölum regnfrakkakjólum og háum hælum.

- amb



6. OKTÓBER

fólk

folk@frettabladid.

> ORÐIN BLÖNK

Kynbomban **Pamela Anderson** á víst í fjárhagskröggum. Hún skuldar verktökum 1,2 milljónir Bandaríkjadala auk þess sem hún skuldar skattinum dágóða summu.Það er ef til vill kominn tími til að hún vinni sér inn aura til að greiða skuldir sínar.

Magnús Þór semur fyrir Fjallabræður

„Fjallabræður og Magnús eiga einhvern veginn saman – við erum búnir að eignast nýjan bróður," segir Halldór Gunnar Pálsson, kórstjóri vestfirska kórsins Fjallabræðra.

Tónlistarmaðurinn Magnús Þór Sigmundsson hefur tekið kórinn undir sinn verndarvæng og samið handa honum lögin Til fjalla og freyja. Magnús kom fram með kórnum í söfnunarþættinum Á rás fyrir Grensás í gærkvöldi.

Sagan af upphafi samstarfsins hefst í Hveragerði, þar sem Fjallabræður tróðu upp fyrir vestfirska eldri borgara á Hótel Örk.

„Við tókum alltaf Ísland er land þitt [eftir Magnús] til að komast í fíling. Svo ræddum við um að það yrði gaman að hitta karlinn og spyrja hvort við mættum nota lagið á plötunni okkar," segir Gunnar. Magnúsi var þá boðið að koma á Hótel Örk og hlusta á flutninginn og tókust þá góð kynni með honum og Fjallabræðrum, kynni sem bera ávöxt á fyrstu plötu bræðranna sem er væntanleg.

Gunnar er gríðarlega ánægður með samstarfið og vefst tunga um tönn þegar hann er beðinn um að lýsa Magnúsi. „Hann er svona… Ég veit ekki hvernig ég á að lýsa því. Hann segist vera álfur og hann er náttúrulega af öðrum heimi. Hann hugsar öðruvísi en flestir – hugsar skemmtilega. Það er mjög gaman að vinna með honum." - afb

MAGNÚS ÞÓR Samdi ekki eitt, heldur tvö lög fyrir Fjallabræður.

FJALLABRÆÐUR Senda frá sér plötu fyrir jól.

Ganga 450 kílómetra til Reykjavíkur til að kaupa ís

„Þetta var nú bara hugmynd sem við vorum að gantast með í sumar, að ganga frá Ísafirði til Reykjavíkur til að kaupa ís. Svo létum við slag standa!" Þetta segir Jón Björnsson, sem ásamt Hjálmari Forna Steingrímssyni lagði af stað fótgangandi til Reykjavíkur á fimmtudaginn í síðustu viku. Unglingurinn Hjálmar dvaldi með Jóni á Hornströndum í sumar, en þar er Jón landvörður. Hann sást á dögunum í þætti Gísla Einarssonar, Út og suður. Þar kom fram að hann skokkar um allt á stígvélum. „Við erum nú bara í venjulegum strigaskóm í ferðinni, enda erum við léttir og það er lítið álag á skónum. Á Vestfjörðum gengum við beint af augum yfir fjöll og firnindi. Þarna eru fá landbúnaðarsvæði og auðvelt að komast um, engar girðingar og slíkt. Eftir að við komum á þjóðveginn göngum við bara eftir honum. Það er styst og auðveldast."

Jón segir þá félaga gista í tjaldi, en stundum í svefnpokagistingu. Þetta er um 450 kílómetra leið og mun taka tíu daga þegar upp er staðið, 45 km á dag. „Við komum í bæinn á morgun, en við erum ekki búnir að ákveða hvar við fáum okkur ís – og ekki einu sinni hvernig ís. Það koma margir staðir til greina." - drg

FERÐIN NÝHAFIN Hjálmar og Jón ofan Hattardals, milli Álftafjarðar og Hestfjarðar.

NÝ KYNSLÓÐ Einhverjar vinsælustu stjörnur barnatímans Stundarinnar okkar mættu á svæðið, þeir Gunni og Felix. Og nú er spurt; eru Vilhelm Anton og Sverrir Þór arftakar þeirra? FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í VONDUM FÉLAGSSKAP Skoppa og Skrítla hafa eflaust kennt ræningjunum úr Kardimommubænum sitthvað um hvað er rétt og hvað er rangt.

MIKIL SPENNA Þessi drengir áttu erfitt með að hemja spennuna og eftirvæntinguna þegar þeir biðu eftir því að komast inn í bíóið til að horfa á Algjöran Sveppa.

SVEPPI 2 Á TEIKNIBORÐINU

Kvikmyndin Algjör Sveppi og leitin að Villa var frumsýnd á fimmtudagskvöldið. Fjöldi ungmenna lagði leið sína í Álfabakka til að fylgjast með því þegar margar skærustu stjörnur barnanna gengu inn í kvikmyndahúsið eftir rauðum dregli.

„Þetta var alveg hrikalega flott og alveg meiri háttar skemmtilegt. Ég gæti ekki verið ánægðari," segir Sverrir Þór í samtali við Fréttablaðið. Hann upplýsir að mynd númer tvö sé í smíðum og reyndar fá þolinmóðir kvikmyndahúsagestir nasasjón af því sem koma skal. „Það kemur brot úr næstu mynd á eftir kreditlistanum." Sverrir & co eru augljóslega ekkert að tvínóna við hlutina og ætla að leggjast í handritsskrif þegar frumsýningarhelgin er liðin.

Sverrir kveðst ekki að halda bíómyndin muni gera hann ríkan eða hjálpa honum að greiða niður myntkörfulánið. „Ég efast um það, þetta er aðallega gert til að gleðja börnin. Mynd númer 2 verður hugsuð til að græða og greiða niður þetta lán," segir Sverrir og skellihlær. Annars kveðst hann eiginlega vera í skýjunum yfir þessu öllu; honum þyki nefnilega svo ótrúlega skemmtilegt að horfa á sjálfan sig á hvíta tjaldinu.

„Það er alveg rosalegt kikk að líta yfir fullan sal af fólki sem er að horfa á eitthvað rugl eftir mann," segir Sverrir sem svífur augljóslega um á bleiku skýi. - fgg

ÍÞRÓTTAÁLFURINN ALLTAF VINSÆLL Ein helsta útflutningsafurð Íslands, Íþróttaálfurinn, mætti á svæðið. Ekki var það þó Magnús Scheving sem klæddist bláa búningnum heldur staðgengill hans.

STÓRVINIRNIR MÆTA TIL LEIKS Þeir Auðunn Blöndal og Hugi Halldórsson voru að sjálfsögðu meðal gesta og drógu ungviðið með sér inn í kvikmyndasali Sambíóanna.

OPNAR SIG Robbie Williams barðist við eiturlyfjadjöfulinn um nokkurt skeið.

Daðraði við dauðann

Söngvarinn Robbie Williams hefur nú opnað sig í fyrsta sinn og rætt opinberlega um eiturlyfjaneyslu sína. Söngvarinn fór í meðferð árið 2007, eftir þriggja ára baráttu við eiturlyfjadjöfulinn. „Robbie Williams fer ekki í meðferð vegna þess að líf hans fór aðeins úr skorðum. Þetta var mjög alvarlegt ástand. Dauðinn þurfti að knýja dyra hjá mér til að ég áttaði mig á því að ég yrði að fá hjálp," sagði söngvarinn.

Williams og bandaríska leikkonan Ayda Field hafa verið saman um nokkurt skeið og segir hann að hún aðstoði hann við að halda sér á beinu brautinni. „Hún reyndi ekki að breyta mér og við það breyttist ég til hins betra."

Mun ekki bæta á sig

Renée Zellweger hefur tekið að sér að leika í þriðju kvikmyndinni um hina seinheppnu Bridget Jones. Í þetta sinn mun leikkonan þó ekki bæta á sig fyrir hlutverkið heldur mun hún klæðast sérstökum búningi.

„Renée mun klæðast sérstökum fitubúningi svo hún þurfi ekki að bæta á sig aukakílóum. Það tók hana dágóðan tíma að losa sig við aukakílóin eftir síðustu Bridget Jones-mynd. Hún hefur einnig áhyggjur af heilsufarslegum áhrifum þess að bæta á sig og grennast aftur á svo skömmum tíma," sagði innanbúðarmaður við tímaritið Reveal.

Í FITUBÚNING Renée Zellweger mun ekki bæta á sig aukakílóum fyrir hlutverk sitt sem Bridget Jones.

Opnum 28. september að

KRÓKHÁLSI 3

Jóhann Ólafsson & Co.
flytur höfuðstöðvar sínar
og afgreiðslu að KRÓKHÁLSI 3
Opnum á nýjum stað 28. september
(sama hús og Hvítlist)

Jóhann Ólafsson & Co

OSRAM

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

Fyrsta platan í 20 ár

Breska eitíshljómsveitin Spandau Ballet ætlar í nóvember að gefa út sína fyrstu plötu í tuttugu ár. Platan nefnist Once More og er titillag hennar á leið í útvarpsspilun. „Þegar við komum aftur saman og miðasalan á tónleikana fór af stað trúðum við ekki þessum ótrúlegu viðbrögðum," sagði söngvarinn Tony Hadley. „Þegar okkur gafst tækifæri til að fara í hljóðver og spila tónlist saman gátum við ekki sleppt því." Síðasta plata Spandau Ballet kom út 1989 og af henni voru gefin út fimm smáskífulög.

Ári síðar lagði sveitin upp laupana. Alls átti Spandau Ballet tíu smáskífulög á topp tíu listanum í Bretlandi á árunum 1979 til 1990, þar á meðal True, Gold, Only When You Leave og Through the Barricades.

SPANDAU BALLET Nýleg mynd af sveitinni sem sló í gegn með lögum á borð við True og Through the Barricades.
NORDICPHOTOS/GETTY

Fengu hjálp frá Grammy-hafa

Skagahljómsveitin Cosmic Call gaf nýverið út sjö laga plötu sem er sú fyrsta úr hennar herbúðum. Grammy-verðlaunahafinn Richard Dodd, sem hefur unnið með listamönnum á borð við Green Day, Kings of Leon, Red Hot Chili Peppers og George Harrison, sá um að leggja lokahönd á gripinn. Cosmic Call og Sigurður Ingvar Þorvaldsson stjórnuðu upptökum.

„Ég hafði samband við hann. Ég var búinn að athuga hvort einhverjir menn úti gætu gert þetta og leist best á hann," segir Sigurmon Hartmann Sigurðsson, söngvari og gítarleikari Cosmic Call. „Hann var mjög áhugasamur að gera þetta með okkur." Það voru hljómsveitarmeðlimirnir sjálfir sem framleiddu plötuna og fengu þeir vini sína og fjölskyldur til aðstoðar. Plötuumslagið var saumað úr lérefti og voru eitt þúsund eintök búin til. „Amma var sérstaklega dugleg en við unnum öll hörðum höndum að þessari plötu. Stelpurnar sáu að mestu leyti um saumaskapinn en það kom sá tími sem maður greip í saumavélina. Það er samt ekki mín sterkasta grein," segir Sigurmon.

Cosmic Call er nýkomin úr tónleikaferð um landið sem kallaðist Rokkinnrásin þar sem Nögl og Dead Model tróðu einnig upp. Sveitin er á fullu að semja nýtt efni en næstu tónleikar hennar verða á Iceland Airwaves-hátíðinni um miðjan október. - fb

COSMIC CALL Rokkhljómsveitin frá Akranesi hefur gefið út sjö laga plötu.

NÝ ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Ertu í vandræðum með uppskeruna

Rúma 25-35 kg. af grænmeti.

Tvær stærðir
25 kg. ~~5.500 kr.~~
Verð nú 4.000 kr.

35. Kg. ~~6.500 kr.~~
Verð nú 5.000 kr.

SBD Flycase
Óskar
Sími: 895-9801
oskar@sbd.is
www.sbd.is

Veljum íslenskt

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

RÉTTIR BYRJA AF KRAFTI

Tónlistarhátíðin Réttir er í fullum gangi. *Trausti Júlíusson* fylgdist með fyrstu tveimur kvöldum hátíðarinnar og var ánægður með útkomuna.

Þó að aðstandendur tónlistarhátíðarinnar Rétta hafi lagt áherslu á að hún væri annars eðlis en Iceland Airwaves-hátíðin þá er samt margt líkt með þessum tveimur viðburðum. Eins og Airwaves fara Réttirnar fram samtímis á nokkrum tónleikastöðum í miðborginni og hátíðargestir valsa á milli til að sjá sem flest. Og það er óhætt að segja að Réttirnar hafi byrjað af krafti. Á miðvikudagskvöldið var dagskrá á sex stöðum og maður strax kominn í valkvíðakast.

Ég hóf kvöldið á stærsta staðnum, Nasa. Þar spiluðu strákarnir í For a Minor Reflection. Þeir eru enn að fullkomna post-rokkið sitt og voru í fínum gír, en listamaðurinn Kilford málaði mynd upp á sviði á meðan þeir spiluðu. Á Grand rokk var dagskráin í höndum Brak-plötufyrirtækisins. Það voru frekar fáir mættir þegar hjónabandið Létt á bárunni flutti jaðarskemmtipoppið sitt við góðar undirtektir, en það hafði fjölgað mikið í salnum þegar stuðrokksveitin Skelkur í bringu steig á svið. Húmorískt band með hæfileikaríka söngkonu og óvenjumikinn áhuga á slími. Á Batteríinu voru hinir ungu Kid Twist að klára sýrurokkkeyrslu þegar ég kom á svæðið, en hápunktur kvöldsins var hiklaust stórtónleikar Hjaltalín á Nasa. Sveitin tók bæði ný lög og gömul, þau síðarnefndu mörg í aðeins breyttum útgáfum. Öryggi og spilagleði ásamt mátulegum skammti af kæruleysi einkenndi settið þeirra. Á Jacobsen voru Ruxpin og Oculus í fínum gír hvor á sinni hæðinni á Weirdcore-kvöldi en kvöldið endaði á rappsveitinni Fallegum mönnum á Nasa. Efnileg sveit, en virkar einhvern veginn ekki alveg enn. Það vantar herslumuninn.

RÉTTIR Á NASA Megas og Senuþjófarnir tróðu upp á fimmtudagskvöldið.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fimmtudagskvöldið var sömuleiðis þétt skipað og margt gott í boði. Dr. Gunni spilaði stutt en gott gigg með bandinu sínu í upphafi kvöldsins á Nasa. Fáir mættir, en þetta band svínvirkar og sérstaklega gaman að hafa Heiðu með. Hún setti mikinn svip á útkomuna. Á Batteríinu var Magnoose (áður Mongoose) að spila raftónlistarsvítu undir gamalli japanskri skrímslamynd. Frábær tónlist, fersk og tilraunakennd og greinilegt að maður verður að fylgjast vel með Magnoosi í framtíðinni. Morðingjarnir spiluðu sitt fyrra sett af tveimur sama kvöldið á Sódómu og gerðu vel. Á Batteríinu spilaði danska sveitin The State, The Market, The DJ og eftir groddann í Morðingjunum hljómaði gæðatónlist þessara viðkvæmnislegu drengja hálf máttlaus í byrjun, en hún vann á. New Yorkarinn Jesse Hartmann spilaði svo nokkur lög nýkominn af heimsfrumsýningu á kvikmyndinni sinni á RIFF og salurinn fylltist af skvaldrandi kvikmyndaáhugamönnum sem klöppuðu af ákefð á milli laga. Jesse var einn á sviðinu með gítarinn, en fékk af og til liðsinni munnhörpuleikara sem var falinn bak við súlu. Þokkalegt alveg, en þeir sem ekki voru á staðnum voru ekki að missa af neinu. Þetta hefur allt heyrst hundrað sinnum áður. Á Nasa kláruðu Hjálmar kvöldið með þriggja manna blásarasveit. Troðfullur salurinn söng með og vaggaði sér. Hjálmar eru alveg á toppnum núna og eiga það fullkomlega skilið. Massíf sveit.

TÓNLEIKAR
Réttir
Miðvikudags- og fimmtudagskvöld

Ólafur fær góða dóma

Ólafur Arnalds fær átta í einkunn af tíu mögulegum hjá breska tímaritinu Clash Music fyrir plötu sína Found Songs. Á plötunni er safn laga sem Ólafur samdi í vor á óvenjulegan hátt. Hann samdi þau til á píanó, tók upp og gaf út eitt lag á Netinu ókeypis á hverjum degi í heila viku.

„Hugmyndin á bak við þessa plötu er hjartnæm. Að taka sjö einföld píanólög og gefa eitt út í einu á Twitter í hverri viku," segir í dómnum. „Þetta er spennandi, árangursríkt og vel heppnað. Frábær tilraun." - fb

ÓLAFUR ARNALDS

Örsmáar lífverur á kaffihúsi

Bogi Jónsson þrjóskast við að halda eign sinni á Hliði á Álftanesi. Þar var hann búinn að koma upp veitingahúsi og nuddstofu á myntkörfulánum rétt áður en allt hrundi. „Jú jú, það er allt í hálfgerðri stórsteik ennþá og það þarf kraftaverk til að maður verði ekki gjaldþrota. En maður þrjóskast við," segir Bogi.

Hann opnaði kaffihúsið Café Álftanes í veitingahúsinu í sumar. Á sunnudaginn verður opnuð þar sýning á myndum pabba Boga, náttúrufræðingsins Jóns Bogasonar, af örsmáum sjávarlífverum við Íslandsmið. „Umhverfisráðherrann ætlar að mæta og ég er að spá í að gefa henni slotið," segir Bogi. „Sú gjöf er nú ekki eins höfðingleg og ætla mætti því íslenska ríkið á þetta allt hvort sem er!" - drg

30% AFSLÁTTUR AF UMBRA-VÖRUM - GLÆNÝ SENDING

TEKK COMPANY

TEKK COMPANY
Sími 564 4400
www.tekk.is

Holtagarðar
Opið: Laugardag 10-17
Sunnudag 13-17

Kringlan
Opið: Laugardag 10-18
Sunnudag 13-17

Stefán lögreglustjóri í Útsvari

Spurningaþáttur sveitarfélaganna, Útsvar, hófst fyrir viku þegar lið Norðurþings lagði fulltrúa Reykjanesbæjar í æsispennandi keppni. Ljóst er að mörg sveitarfélögin ætla að leggja töluvert meiri metnað í keppnina nú en síðasta vetur þegar Kópavogsbær fagnaði sigri með eftirminnilegum hætti.

Kópavogur mætir með breytt lið frá því í fyrra þótt hryggjarsúla liðsins, Kristján Guy Burgess, verði sem fyrr á meðal keppenda. Hornafjörður ætlar augljóslega að leggja mikið upp úr bjölluspurningunum því knattspyrnukonan Embla Grétarsdóttir er í byrjunarliði sveitarfélagsins. Þá mun bókaútgefandinn Kristján Bjarki Jónasson fara fyrir liði Skagafjarðar og pókersérfræðingurinn og þýðandinn Gísli Ásgeirsson verður á sínum stað hjá Hafnfirðingum.

Hins vegar er óhætt að mæla með því að fólk fylgist með Reykjavík, sem sendir óvenju sterkt lið til leiks í ár. Í fremstu víglínu verður Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins. Honum til halds og trausts verða bókmenntarýnirinn Jón Yngvi Jóhannsson og Svanhildur Hólm Valsdóttir, framkvæmdastjóri þingflokks Sjálfstæðisflokksins. Þá ættu aðdáendur Útsvars einnig að hafa augun með liði Mosfellsbæjar enda valinn maður þar í hverju rúmi með Kolfinnu Baldvinsdóttur og Sigurjón M. Egilsson í broddi fylkingar.

- fgg

SPENNANDI KEPPENDUR Meðal þeirra sem þreyta frumraun sína í Útsvari í ár eru lögreglustjórinn í Reykjavík, **Stefán Eiríksson**, **Svanhildur Hólm** og Jón Yngvi Jóhannsson sem skipa lið Reykjavíkur. **Kolfinna Baldvinsdóttir** og Sigurjón M. Egilsson verða í liði Mosfellsbæjar en Kristján Guy Burgess mun eflaust gera sitt til að verja titil sinn frá því í fyrra þegar Kópavogur bar sigur úr býtum.

Ceres
bianca.

Aðeins fjögur verð í gangi: 500, 1.000, 2.000 OG 3.000 KR.

KVENFÖT FRÁ CERES OG BIANCA

ÞÚ GERIR EKKI BETRI KAUP

LAGERSALA VERSLANIRNAR HÆTTA!

Allt á að seljast!

KÁPUR, JAKKAR, BUXUR, BOLIR, SKYRTUR, BLÚSSUR, PEYSUR…

Vorum að bæta við 3000 nýjum flíkum!

Ath! Nýtt heimilisfang:
LAGERSALAN EHF. S. 662 4499
SKEMMUVEGI 6 (FYRIR NEÐAN BYKO)

Opið virka daga 12-19,
laugardaga 10-17 og helgar 13-17

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

ACUVUE®
BRAND CONTACT LENSES
Johnson & Johnson

1 • DAY ACUVUE® MOIST®
Viðhalda raka augnanna og veita
þægindi sem endast allan daginn.

- **Þægindin endast.** Viðhalda raka augnanna og þægindin endast allan daginn. Minni hætta á þurrki í augum.
- **UV geislavörn:** Hjálpa til við að vernda augun fyrir UV-A og UV-B útfjólublaum geislum. *UV vörn fyrir augun**
- **Hentugleiki/Þægindi:** Á hverjum degi er notað nýtt og ferskt linsupar, sem gerir linsunotkunina einfalda og þægilega.

*UV verndandi augnlinsur koma ekki í staðinn fyrir sólgleraugu þar sem þær hylja ekki allt augnsvæðið.
ACUVUE® og MOIST® er skrásett vörumerki Johnson & Johnson Vision Care, JJVC 2009.

TEKIST Á VIÐ INNRI ÓTTANN

Mikil gróska er í kringum Leikhúsbatteríið. Nýtt verk verður frumsýnt þar á morgun.

HÖFUNDAR ÓKYRRÐAR Frá vinstri: Ragnar, Friðgeir og Margrét, höfundar Ókyrrðar sem verður frumsýnt á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Verkið Ókyrrð verður frumsýnt í Leikhúsbatteríinu, fyrir ofan skemmtistaðinn Batterí, á morgun. Höfundar og leikendur eru Friðgeir Einarsson, Margrét Bjarnadóttir og Ragnar Ísleifur Bragason.

Verkið er byggt á textum eftir Friðgeir og fjallar um hugarangur, ofvöxt ímyndunaraflsins og óttann sem býr innan með hverjum og einum. „Þetta byggir á persónulegri reynslu og reynslu sem kannski allir tengja við. Að láta stjórnast af hugmyndum eða ímyndunaraflinu og vera með ofvirkan hugmyndabúskap," segir Friðgeir. „Þetta snýst um það þegar maður lætur hreyfast af einhverju sem birtist í raunveruleikanum og tekst á við það. Við veltum fyrir okkur þessum innri ótta."

Friðgeir skemmti sér vel við undirbúning verksins. „Þetta er búið að vera mjög lærdómsríkt á marga vegu. Þetta er búið að útheimta ýmsar rannsóknir innra sem ytra. Það er líka ákaflega skemmtilegt og hæfileikaríkt fólk sem ég hef fengið að vinna með."

Friðgeir og Ragnar eru báðir útskrifaðir úr Fræði og framkvæmd frá leiklistardeild Listaháskóla Íslands en Margrét er menntaður danshöfundur frá listdansskólanum ArtEZ Dansakademie í Arnhem. Friðgeir og Margrét komu bæði fram í sýningunni Húmanímal sem var frumsýnd á vordögum við góðar undirtektir. Á meðal annarra verka Ragnars eru ljóðabókin Á meðan og leikritið Blessuð sé minning næturinnar sem flutt verður í útvarpsleikhúsinu í vetur.

Ókyrrð verður einnig sýnd á leiklistarhátíðinni Diskurs í Giessen í Þýskalandi í byrjun október. Miðasala á verkið fer fram á Midi.is. Nánari upplýsingar má finna á síðunni Leikhusbatteri.is.

freyr@frettabladid.is

NÝTT Í BÍÓ!

Blóðugur spennutryllir frá handritshöfundi Juno

Hin sjóðheita Megan Fox vill aðeins ópekka stráka!

Megan Fox Jennifer's Body 16

Katherine Heigl Gerard Butler theugly truth LÚXUS 14

BIONICLE GOÐSÖGNIN SNÝR AFTUR LEGO

★★★★½ H.G.G. Popland/Rás 2 INGLOURIOUS BASTERDS 16 ★★★★ T.V. - KVIKMYNDIR.IS

STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM FRUMSÝND 2. OKTÓBER

★★★★½ Heimir og Gulli Bítið á Bylgjunni. BYGGÐ Á METSÖLUBÓK STIEG LARSSON KARLAR SEM HATA KONUR 50.000 MANNS!

AÐEINS 6 DAGAR EFTIR!

16 FINAL DESTINATION

ÍSÖLD 3 47.000 MANNS! L

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ 550 kr. HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

JENNIFER'S BODY	kl. 5.40 - 8 - 10.20	16
BIONICLE ÍSLENSKT TAL	kl. 1 - 3	L
THE UGLY TRUTH	kl. 1 - 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15	14
THE UGLY TRUTH LÚXUS	kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15	14
INGLOURIOUS BASTERDS	kl. 6 - 9	16
KARLAR SEM HATA KONUR	kl. 5 - 8	16
ÍSÖLD 3 3D ÍSLENSKT TAL	kl. 1 - 3.30 950 kr. Merkt grænu	L
ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL	kl. 1 - 3	L

17. - 27. september
Miðasala hafin í Eymundsson, Austurstræti.
Nánari upplýsingar á riff.is
Reykjavik International Film Festival

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 REGNBOGINN SÍMI 551 9000

JENNIFER'S BODY	kl. 6 - 8 - 10	16
BIONICLE ÍSLENSKT TAL	kl. 4	L
THE UGLY TRUTH	kl. 8	14
FINAL DESTINATION	kl. 10	16
GHAJINI - INDVERSK HELGI	kl. 4 Frítt inn	L

NORDISK PANORAMA 25–30 SEPTEMBER Í REGNBOGANUM
DAGSKRÁ ER AÐ FINNA Á: NORDISKPANORAMA.COM

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

FUNNY PEOPLE

Hin sjóðheita Megan Fox leikur frá handritshöfundi Juno kynþokkafulla og vinsæla menntaskólastelpu sem vill aðeins ópekka stráka!

BIONICLE ATH! 650 kr. ÍSLENSKT TAL GOÐSÖGNIN SNÝR AFTUR

550 kr. í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

Katherine Heigl Gerard Butler theugly truth

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

FUNNY PEOPLE	kl. 2, 6 og 9	L
JENNIFER'S BODY	kl. 6, 8 og 10	16
BIONICLE - Íslenskt tal	kl. 2 og 4(650 kr.)	L
THE UGLY TRUTH	kl. 2, 4, 6, 8 og 10	12

FRÁ LEIKSTJÓRA 40 YEAR OLD VIRGIN OG KNOCKED UP FUNNY PEOPLE STÓRKOSTLEG GRÍNMYND MEÐ PEM SETH ROGEN, ERIC BANA OG ADAM SANDLER.

BYGGÐ Á SANNSÖGULEGUM ATBURÐUM HAUNTING IN CONNETICUT ÓHUGNALEG MYND ÞAR SEM ÓÚTSKÝRÐIR HLUTIR ÁTTU SÉR STAÐ Í GÖMLU ÚTFARARHEIMILI SUMA HLUTI ER EKKI HLÆGT AÐ ÚTSKÝRA ATH. ALLS EKKI FYRIR VIÐKVÆMA

frá framleiðendunum PETER JACKSON komar ein besta mynd þessa árs. DISTRICT 9 ★★★★★ - WASHINGTON POST

ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN AÐ VILLA ★★★ - S.V. MBL. STÓRKOSTLEG ÆVINTÝRAMYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA!

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

ALGJÖR SVEPPI	kl. 12D - 2D - 4D - 6D - 8D	L
FUNNY PEOPLE	kl. 5 - 8 - 10	12
DISTRICT 9	kl. 5:50 - 8 - 10:20	16
DISTRICT 9	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20	VIP
BANDSLAM	kl. 5:45 - 8	L
WHALE WATCHING MASSACRE	kl. 10:20	16
UPP M/ísl. Tali	kl. 1 - 1:30 - 3:20 - 3:40	L
DRAG ME TO HELL	kl. 10:50	16
THE PROPOSAL	kl. 10:50	L
HARRY POTTER	kl. 5 - 8	10
G-FORCE M/ísl. Tali	kl. 1 - 3	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

ALGJÖR SVEPPI	kl. 12D - 2D - 4D - 6D - 8D	L
HAUNTING IN CONNECTICUT	kl. 8:20 - 10:10	16
DISTRICT 9	kl. 8:20 - 10:40	16
FINAL DESTINATION 4 (3D)	kl.10:30	16
UPP M/ísl. Tali	kl. 12(3D) - 2(3D) - 4(3D)	L
UPP M/ísl. Tali	kl. 12 - 2 - 4 - 6:10	L
UP M/Ensk. Tali	kl. 6:10(3D)	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI

ALGJÖR SVEPPI	kl 2 - 4 -6 - 8	L
FUNNY PEOPLE	kl. 8 - 10	12
UP M/ísl. Tali	kl. 1:30 - 3:50	L
DISTRICT 9	kl 6 - 10:40	16

SPARBÍÓ - 550 Á MERKTAR APPELSÍNGULU OG KR. 850 Á GRÆNAR

TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ REGNBOGINN BORGARBÍÓ

550 kr. KL.1 SMÁRABÍÓ
550 kr. KL.1 SMÁRABÍÓ ísl tal
950 kr. KL.1 SMÁRABÍÓ (3D 950 KR.)
550 kr. KL.1 SMÁRABÍÓ

Sími: 553 2075 LAUGARÁSBÍÓ - bara lúxus Ódýrt í bíó

FUNNY PEOPLE ATH. SÝND KL.2 ÍSLENSKT TAL GOÐSÖGNIN SNÝR AFTUR ATH. SÝND KL.2 Katherine Heigl Gerard Butler theugly truth ATH. SÝND KL.2

LAUGARÁSBÍÓ 550 KR. Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

SÝND UM LAND ALLT! ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN AÐ VILLA TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA SAMBÍÓIN

Laugardagur, 26. september
Saturday, September 26th

Reykjavík International Film Festival Sep 17—27 2009

12:30	Minus 25	• Hafnarhúsið
13:00	Móðirin	• Hellubíó
14:00	Max vandræðalegur (Q&A)	• Háskólabíó 1
	Galopin augu	• Háskólabíó 2
	Norður	• Háskólabíó 3
	Eamon	• Háskólabíó 4
16:00	Rauða keppnin	• Iðnó
	Draugastelpan: Myndin	• Norræna húsið
	Gleymd	• Hafnarhúsið
	Francesca (Q&A)	• Háskólabíó 1
	Fiskabúrið	• Háskólabíó 3
	Óumbúin rúm	• Háskólabíó 4
16:40	Umoja (Q&A)	• Háskólabíó 2
18:00	Antoine (Q&A)	• Iðnó
	Orð í sandinn	• Norræna húsið
	Kvikmyndasmiðjan	• Hafnarhúsið
	Tónlistarstuttmyndir	• Hellubíó
	Ætti ég virkilega?	• Háskólabíó 2
	Er ég nægilega svartur, að þínu mati?	• Háskólabíó 1
	Mennirnir á brúnni	• Háskólabíó 3
	Blessun	• Háskólabíó 4
20:00	Fórnarlömb auðsins (Q&A)	• Iðnó
	Móðir Jörð	• Norræna húsið
	Farmiði til paradísar / Ást í heimsendingu	• Hafnarhúsið
	Blygðunarlaust	• Háskólabíó 1
	Skoðað í kistu Neils Young	• Háskólabíó 2
	Stingskötu-Sámur	• Háskólabíó 3
	La Pivellina	• Háskólabíó 4
	Hvalapartý	• Elding
22:00	Dagdrykkja	• Iðnó
	Vinnukonan	• Norræna húsið
	Ameríski geimfarinn	• Háskólabíó 1
	Týndur hundur / Stormur	• Háskólabíó 2
	Hundstönn	• Háskólabíó 3
	Daytime Drinking	• Háskólabíó 4
22:20	Kæri Zachary	• Hellubíó
00:00	Miðnæturbíó 2	• Háskólabíó 1

Antoine í Iðnó
Q&A með leikstjóra kl. 16:40

Hér er skyggnst inn í líf Antoines sem er fimm ára strákur sem stýrir útvarpsþætti, sinnir leynilögreglustörfum og keyrir bíl. Hann stundar nám með jafnöldrum sínum í hinu almenna skólakerfi í Montreal. Hann er blindur. **Antoine sýnd í Iðnó kl. 18:00. Leikstjórinn situr fyrir svörum á eftir.**

Iceland Express PÓSTURINN CENTER HOTELS

STÓRKOSTLEG ÆVINTÝRAMYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

ALGJÖR SVEPPI

OG

LEITIN AÐ VILLA

GESTIR FORSÝNINGAR SÖGÐU ...

...BESTA FJÖLSKYLDUMYNDIN
SÍÐAN MEÐ ALLT Á HREINU"

...KOMST ÞVÍ MIÐUR EKKI
BRJÁLAÐ AÐ GERA Í VINNUNNI

...SKOTHELD SKEMMTUN

...STRÁKURINN MINN ER ENN MEÐ
STJÖRNUR Í AUGUNUM

...ÆÐISLEG MYND!

...SKOPPANDI SKEMMTUN
-SKOPPA OG SKRÍTLA

...FLJÚGANDI FÍN MYND
-KALLI Á ÞAKINU

★★★
- S.V. MBL.

VERTU AÐDÁANDI SVEPPA Á FACEBOOK
http://www.facebook.com/ALGJORSVEPPI

MIÐASALA Á MIDI.IS OG Í MIÐASÖLUM SAMBÍÓANNA!

26 og 27.sept.

Álfabakki
kl. 12 - 1 - 2 - 3 - 4 - 6 - 8 *(Digital)*

Kringlan
kl. 12 - 2 - 4 - 6 - 8 *(Digital)*

Akureyri
kl. 2 - 4 - 6 - 8

Keflavík
kl. 2 - 4 - 6 - 8

Selfoss
kl. 2 - 4 - 6 - 8

Akranes
kl. 4

Ísafjörður
kl. 2 - 4 - 8

Patreksfjörður
kl. 4 (bara á sunnudag)

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA

DOLBY

SAMbio.is

midi.is

SAMBÍÓIN

> Skrifað undir eftir helgi

Gunnar Már Guðmundsson sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hann hefði átt í viðræðum við FH síðustu daga. Hann vildi annars lítið láta eftir sér hafa um málið en sagði þó að meira yrði að frétta eftir helgi, líklega strax á mánudaginn. Gunnar Már á eitt ár eftir af samningi sínum við Fjölni en hann hefur leikið með liðinu alla tíð og alveg síðan liðið var í 3. deildinni árið 2001. Það er þó útlit fyrir að leikur Fjölnis gegn Stjörnunni í dag verði síðasti leikur Gunnars með félaginu.

sport
sport@frettabladid.is

LANDSLIÐSMAÐURINN STEFÁN GÍSLASON: FÆR EKKI LENGUR TÆKIFÆRI Í BYRJUNARLIÐI BRÖNDBY Í DANMÖRKU

Þetta er í fyrsta sinn sem ég spila ekki reglulega

Stefán Gíslason er á leið frá danska úrvalsdeildarfélaginu Bröndby þegar félagaskiptaglugginn verður opnaður um næstu áramót nema eitthvað mikið breytist. Hann hefur ekki verið í náðinni hjá nýjum þjálfara liðsins, sem tilkynnti honum í sumar að hans væri ekki lengur óskað hjá félaginu.

Stefán reyndi að finna sér nýtt félag áður en félagaskiptaglugginn lokaði um síðustu mánaðamót en það tókst ekki. Því er hann fastur hjá Bröndby til áramóta.

„Ég er bara á bekknum og finnst ekki líklegt að ég fái mikið af mínútum. Það væri ekki nema einhverjir aðrir leikmenn myndu meiðast," sagði Stefán í samtali við Fréttablaðið.

„Ég hef þó verið í hópnum og komið inn á sem varamaður í nokkrum leikjum en staða mín er vissulega ekki góð. Við höfum einnig verið að vinna okkar leiki að undanförnu og á meðan svo er tel ég ólíklegt að þjálfarinn muni breyta byrjunarliðinu mikið. Við því get ég lítið sagt."

Stefán gekk í raðir Bröndby sumarið 2007 og var fljótlega gerður að fyrirliða liðsins. Áður lék hann með Lyn í Noregi við góðan orðstír.

„Allan minn fótboltaferil, síðan ég var 17-18 ára gamall, hef ég fengið að spila reglulega með mínum liðum. Þetta er því nýtt fyrir mér. Ég er líka á þeim aldri að ég vil og þarf að fá að spila reglulega," segir Stefán en hann verður þrítugur á næsta ári.

Hann segir að þrátt fyrir að þjálfari Bröndby hafi ekki áhuga á að nota Stefán andar ekki köldu þeirra á milli. „Alls ekki. Þetta er allt gert á fagmannlegu nótunum," sagði Stefán.

Nema þjálfarinn skiptir skyndilega um skoðun þá er Stefán á leið til annars félags nú um næstu áramót. Hann veit þó ekki hvert.

„Það er erfitt að fullyrða eitthvað um það nú. Ég mun líta í kringum mig og sjá hvað mér stendur til boða. Ég veit svo sem vel af því að ég gæti sennilega fundið mér lið í Noregi sem hefði áhuga á að fá mig en það yrði ekki minn fyrsti kostur. Ég myndi frekar vilja skoða aðra kosti fyrst ef ég fæ einhverju ráðið. En ég útiloka ekki neitt. Mér leið vel í Noregi og það er aldrei að vita hvað gerist."

Heather Ezell í Powerade-bikar kvenna í gærkvöld:

Frábær frumraun

KÖRFUBOLTI Bandaríski bakvörðurinn Heather Ezell byrjaði feril sinn frábærlega með Íslandsmeisturum Hauka í gærkvöldi en hún var með fjórfalda tvennu í sínum fyrsta leik með liðinu.

Ezell skoraði 24 stig, tók 13 frákköst, gaf 10 stoðsendingar og stal 10 boltum í 75-50 sigri á Njarðvík í átta liða úrslitum Powerade-bikarsins. Haukar mæta Hamar í undanúrslitum keppninnar eftir að Hamar vann 34 stiga sigur á Val.

Ragna Margrét Brynjarsdóttir var með 11 stig og 12 frákast hjá Haukum og Bryndís Hanna Hreinsdóttir skoraði 10 stig.

Kristrún Sigurjónsdóttir og Sigrún Ámundadóttir voru í aðalhlutverki í sínum fyrsta mótsleik fyrir Hamar, sem vann auðveldan 84-50 sigur á Val. Kristrún skoraði 18 stig og Sigrún var með 15 stig. Bandaríski bakvörðurinn Koren Schram var síðan með 16 stig og Hafrún Hálfdánardóttir skorað 10 stig.

Í hinum undanúrslitaleiknum mætast sigurvegararnir úr leikjum KR-Snæfells (í dag klukkan 16.00) og Keflavík-Grindavík (á morgun klukkan 17.00).

- óój

FJÓRFÖLD TVENNA Heather Ezell. MYND/STEFÁN BORGÞÓRSSON

BARÁTTAN UM GULLSKÓINN Landsliðskonurnar Kristín Ýr Bjarnadóttir úr Val og Rakel Hönnudóttir úr Þór/KA eru efstar og jafnar sem markahæstu leikmenn deildarinnar fyrir lokaumferðina. Þær hafa báðar skorað 23 mörk í 17 leikjum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gullskór og Evrópusæti

Lið Breiðabliks, Þór/KA og Stjörnunnar bítast um annað sætið í Pepsi-deild. Kristín Ýr Bjarnadóttir og Rakel Hönnudóttir berjast um gullskóinn eftirsótta.

FÓTBOLTI Lokaumferð Pepsi-deildar kvenna í fótbolta fer fram um helgina og þrátt fyrir að Valsstúlkur séu þegar búnar að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn og ljóst er hvaða lið falla úr deildinni, þá er enn að miklu að keppa. Bæði fyrsta og annað sæti deildarinnar gefa nefnilega þátttökurétt í Evrópukeppni að ári en Breiðablik, Þór/KA og Stjarnan eru öll hnífjöfn með 36 stig í öðru sætinu fyrir lokaumferðina.

Breiðablik er með hagstæðasta markahlutfallið af liðunum þremur fyrir lokaumferðina og á eitt mark á Þór/KA og tíu mörk á Stjörnuna. Blikastúlkur eru einnig eina liðið af þessum þremur sem leika á heimavelli í lokaumferðinni en þær fá GRV í heimsókn á Kópavogsvöll. Breiðablik hefur leikið glimrandi sóknarbolta í sumar en hefur ef til vill verið að gefa örlítið eftir í síðustu umferðum eftir að hafa misst tvo mikilvæga hlekki úr sóknarleik sínum, Hörpu Þorsteinsdóttur í meiðsli og Söndru Sif Magnúsdóttur í nám erlendis. Þór/KA hefur verið á mikilli siglingu og ekki tapað deildarleik síðan í byrjun júní. Norðanstúlkur eiga hins vegar fyrirfram ólyktað erfiðasta leikinn af liðunum þremur þar sem þær mæta KR á KR-velli. Þór/KA vann fyrri leik liðanna í sumar en það var í fyrsta skiptið sem Þór/KA vann KR í efstu deild kvenna. Stjörnustúlkur þurfa að treysta dálítið á GRV og KR til þess að eygja möguleika á öðru sætinu vegna áberandi slökustu markatölunnar af liðunum þremur. Þær sjá þó eflaust ákveðin sóknarfæri í því að mæta botnliði Keflavíkur í lokaumferðinni en Keflavík hefur tapað öllum sautján leikjum sínum í sumar.

LOKAUMFERÐIN

Laugardagur:	
Aftureldingu/Fjölnir-Valur	kl. 16
Sunnudagur:	
Breiðablik-GRV	kl. 14
KR-Þór/KA	kl. 14
Keflavík-Stjarnan	kl. 14
Fylkir-ÍR	kl. 14

Hver verður markadrottning?

Kristín Ýr Bjarnadóttir úr Val og Rakel Hönnudóttir úr Þór/KA í eru harðri baráttu um gullskóinn, sem veittur er markahæsta leikmanni deildarinnar, en báðar hafa þær skorað 23 mörk í 17 deildarleikjum í sumar.

„Ég er ekkert að hugsa um að fá gullskóinn. Ef það gerist, þá bara gerist það," segir Kristín Ýr og ítrekar að Valsstúlkur ætli sér að klára mótið með sigri gegn Aftureldingu/Fjölni. „Ég hugsa bara um þrjú stig og við förum eins í lokaleikinn og alla aðra leiki, með því hugarfari að vinna. Það er líka gott fyrir okkur að fá þennan leik til þess að halda okkur á tánum fyrir leikina í Evrópukeppninni og úrslitaleikinn í bikarnum," segir Kristín Ýr.

Rakel Hönnudóttir er einnig með fókusinn á gengi liðs síns í lokaumferðinni og segir keppnina um gullskóinn bara vera skemmtilegan bónus.

„Leikurinn gegn KR leggst bara mjög vel í mig en það er verst að við erum ekki alveg með þetta í okkar höndum þar sem Breiðablik og Stjarnan eru þarna líka," segir Rakel. „Við erum annars sáttar með að hafa þegar bætt okkur frá því síðasta sumar en við viljum auðvitað enda tímabilið á jákvæðum nótum. Þetta er annars búin að vera mjög jöfn og skemmtileg deild og við erum búnar að taka stórt skref í sumar með því að vera eitt af þessum liðum sem voru að berjast um titilinn. Ég man vel eftir því þegar ég var að byrja í þessu og við töpuðum jafnan 10-0 á móti Val og KR og þessum liðum en núna erum við hins vegar þarna uppi og viljum ná enn lengra en við höfum náð í sumar."

omar@frettabladid.is

Dýrasti knattspyrnumaður heims hefur ennþá sterkar taugar til Manchester:

Ronaldo styður enn United

FÓTBOLTI Cristiano Ronaldo fylgist enn grannt með sínum gömlu félögum í Manchester United og horfir á alla leiki liðsins í sjónvarpi.

Ronaldo fór frá United til Real Madrid í sumar fyrir áttatíu milljónir punda í sumar, sem er það mesta sem nokkurt félag hefur greitt fyrir einn leikmann. Hann hefur byrjað tímabilið frábærlega og skorað sjö mörk í fyrstu fimm leikjunum í spænsku deildinni og Meistaradeildinni.

Í STUÐI Cristiano Ronaldo. NORDICPHOTOS/AFP

„Ég reyni að horfa á leiki United í sjónvarpinu þegar ég get," sagði Ronaldo í samtali við enska fjölmiðla. „Ég hef enn áhuga á því sem gerist á Old Trafford. Og þótt ég sé hjá Real Madrid núna er ég samt ánægður þegar United vinnur sína leiki."

- esá

BT ÚRVALIÐ ER Í BT

BT HEFUR OPNAÐ VERSLUN Í ORMSSON SMÁRALIND

SONY

SONY PS3

120GB

Ný sending var að lenda af þessari nýju leikjatölvu.
120GB harður diskur, 32% minni en fyrri útgáfa, Bluray spilari,
HDMI tengi, stýripinni fylgir

FRÁBÆRT VERÐ

64.999

69.999

Wii

NINTENDO WII

FJARSTÝRING FYLGIR

44.999

49.999

FRÁBÆRT VERÐ

BT LÁN 7,7% Til allt að 24 mánaða

Það sem gerir þessa vél svo einstaka er hin frábæra "Wiimote" fjarstýring sem notuð er með henni. Hún er með hreyfiskynjara sem nemur nákvæmlega hvernig þú snýrð, hreyfir eða hreinlega sveiflar höndunum.

AION

PC

Crytec grafíkvél. Leikurinn er gerður af NCSoft sem meðal annars hefur gert Guild Wars leikina.
Ert þú í stakk búinn til að bjarga heiminum?

6.499 PC

NEED FOR SPEED SHIFT

PC, PS3, PSP, XBOX 360

VAR AÐ LENDA

Nýjasti leikurinn í metsöluseríunni Need for Speed. Hér er áherslan lögð á raunverulega spilun, en leikurinn inniheldur alla helstu kappaksturs- og sportbíla heimsins sem leikmenn geta notað til að þeysast um fjölmargar brautir.

Dómar
90 af 100 – IGN.com
90 af 100 – Official PlayStation Magazine

10.999 PS3

Halo 3 ODST

XBOX 360

VAR AÐ LENDA

Hér eru hörðustu hermenn Halo heimsins settir í magnaðar orrustur í þessum sjálfstæða aukapakka við Halo 3. Stór og safaríkur skammtur af Halo, þar sem menn vaða í gegnum nýjan söguþráð, ný multiplayer borð og margt fleira.

99 af 100 – Vandal Online
93 af 100 – Planet Xbox 360

10.999 XBOX360

ZANUSSI FRYSTISKÁPUR

vn: HZ933_012_625

Hæð 85cm
Breidd 55cm
Dýpt 61cm
3 skúffur
Frystir 91L
Orkunotkun A
á ári kWh: 208

FÆST Í SKEIFUNNI

69.999

BT LÁN 7,7% Til allt að 24 mánaða

ZANUSSI ÞVOTTAVÉL

FÆST Í SKEIFUNNI

vn: HZ933_012_625

Hæð 85cm
Breidd 60cm
Dýpt 63cm
6 KG
1000 snúninga
Þvotta
Orkunotkun A+

79.999

BT LÁN 7,7% Til allt að 24 mánaða

ZANUSSI KÆLISKÁPUR

FÆST Í SKEIFUNNI

VN: HZ925_031_560

Hæð 175cm
Breidd 60cm
Dýpt 63cm
Kælir 223L
Frystir 92L
Orkunotkun A+
á ári kWh: 274

109.999

BT LÁN 7,7% Til allt að 24 mánaða

PACKARD BELL DOT N

FISTÖLVA MEÐ 11,6" HD LED SKJÁ

TASKA FYLGIR

VAR AÐ LENDA!

AMD Athlon 64 L110
2GB DDR2
512MB ATI Radeon X1270 (10x öflugra en í sambærilegum vélum)
250GB harður diskur
11,6" HD LED 1366x768 skjá
5 IN 1 kortalesari
Digital míkrafónn sem skilar kristaltærum hljómi
Vista Home Premium
þráðlaust netkort, Bluetooth,
1,3KG

99.999

8 GB 5.999

SAMSUNG ES-55

3 LITIR

24.999

MINNISKORT FYLGIR • 4GB

4.999

10.2-megapixel
Face Detection
Red-eye Fix
2.5" intelligent LCD (230 K)
Movie mode (VGA 30 fps, MJPEG)
Stylish metal body
Beauty Shot
Self Portrait
Digital Image Stabilization (DIS)
ISO 1600
Photo Help Guide and Function Descriptiont

BT SKEIFAN - BT SMÁRALIND - BT AKUREYRI - www.BT.is - 550-4444

FRÁBÆR BYRJUN Chelsea hefur ekki enn tapað stigi undir stjórn Ítalans Carlo Ancelotti. NORDICPHOTOS/AFP

Chelsea á toppnum í enska:

Heldur sigurgangan áfram?

FÓTBOLTI Chelsea getur komist í fámennan hóp vinni liðið Wigan í ensku úrvalsdeildinni í dag. Chelsea hefur unnið sex fyrstu leiki sína í deildinni og alls ellefu deildarleiki í röð ef tekið er með endirinn á síðasta tímabili.

Það eru aðeins lið Arsenal (14 sigrar í röð frá febrúar til ágúst 2002) og Manchester United (12 sigrar í röð frá mars til ágúst 2000) sem geta státað af því að hafa unnið svo marga leiki í röð í ensku úrvalsdeildinni. - óój

LEIKIR HELGARINNAR

Laugardagur	
Portsmouth-Everton	Kl. 11.45
Birmingham-Bolton	Kl. 14.00
Blackburn-Aston Villa	Kl. 14.00
Liverpool-Hull	Kl. 14.00
Stoke-Man. Utd	Kl. 14.00
Tottenham-Burnley	Kl. 14.00
Wigan-Chelsea	Kl. 14.00
Fulham-Arsenal	Kl. 16.30
Sunnudagur	
Sunderland-Wolves	Kl. 15.00
Mánudagur	
Man City-West Ham	Kl. 19.00

Þríhöfða sóknarlína hjá FH í sumar

FH-ingar eiga þrjá marksæknustu leikmenn Pepsi-deildar karla þegar aðeins ein umferð er eftir. Atli Viðar Björnsson, Atli Guðnason og Matthías Vilhjálmsson hafa allir átt þátt í 20 mörkum FH-liðsins í sumar.

FÓTBOLTI FH-ingar hafa verið frábærir sóknarlega í Pepsi-deild karla í sumar sem sést best á því að liðið er búið að skora 56 mörk í 21 leik eða 2,7 mörk að meðaltali í leik. Það hefur aðeins eitt lið skorað fleiri mörk í efstu deild á einu tímabili frá upphafi og það voru Skagamenn sem skoruðu 62 mörk (í 18 leikjum) sumarið 1993.

Alveg eins og með Skagamenn fyrir sextán árum eru það þrír leikmenn FH-liðsins sem hafa verið í aðalhlutverki í sóknarleiknum. Hafnarfjarðarliðið á þrjá marksæknustu leikmenn Pepsi-deildar karla þegar aðeins lokaumferðin er eftir. Þetta eru þeir Atli Viðar Björnsson, Atli Guðnason og Matthías Vilhjálmsson.

Skagamenn höfðu þá Þórð Guðjónsson (19 mörk, 7 stoðsendingar), Harald Ingólfsson (14 mörk, 9 stoðsendingar) og Mihajlo Bibercic (13 mörk, 6 stoðsendingar) í fararbroddi í sókninni sinni þegar þeir settu markamet sitt sumarið 1993.

Atlarnir hafa báðir átt þátt í 21 marki í sumar, Atli Viðar í 20 leikjum og Atli Guðnason í 19 leikjum en Matthías Vilhjálmsson hefur síðan átt þátt í 20 mörkum í 21 leik. Matthías er eini leikmaður deildarinnar sem hefur bæði skorað 10 mörk og gefið 10 stoðsendingar.

Atli Guðnason hefur fastan stað á vinstri vængnum og Atli Viðar Björnsson spilar sem fremsti maður en Matthías hefur verið að spila á ýmsum stöðum á vellinum. Matthías hefur leikið á miðjunni, á hægri kanti og jafnvel sem bakvörður en hefur engu að síður skilað frábærri markatölfræði í sumar. Einhver þeirra þriggja hefur átt beinan þátt í 50 af 56 deildarmörkum FH-liðsins og í mörgum tilfellum hafa þeir verið að leggja upp mörk hver fyrir annan. FH-liðinu hefur aðeins mistekist að skora í þremur af 21 deildarleik í sumar. Í seinni tveimur leikjunum spiluðu þeir í 150 mínútur án Atla Guðnasonar og í þeim fyrsta misstu þeir fyrirliða sinn út af með rautt spjald eftir aðeins 19 mínútur.

FH-ingar tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn um síðustu helgi en geta tryggt sér tvo aðra einstaklingstitla í lokaleiknum um helgina, markakóngstitilinn og stoðsendingatitilinn.

Atli Viðar Björnsson er langmarkahæsti leikmaður deildarinnar með 14 mörk og gullskóinn vísan fyrir síðustu umferðina. Hann hefur þriggja marka forskot á Blikann Alfreð Finnbogason, Grindvíkinginn Gilles Daniel Mbang Ondo og KR-inginn Björgólf Takefusa.

Matthías Vilhjálmsson hefur gefið flestar stoðsendingar í deildinni eða alls 10. Hann hefur eina stoðsendingu í forskot á næstu menn sem eru FH-ingurinn Atli Guðnason, KR-ingurinn Gunnar Örn Jónsson og Stjörnumaðurinn Halldór Orri Björnsson.

Lokaumferðin fer fram í dag og hefjast allir leikirnir klukkan 16.00. Þá mætast Valur-KR, Stjarnan-Fjölnir, Breiðablik-Grindavík, Fram-Þróttur R., Keflavík-ÍBV og Fylkir-FH.

ooj@frettabladid.is

ATLI GUÐNASON

Leikir	19
Mínútur spilaðar	1595
Mörk+mörk undirbúin	10+11
Þáttur í mörkum	21
Mín. á milli marka	159,5
Mín. á milli skapaðra marka	76,0

MATTHÍAS VILHJÁLMSSON

Leikir	21
Mínútur spilaðar	1887
Mörk+mörk undirbúin	10+10
Þáttur í mörkum	20
Mín. á milli marka	188,8
Mín. á milli skapaðra marka	94,4

ATLI VIÐAR BJÖRNSSON

Leikir	20
Mínútur spilaðar	1658
Mörk+mörk undirbúin	14+7
Þáttur í mörkum	21
Mín. á milli marka skoraða	118,4
Mín. á milli skapaðra marka	79,0

ÞÁTTUR Í FLESTUM MÖRKUM Í PEPSI-DEILD KARLA

Atli Viðar Björnsson, FH	21 (14 mörk skoruð + 7 mörk undirbúin)
Atli Guðnason, FH	21 (10 mörk skoruð + 11 undirbúin)
Matthías Vilhjálmsson, FH	20 (10 mörk skoruð + 10 undirbúin)
Björgólfur Takefusa, KR	18 (11 mörk skoruð + 7 undirbúin)
Gilles Mbang Ondo, Grindavík	18 (11 mörk skoruð + 7 undirbúin)
Gunnar Örn Jónsson, KR	17 (8 mörk skoruð + 9 undirbúin)
Ingimundur Níels Óskarsson, Fylki	17 (7 mörk skoruð + 10 undirbúin)
Halldór Orri Björnsson, Stjörnunni	17 (7 mörk skoruð + 10 undirbúin)
Alfreð Finnbogason, Breiðabliki	16 (11 mörk skoruð + 5 undirbúin)
Kristinn Steindórsson, Breiðabliki	14 (7 mörk skoruð + 7 undirbúin)
Tryggvi Guðmundsson, FH	13 (7 mörk skoruð + 6 undirbúin)
Baldur Sigurðsson, KR	13 (7 mörk skoruð + 6 undirbúin)
Guðmundur Benediktsson, KR	12 (4 mörk skoruð + 8 undirbúin)
Hjálmar Þórarinsson, Fram	11 (7 mörk skoruð + 4 undirbúin)
Almar Ormarsson, Fram	11 (6 mörk skoruð + 5 undirbúin)
Óskar Örn Hauksson, KR	11 (6 mörk skoruð + 5 undirbúin)
Scott Ramsay, Grindavík	11 (4 mörk skoruð + 7 undirbúin)

Fimm hafa átt þátt í 10 mörkum



Mónakó mætir Saint-Étienne í frönsku deildinni:

Eiður bíður enn eftir fyrsta markinu sínu

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen og félagar í Mónakó-liðinu fá Saint-Étienne í heimsókn í frönsku 1. deildinni klukkan 17.00 í dag. Leikurinn verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport 3.

Þetta verður fjórði leikur Eiðs Smára með Mónakó en honum hefur enn ekki tekist að skora á þeim 190 mínútum sem hann hefur spilað fyrir félagið.

Að þessu sinni fá þeir eitt af neðstu liðum deildarinnar í heimsókn og það ætti því að vera kjörið tækifæri hjá Eiði að opna markareikninginn í dag. Saint-Étienne vann þó 4-1 sigur á Nice í deildarbikarnum í vikunni á sama tíma og Mónakó tapaði 0-2 fyrir Veigari Páli Gunnarssyni og félögum í Nancy.

Alain Perrin, þjálfari Saint-Étienne, hræðist fjögurra manna sóknarlínu Mónakó-liðsins. „Ég hef ekki verið ánægður með vörnina hjá okkur og við erum enn að finna réttu blönduna. Við þurfum því að passa á okkur á kvartettinum hjá Mónakó því Park, Guðjohnsen, Nene og Alonso eru allir teknískir og skeinuhættir leikmenn. Mónakó er að byggja upp mjög sterkt lið og þessi leikur verður stórt próf fyrir okkur," sagði Perrin fyrir leikinn á heimasíðu félagsins.

Þeir Chu Young Park, Nene og Alejandro Alonso hafa allir notið góðs af komu Eiðs Smára og þeir tveir síðarnefndu hafa báðir skorað tvö mörk í tveimur deildarleikjum hans í Mónakó.

Íslenskur leikmaður hefur ekki skorað í frönsku 1. deildinni síðan faðir Eiðs Smára, Arnór Guðjohnsen, skoraði fyrir Bordeaux 20. apríl 1991. Veigar Páll Gunnarsson hefur ekki enn komist á blað hjá Nancy enda hefur hann aðeins fengið að spila í 147 mínútur samanlagt í deildinni.

Okkur Íslendingum finnst þó alveg vera tími kominn á að okkar maður reki af sér slyðruorðið og komist á blað í franska boltanum. - óój

Í BÚNINGI MÓNAKÓ Eiður Smári Guðjohnsen. NORDICPHOTOS/AFP

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár
N1
BIÐIN ER Á ENDA
FANGAVAKTIN HEFST Á MORGUN KL. 20:30
ÞAÐ ER
ÓDÝRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA
skemmtilegri
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

dagskrá
sunnudagur

> Elaine Cassidy

„Mér finnst mestu máli skipta að njóta augnabliksins á meðan það er og vera ekki að velta sér upp úr því hvað var eða hvað getur orðið."

Cassidy leikur góðu stúlkuna Abby Mills í þættinum Harper's Island sem SkjárEinn sýnir kl. 21.50.

SUNNUDAGSKVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.30

Fangavaktin

Biðin er á enda. Fangavaktin hefst þegar þeir Georg og Daníel hefja afplánun á meðan Ólafur Ragnar er enn að gera sér vonir um skjótfenginn gróða og glæstan frama á nýjum starfsvettvangi sem eldhress fasteignasali. Til að gera langa sögu stutta veit Ólafur Ragnar ekki fyrr en hann hefur komið sér í tómt klandur og sameinast því félögum sínum í fangelsinu.

▸ VIÐ MÆLUM MEÐ
Sjálfstætt fólk

Stöð 2 kl. 19.45

Viðmælandi Jóns Ársæls í kvöld er Ilmur Kristjánsdóttir, leikkona og nemi í guðfræði við Háskóla Íslands. Hún hefur slegið í gegn meðal annars í hlutverki Ástríðar í samnefndum þáttum sem eru á dagskrá Stöðvar 2. Ilmur ræðir við Jón um allt milli himins og jarðar og hefur ekkert að fela, enda segir hún: „Því meira sem þú gefur af þér á sviðinu, þeim mun meira færðu til baka."

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Friðþjófur forvitni, Lítil prinsessa, Þakbúarnir, Með afa í vasanum, Stjáni, Sígildar teiknimyndir, Alvöru Dreki, Einu sinni var... Jörðin og Landið mitt.

10.30 Unglingalandsmót UMFÍ

11.20 Þöglu börnin (e)

11.45 Áin - Ættbálkurinn á bakkanum (e)

12.30 Silfur Egils

14.00 Daginn eftir frið (The Day After Peace) (e)

15.00 Svart, hvítt og grátt (Black White + Grey: A Portrait of Sam Wagstaff and Robert Mapplethorpe) (e)

16.20 Trú, von og Grænland (Tro, håb og Grönland) (e)

16.55 Hellisbúar (Cavemen) (13:13)

17.20 Táknmálsfréttir

17.30 Bram plötusnúður

17.45 Skoppa og Skrítla (7:8) (e)

18.00 Stundin okkar (e)

18.30 Spaugstofan (e)

19.00 Fréttir

19.30 Veðurfréttir

19.35 Fréttaaukinn

20.10 Flóttinn (Die Flucht) (2:2) Seinni hluti þýskara sjónvarpsmyndar.

21.40 Lukkuvegur Dönsk bíómynd frá 2003. Sara er fullorðin kona sem stendur uppi slypp og snauð eftir að maðurinn hennar tekur upp samband við aðra konu. Aðalhlutverk: Birthe Neumann, Jesper Lohmann, Ditte Gråbøl, Asger Reher og Niels Olsen.

23.20 Silfur Egils (e)

00.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BBC entertainment

10.10 Jonathan Creek **11.00** Jonathan Creek **11.50** Dalziel and Pascoe **12.40** Dalziel and Pascoe **13.30** My Family **14.00** My Family **14.30** Lab Rats **15.00** Lab Rats **15.30** Lab Rats **16.00** Lab Rats **16.30** Doctor Who **17.15** Doctor Who **18.00** Jonathan Creek **19.00** Jonathan Creek **20.00** Rob Brydon's Annually Retentive **20.30** Rob Brydon's Annually Retentive **21.00** Rob Brydon's Annually Retentive **21.30** Rob Brydon's Annually Retentive **22.00** Rob Brydon's Annually Retentive **22.30** Doctor Who **23.15** Doctor Who **00.00** Jonathan Creek

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Lalli, Gulla og grænjaxlarnir, Litla risaeðlan, Elías og Þorlákur.

08.00 Algjör Sveppi Harry og Toto, Boowa og Kwala, Kalli og Lóa, Svampur Sveinsson Hvellur keppnisbíll, Áfram Diego, afram!, Könnuðurinn Dóra, Aðalkötturinn og Scooby-Doo og félagar.

10.45 The Adventures of Brer Rabbit

12.00 Nágrannar

13.20 Nágrannar

13.45 Chuck (3:22)

14.30 Beauty and the Geek (9:10)

15.20 Monk (3:16)

16.05 You Are What You Eat (10:18)

16.30 My Name Is Earl (17:22)

16.55 Oprah

17.40 60 mínútur Glænýr þáttur þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar.

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.55 Íþróttir

19.02 Veður

19.10 The Moment of Truth (14:25) Spurningaþáttur þar sem þátttakendur eru tengdir við lygamæli og þurfa að svara persónulegum spurningum um sjálfa sig.

19.45 Sjálfstætt fólk Jón Ársæll tekur hús á áhugaverðu fólki.

20.30 Fangavaktin (1:8) Georg, Daníel og Ólafur Ragnar eru mættir aftur.

21.05 Monk (14:16) Adrian Monk heldur áfram að aðstoða lögregluna við rannsókn undarlegra sakamála.

21.50 Numbers (11:23) Tveir ólíkir bræður sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri, Don, er varðstjóri hjá FBI en sá yngri, Charlie, er stærðfræðiséní.

22.35 The 4400 (7:13)

23.20 NCIS (7:19)

00.50 Dear Frankie

02.35 The Deal

04.20 Monk (14:16)

05.05 Fangavaktin (1:8)

05.40 Fréttir

SPORT *besta sætið*

08.50 PGA Tour 2009 Útsending frá The Tour Championship-mótinu í golfi.

11.00 F1: Við rásmarkið Hitað upp fyrir komandi keppni.

11.30 F1: Kappaksturinn Bein útsending frá Formúlu 1 kappakstrinum í Singapúr.

14.15 F1: Við endamarkið Keppni helgarinnar krufin til mergjar.

14.45 Valur - KR Útsending frá Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

16.35 Mónakó - St. Etienne Útsending frá leik í franska boltanum.

18.15 PGA Tour 2009 Bein útsending frá lokadegi The Tour Championship-mótsins í golfi en margir af snjöllustu kylfingum heims eru mættir til leiks.

22.00 F1: Við endamarkið

22.30 Malaga - Barcelona Útsending frá leik í spænska boltanum.

SPORT 2 *enski boltinn*

08.40 Mörk dagsins Allir leikir dagsins í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir.

09.20 Liverpool - Hull Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

11.00 Blackburn - Aston Villa Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

12.45 Goals of the Season 2008 Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

13.40 Premier League World Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.

14.10 Mörk dagsins

14.50 Sunderland - Wolves Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

17.00 Portsmouth - Everton Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

18.45 Fulham - Arsenal Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

20.30 Stoke - Man. Utd Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

22.15 Sunderland - Wolves Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

EXTRA

11.15 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem læknar veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

12.00 The Doctors

12.45 The Doctors

13.30 The Doctors

14.15 The Doctors

15.00 Oprah

15.45 Doctors (20:25)

16.15 Doctors (21:25)

16.45 Doctors (22:25)

17.15 Doctors (23:25)

17.45 Doctors (24:25)

18.15 Seinfeld (4:24)

18.40 Seinfeld (5:24)

19.05 Seinfeld (5:5)

19.30 Seinfeld (7:24)

20.00 America's Got Talent (19:20) Leitin að sönnu hæfileikafólki er hafin enn á ný. Líkt og síðast eru dómarar þau David Hasselhoff, Piers Morgan og Sharon Osbourne.

20.40 Auddi og Sveppi Auddi og Sveppi eru mættir aftur hressari og uppátækjasamari en nokkru sinni fyrr í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.

21.10 ET Weekend

22.00 Seinfeld (4:24)

22.25 Seinfeld (5:24)

22.50 Seinfeld (5:5)

23.15 Seinfeld (7:24)

23.40 The O.C. 2 (13:24)

00.25 Sjáðu

01.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

INN

18.00 Hestafréttir

18.30 Neytendavaktin

19.00 Óli á Hrauni

19.30 60 plús

20.00 Hrafnaþing

21.00 Í kallfæri

21.30 Maturinn og lífið

22.00 Hrafnaþing

23.00 Tryggvi Þór á alþingi

23.30 Græðlingur

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist

13.10 World Cup of Pool 2008 (e)

14.00 Dynasty (58:88) (e)

14.50 Dynasty (59:88) (e)

15.40 Yes Dear (3:15) (e)

16.05 What I Like About You (e)

16.30 Spjallið með Sölva (1:13) (e)

17.20 Design Star (9:9) (e)

18.10 She's Got the Look (3:6) (e)

19.00 Bachelorette (11:12) Bandarísk raunveruleikasería þar sem ung og einhleyp kona fær tækifæri til að finna draumaprinsinn í hópi myndarlegra piparsveina. (e)

19.50 Fyndnar fjölskyldumyndir (2:12) Fjölskyldupáttur þar sem sýnd eru bæði innlend og erlend myndbrot, sem kitla hláturtaugarnar og koma öllum í gott skap. (e)

20.20 Lífsaugað (2:10) Þórhallur Guðmundsson miðill stýrir skyggnilýsingum fyrir gesti sína í sal og sjónvarpsáhorfendur. Honum til aðstoðar er Guðrún Möller sem ræðir við gestina um frammistöðu miðilsins. Í Lífsauganu getur allt gerst.

21.00 Law & Order: Special Victims Unit (3:19) Bandarísk sakamálasería um sérdeild lögreglunnar í New York sem rannsakar kynferðisglæpi.

21.50 Harper's Island (3:13) Lögreglan telur að ung stúlka hafi framið sjálfsmorð en það eru ekki allir sannfærðir og Abby fær pabba sinn, lögreglustjórann, til að rannsaka málið nánar. Stranglega bannað börnum.

22.40 Flashpoint (9:12) (e)

23.30 Secret Diary of a Call Girl (e)

00.00 PA´s (3:6) (e)

01.00 Penn & Teller: Bullshit (7:59) (e)

01.30 Penn & Teller: Bullshit (8:59) (e)

02.00 Pepsi MAX tónlist

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

BÍÓ

08.00 Knights of the South Bronx

10.00 Grease

12.00 Flushed Away

14.00 Knights of the South Bronx

16.00 Grease

18.00 Open Season

20.00 We Are Marshall Matthew McConaughey fer með hlutverk þjálfara sem ræður sig hjá ruðningsliði sem er í molum eftir að nær allt liðið hefur látið lífið í flugslysi.

22.10 The Heartbreak Kid Léttgeggjuð rómantísk gamanmynd með Ben Stiller úr smiðju Farrelly-bræðra.

00.05 Happy Endings

02.15 Secrets of Angels, Demons and Masons

04.00 The Heartbreak Kid

06.00 House of D

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr **10.10** Boxen **10.25** Truslen fra dybet **11.05** Sugar Rush **11.30** Hjerteflimmer Classic **12.00** Gudstjeneste i DR Kirken **12.45** OBS **12.55** Blekingegadebanden **13.55** Columbo **15.30** Vores store verden **16.00** Socialdemokratiets landsmode **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** OBS **17.05** Tæt på en dronning **18.00** Forbrydelsen II **19.00** 21 Sondag **19.40** SportNyt med SAS liga **20.05** Lewis **21.40** Napoleon **23.10** VM Brydning 2009 **23.40** Seinfeld

NRK 1

15.30 Åpen himmel **16.00** Alba og Adam **16.30** Newton **17.00** Sondagsrevyen **17.45** Sportsrevyen **18.05** Elixir **18.35** Jahn Teigen 60 år **19.40** Mysterier med George Gently **21.10** Kveldsnytt **21.30** NM-rally **22.00** Beat for beat **23.00** Viggo på lordag **23.30** Svisj gull **01.00** Norsk på norsk jukeboks

SVT 1

15.55 Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Cranford **17.10** Svenska komedienner **17.20** 1809 **17.30** Rapport **17.55** Regionala nyheter **18.00** Playa del Sol **18.30** Sportspegeln **19.15** Mannen under trappan **20.00** Vinna eller försvinna **20.30** Människans resa **21.00** Andra Avenyn **21.45** Kommer du ihåg Frank?

Subway styrkir Hjartaheill!

Á morgun sunnudag rennur andvirði allrar sölu á 7 undir 6 bátum og Toppi frá Vífilfelli

óskert til Hjartaheilla

SUBWAY í fínu formi

Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.

7 kafbátar með 6 grömm af fitu eða minna

HjartaHeill
LANDSSAMTÖK HJARTASJÚKLINGA

Sex tommu kafbátur með skinku er einn af 7 undir 6 kafbátunum og inniheldur hann aðeins 5 grömm af fitu.

Nánari uppl. á www.subway.is

18 Subway staðir um allt land

15 ÁRA

SUBWAY

1994 - 2009

dagskrá

> Robert Downey Jr.

„Að vera háður fíkniefnum er eins og að vera með hlaðna byssu í kjaftinum en geta ekki hætt að líka vel við málmbragðið. Það er skelfilegt."

Downey Jr. fer með hlutverk í myndinni Zodiac sem Stöð 2 sýnir í kvöld kl. 22.00.

VIÐ TÆKIÐ STÍGUR HELGASON FÆR ENGAN FIÐRING YFIR INNYFLUM OG BLÓÐI

Hjáveitu- og svuntuaðgerðastöð ríkisins

Einn af reglubundnum dagskrárliðum í svokölluðum magasínþáttum sjónvarpsstöðvanna er innlit í læknisaðgerð. Þá fá þáttastjórnendur yfirleitt í heimsókn sjúka manneskju, sem ýmist er til dæmis hrjáð af illvígum og sjaldgæfum erfðakvilla eða offitu, og fylgjast með henni leita sér lækningar við meininu. Þótt sjónvarpsefni af þessu tagi kveiki lítt í mér er þetta samt sem áður gott og blessað svo langt sem það nær. Til dæmis getur verið upplýsandi fyrir aðra sem þjást af sömu meinsemdum að vita hvernig læknismeðferðin gengur fyrir sig og hvaða árangri hún getur skilað.

Hitt er illskiljanlegra; hvers vegna einhverjum þykir það eftirsóknarvert að færa blóðugar skurðaðgerðirnar sjálfar, svuntu-, hjáveitu- og hvað þetta allt heitir, inn í stofu til allra Íslendinga, sýna doktorana veita hjá ókræsilegum mögum þeirra veiku og ota hljóðnemum upp að grímuklæddum andlitum læknanna á meðan þeir reyna að einbeita sér að því að klúðra nú sem minnstu. Fyrir hverja er þetta gert? Þá sömu og fá þægilegan fiðring í magann og víðar þegar þeir horfa á Saw-kvikmyndaröðina?

Ég efast reyndar um að mikil spurn sé eftir sjónvarpi af þessu tagi og get mér þess til að flestir séu slíkar veimiltítur að þeir líti undan og bölvi í hljóði þegar skurðhnífurinn er mundaður á skerminum. En kannski hef ég rangt fyrir mér og er einn um þennan kveifarhátt. Og ef svona efnistök njóta sannarlega mikil fylgis þá sé ég í því ýmis tækifæri:

Landspítalinn gæti til dæmis sleppt þessum óþarfa millilið sem sjónvarpið er og spornað við niðurskurði með því að selja beint inn á uppskurði. Það mætti jafnvel opna sérstaka sjónvarpsrás sem sýnir ekkert annað en innyfli og blóð. Hún færi vel á rásinni sem ég held að sé laus við hliðina á Alþingissjónvarpinu.

LAUGARDAGUR

▶ **18.35 Yes Dear** SKJÁREINN

▶ **19.35 America's Got Talent** STÖÐ 2

▶ **19.50 The Tour Championship (PGA), beint** STÖÐ 2 SPORT

▶ **20.00 Ástríður** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **20.10 Útsvar** SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Pálína, Skellibær, Sögustund með Mömmu Marsibil, Bangsímon og vinir hans, Tóti og Patti, Ólivía, Sögurnar okkar, Elías Knár, Fræknir ferðalangar og Skúli skelfir.

10.30 Leiðarljós (e)

11.50 Landsmót UMFÍ Þáttur um 100 ára afmælislandsmót UMFÍ sem fram fór á Akureyri í sumar.

12.50 Kiljan (e)

13.40 Bakteríuríkið (Bacterialand) (e)

14.35 Annie Leibovitz (Annie Leibovitz: Life Through a Lens) (e)

15.55 Reiðhjólasveitin (Bike Squad) (e)

17.50 Táknmálsfréttir

18.00 Safnarar í Himalajafjöllum (Jungle Nomads of the Himalayas) (e)

18.54 Lottó

19.00 Fréttir

19.30 Veðurfréttir

19.40 Spaugstofan

▶**20.10 Útsvar** (Akureyri - Borgarbyggð)

21.15 Spaugari í heimi múslima (Looking for a Comedy in a Muslim World) Bandarísk gamanmynd frá 2006. Til að bæta samskipti sín við ríki íslams senda bandarísk stjórnvöld grínistann Albert Brooks til Asíu að grennslast fyrir um hvað kemur múslímum til að hlæja. Aðalhlutverk: Albert Brooks, Sheetal Sheth, Fred Dalton Thompson og Penny Marshall.

22.55 Mexíkóinn (The Mexican) Bandarísk spennumynd frá 2001. (e)

00.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Ask the Dust

10.00 Waitress

12.00 Open Season

14.00 Ask the Dust

16.00 Waitress

18.00 Flushed Away

20.00 Mr. Bean's Holiday Mr. Bean bregður sér í frí til Frakklands og lendir í hverjum hrakförunum á fætur öðrum.

22.00 It's All Gone Pete Tong

00.00 Underworld: Evolution

02.00 We Don't Live Here Anymore

04.00 Rush Hour 3

06.00 Fast and the Furious: Tokyo Drift

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Kalli á þakinu, Flintstone krakkarnir og Gulla og grænjaxlarnir.

08.00 Algjör Sveppi Þorlákur, Refurinn Pablo, Sumardalsmyllan, Boowa and Kwala, Svampur Sveinsson Könnuðurinn Dóra, Strumparnir, Maularinn, Kalli litli Kanína og vinir, Ofuröndin og Krakkarnir í næsta húsi.

11.35 Risaeðlugarðurinn

12.00 Bold and the Beautiful

12.20 Bold and the Beautiful

12.40 Bold and the Beautiful

13.00 Bold and the Beautiful

13.20 Bold and the Beautiful

13.45 The Apprentice (9:14)

14.30 Sjálfstætt fólk

15.05 Logi í beinni

15.55 Auddi og Sveppi

16.40 Ástríður (6:12)

17.15 ET Weekend Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.

18.00 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru.

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.45 Íþróttir

18.52 Lottó

19.00 Veður

19.05 Ísland í dag - helgarúrval

▶**19.35 America's Got Talent** (19:20) Það kunna ekki allir að syngja eða dansa. Sönnu hæfileikafólki getur verið ýmislegt annað til lista lagt. America's Got Talent er þátturinn fyrir þá. Líkt og síðast verða dómararnir þau David Hasselhoff, Piers Morgan og hin orðheppna og stundum kjaftfora Sharon Osbourne.

20.15 Eragon Ævintýramynd fyrir alla fjölskylduna byggð á samnefndum metsölubókum Christopher Paolini.

22.00 Zodiac Sannsöguleg spennumynd sem fjallar um rannsókn lögreglumanns og myndasagnahöfundar á hrottafengnum morðum – hinum svokölluðu Zodiac-morðum sem hræddu líftóruna úr íbúum San Francisco-svæðisins á 7. áratug síðustu aldar. Aðalhlutverk: Jake Gyllenhaal og Robert Downey Jr.

00.35 Gone Baby Gone

02.25 Superman Returns

04.55 ET Weekend

05.40 Fréttir

SPORT *besta sætið*

07.25 PGA Tour 2009

10.25 F1: Æfingar

10.55 F1: Æfingar

12.00 La Liga Report Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.

12.35 Inside the PGA Tour 2009

13.05 F1: Við rásmarkið Hitað upp fyrir komandi keppni.

13.45 F1: Tímataka

15.15 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur

15.45 Valur - KR Bein útsending frá leik Vals og KR í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

17.55 Malaga - Barcelona Bein útsending frá leik í spænska boltanum.

▶**19.50 PGA Tour 2009** Bein útsending frá The Tour Championship mótinu í golfi.

22.00 Mónakó - Saint Etienne Útsending frá leik í franska boltanum.

23.40 Valur - KR Útsending frá Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

01.30 Ultimate Fighter

02.15 UFC Unleashed

03.00 Poker After Dark

SPORT 2 *enski boltinn*

08.25 Man. Utd - Man. City Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

10.05 Premier League World Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.

10.35 PL Classic Matches Leeds - Man United, 2001.

11.05 Premier League Preview Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.

11.35 Portsmouth - Everton Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

13.50 Stoke - Man. Utd Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3. Liverpool - Hull Sport 4. Wigan - Chelsea Sport 5. Tottenham - Burnley Sport 6. Birmingham - Bolton

16.20 Liverpool - Hull Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

18.00 Fulham - Arsenal Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

19.45 Mörk dagsins

20.25 Mörk dagsins

21.05 Mörk dagsins

21.45 Mörk dagsins

23.05 Mörk dagsins

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist

13.10 Dynasty (55:88) (e)

14.00 Dynasty (56:88) (e)

14.50 Dynasty (57:88) (e)

15.40 The Contender Muay Thai (e)

16.30 Kitchen Nightmares (5:12) (e)

17.20 Everybody Hates Chris (e)

17.45 Family Guy (17:18) (e)

18.10 What I Like About You (19:24) Bandarísk gamansería um tvær ólíkar systur í New York.

▶**18.35 Yes Dear** (3:15) Bandarísk gamansería um Greg og Jimmy sem eru giftir systrunum Kim og Christine.

19.00 Game Tíví (2:14) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum. (e)

19.30 Skemmtigarðurinn (2:8) Nýr íslenskur þáttur fyrir alla fjölskylduna. Í hverjum þætti keppa tvær 5 manna fjölskyldur í skemmtilegum leik. (e)

20.30 SkjárEinn í 10 ár (1:4) Skemmtiþáttur í umsjón Dóru Takefusa þar sem stiklað er á stóru í 10 ára sögu SkjásEins og rifjuð upp eftirminnileg atvik. (e)

21.30 Spjallið með Sölva (1:13) Umræðuþáttur í beinni útsendingu þar sem Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti. (e)

22.20 Lífsaugað (1:10) Þórhallur Guðmundsson miðill stýrir skyggnilýsingum fyrir gesti sína í sal og sjónvarpsáhorfendur. (e)

23.00 Comanche Moon (2:3) (e)

00.40 World Cup of Pool 2008 (e)

01.30 The Jay Leno Show (e)

02.20 Pepsi MAX tónlist

INN

18.00 Hrafnaþing

19.00 Tryggvi Þór á alþingi

19.30 Græðlingur

20.00 Hrafnaþing

21.00 Græðlingur

21.30 Mannamál

22.00 Hestafréttir

22.30 Neytendavaktin

23.00 Óli á Hrauni

23.30 60 plús

00.00 Hrafnaþing

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

jakkaföt *í september*

Þú kaupir þér Armani eða Joop! jakkaföt og færð Stenström skyrtur að eigin vali í kaupbæti

Með hverjum ARMANI *jakkafötum fylgja 2 Stenström skyrtur*

Með hverjum JOOP! *jakkafötum fylgir 1 Stenström skyrta*

sævar karl • *reykjavík*

bankastræti 7 101 reykjavík sími 551 3470

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.15

Eragon

Bráðfjörug ævintýramynd fyrir alla fjölskylduna í anda Lord of the Rings og Harry Potter-myndanna. Myndin er byggð á samnefndum metsölubókum hins bráðunga Christophers Paolini sem selst hafa í milljónum eintaka um allan heim, þar á meðal hér á landi. Sagan segir frá ungum bóndasyni sem skyndilega stendur frammi fyrir því að vera hinn útvaldi, sá eini sem bjargað getur þjóð sinni undan illum drekakonungi.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Spaugstofan

Sjónvarpið kl. 19.40

Þeir Karl Ágúst Úlfsson, Pálmi Gestsson, Sigurður Sigurjónsson og Örn Árnason munu bregða á leik og rýna í samfélagið eins og þeim einum er lagið. Spaugstofan hefur skemmt þjóðinni í 24 ár og er þátturinn einn langlífasti þáttur í sjónvarpi á Íslandi með óbreyttu sniði og hefur jafnan verið vinsælasta sjónvarpsefnið samkvæmt skoðanakönnunum.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags
06.50 Bæn
08.00 Morgunfréttir
08.05 Gatan mín
09.03 Út um græna grundu
10.15 Kvika
11.00 Vikulokin
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Ísland og Evrópusambandið
14.00 Til allra átta
14.40 Lostafulli listræninginn
15.15 Vítt og breitt
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Orð skulu standa
17.05 Flakk
18.00 Kvöldfréttir
18.17 Bláar nótur í bland
19.00 Breiðstræti
20.00 Sagnaslóð
20.40 Draumaprinsinn
21.10 Á tónsviðinu
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Hvað er að heyra?
23.10 Stefnumót
00.07 Næturtónar

FM 88,5	XA-Radíó	FM 96,3	FM Suðurland	FM 90,1	Rás 2
FM 90,9	Gullbylgjan	FM 96,7	Létt Bylgjan	FM 102,2	Útvarp Latibær
FM 91,9	Kaninn	FM 97,7	X-ið	FM 102,9	Lindin
FM 93,5	Rás 1	FM 98,9	Bylgjan	FM 105,5	Útvarp Boðun
FM 95,7	FM957	FM 99,4	Útvarp Saga		

2 EXTRA

14.00 Doctors (15:25)
14.30 Doctors (16:25)
15.00 Doctors (17:25)
15.30 Doctors (18:25)
16.00 Doctors (19:25)
16.30 Nágrannar
16.50 Nágrannar
17.10 Nágrannar
17.35 Nágrannar
18.00 Nágrannar
18.25 Ally McBeal (19:21)
19.15 Logi í beinni Laufléttur skemmtiþáttur með Loga Bergmanni.
▶ **20.00 Ástríður** (5:12) Móðir Ástríðar kemur í heimsókn í tilefni þess að Bjarni frændi er að ferma dóttur sína.
20.25 Ástríður (6:12) Árshátíð er í vændum og nýr maður birtist í lífi Ástríðar. Það er hinn bráðhuggulegi Sveinn Torfi, yfirmaður Eignarstýringar.
20.55 Gilmore Girls Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Þar rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.
21.40 The Best Years (3:13)
22.30 Auddi og Sveppi
23.05 Logi í beinni
23.50 John From Cincinnati (3:10)
00.45 ER (8:22)
01.30 Ally McBeal (19:21)
02.15 Gilmore Girls
03.00 The Best Years (3:13)
03.50 John From Cincinnati (3:10)
04.45 Sjáðu
05.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

10.10 Lab Rats **10.40** My Family **11.10** My Family **11.40** EastEnders **12.10** EastEnders **12.40** EastEnders **13.10** EastEnders **13.40** Dalziel and Pascoe **14.30** Dalziel and Pascoe **15.20** Doctor Who **16.05** Lab Rats **16.35** Lab Rats **17.05** Hotel Babylon **18.00** Jonathan Creek **19.00** The Jonathan Ross Show **19.50** The Inspector Lynley Mysteries **20.35** The Inspector Lynley Mysteries **21.20** Spooks **22.10** Hotel Babylon **23.05** Jonathan Creek

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr **10.10** Troldspejlet **10.30** Family Guy **10.55** Skråplan **11.20** Boogie Update **11.50** S P eller K **12.00** Talent 09 **13.00** Talent 09 - afgørelsen **13.40** Columbo **15.10** For søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Hulter til bulter - med Louise og Sebastian **16.00** Gepetto News **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.05** Min Sport. Kajaksportens sejeste **17.30** Pingvinerne fra Madagascar **18.00** MGP 2009 - Det er bare noget, vi leger! **20.00** Kriminalkommissær Barnaby **21.35** In Good Company **23.20** VM Brydning 2009 **23.50** Kriminalkommissær Clare Blake. Black Dog

NRK 1

10.25 Beat for beat **11.25** VM sykkel **13.45** 4-4-2. Tippekampen **16.00** Kometkameratene **16.25** Underbuksepiratene **16.30** Gutta Boys **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** De ukjente **18.55** Norsk attraksjon **19.25** Med hjertet på rette staden **20.10** Lovebakken **20.35** Viggo på lørdag **21.05** Kveldsnytt **21.20** Bruce Almighty **22.55** Den norske humor **23.25** Dansefot jukeboks m/chat

SVT 1

11.10 Älskar dig för evigt? **11.40** Adress London **12.10** Cranford **13.05** Andra Avenyn **13.50** Uppdrag Granskning **14.50** Doobidoo **15.50** Helgmålsringning **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.15** Disneydags **17.00** En ö i havet **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Här är ditt liv **19.30** Tina Turner - live i Holland **20.50** Motor. VM i speedway **21.35** Serpico **23.40** Parkinson

SPAUGSTOFAN

HEFST AFTUR Í KVÖLD KL. 19.40 EFTIR GRÍNLAUST SUMAR

PERSÓNAN

Ingvar Geirsson

Aldur: 36 ára.
Starf: Tónlistarnörd og verslunareigandi.
Foreldrar: Geir Viðar Guðjónsson læknir og Jónína Ingvarsdóttir, starfsmaður Landspítalans.
Fjölskylda: Konan heitir Mumbi Kihohia og við eigum Lúkas Geir og Gabríel Geir. Þriðja barnið er væntanlegt eftir tvo mánuði.
Búseta: Hverfisgata 78.
Stjörnumerki: Meyja.

Ingvar hefur opnað plötubúðina Lucky Records á Hverfisgötu 82 þar sem vínylplötur eru í miklu úrvali.

Rope Yoga-setrið opnar útibú í Arizona

„Við erum að fara bjóða upp á þessa Glómotion-þjálfun sem ég notaði meðal annars með Kim Basinger og Brandon Routh," segir Guðni Gunnarsson, Rope Yoga-gúrú okkar Íslendinga. Guðni vakti mikla athygli á sínum tíma þegar fjölmiðlar greindu frá því að áðurnefndir leikarar væru meðal skjólstæðinga hans í Hollywood þar sem hann bjó í sextán ár. Guðni undirbjó Routh meðal annars fyrir þá miklu athygli sem hann myndi hljóta í kjölfar Ofurmennis-myndarinnar með Glómotion-æfingunum. Guðni og Ofurmennið urðu miklir vinir og var Guðna meðal annars boðið í brúðkaup leikarans. Hann viðurkennir reyndar að hann hafi ekki heyrt frá Routh í töluverðan tíma en bjóst við að það myndi breytast í lok þessa árs en þá ætlar fjölskyldan að fara á fornar slóðir og halda upp á jól og nýtt ár í Los Angeles.

Of mikið pláss fer í að útskýra Glómotion-þjálfunina í þaula en í stuttu máli, að sögn Guðna, er reynt að ná sem mestu út úr líkamanum á sem skemmstum tíma með því að láta hann alltaf vera að gera eitthvað nýtt. Svo mörg voru þau orð. Annars er í nægu að snúast hjá Guðna því Rope Yoga-setrið er að opna útibú meðal kúrekanna í Arizona. „Við ætlum ekkert sjálf að flytja út heldur ætlum við bara að ýta þessu úr vör. Við munum þjálfa starfsfólkið til að sinna þessu fyrir okkur þannig og sinnum bara markaðssetningunni héðan," segir Guðni, hvergi banginn við útrásina. „Hugmyndin var alltaf sú að Rope Yoga-setrið hér yrði svona sýnishorn og að það myndi fara út um allan heim." - fgg

ÞJÁLFUN AÐ HÆTTI STJARNANNA
Guðni Gunnarsson, Rope Yoga-gúru, hyggst loksins bjóða Íslendingum upp á sömu þjálfun og hann notaði fyrir Hollywood-stjörnurnar Kim Basinger og Brandon Routh. Hann er jafnframt að fara að opna Rope Yoga-setur í Arizona.



LÁRÉTT
2. skordýr, **6.** í röð, **8.** tunna, **9.** æxlunarkorn, **11.** vörumerki, **12.** nautnameðal, **14.** fyrirmynd, **16.** tveir eins, **17.** þrí, **18.** segi upp, **20.** frá, **21.** tilræði.

LÓÐRÉTT
1. lítið, **3.** í röð, **4.** endurnefna, **5.** fljótfærni, **7.** aldin, **10.** hljóðfæri, **13.** sigað, **15.** blóm, **16.** hrökk við, **19.** bókstafur.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. maur, **6.** áb, **8.** áma, **9.** gró, **11.** ss, **12.** tóbak, **14.** móttf, **16.** bb, **17.** trí, **18.** rek, **20.** af, **21.** árás.
LÓÐRÉTT: 1. lágt, **3.** aá, **4.** umskíra, **5.** ras, **7.** brómber, **10.** óbó, **13.** att, **15.** fífa, **16.** brá, **19.** ká.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Davíð Oddsson og Haraldur Johannessen.
2. Í Vestmannaeyjum.
3. Þrisvar.

SIGVALDI J. KÁRASON: GERIR BARNAEFNI BARA FYRIR STRÁKA

Kominn í úrslit á Cannes með Formúlu 1-teiknimynd

„Það er ekkert barnaefni sem tengist Formúlu 1-keppninni beint en við munum vonandi breyta því," segir Sigvaldi J. Kárason leikstjóri. Hann tekur nú þátt í sannkölluðu frumkvöðlaverkefni, teiknimyndaseríu sem nefnist Franco and Formula Fun. Þættirnir fjalla um strákinn Franco sem hverfur inn í Formúlu 1-heiminn og flýgur heimshornanna á milli í flugvélinni sinni. Um borð eru síðan formúlu-fun bílarnir og lætur Franco þá keppa á ævintýralegum brautum.

Búið er að gera stiklu fyrir seríuna og hugmyndin keppir til úrslita á sjónvarps- og auglýsingahátíðinni í Cannes sem hefst í næstu viku. „Hún þykir ein af fimm áhugaverðustu myndunum fyrir börn á markaðnum í dag ef marka má þetta," segir Sigvaldi en þegar hafa nokkrar sjónvarpsstöðvar sett sig í samband. „Þetta hefur gengið vonum framar hjá okkur og vonandi gengur þetta allt saman upp."

Sigvaldi segir að upphaflega hugmyndin komi frá konu að nafni Marina Nicholas. Maðurinn hennar er forfallinn Formúlu 1-aðdáandi en henni þótti vanta leið til að tengja saman eiginmanninn og son þeirra hjóna. „Og þaðan er þessi hugmynd kominn um Franco og Formúlu 1." Sigvaldi var síðan fenginn til að stjórna enda orðinn nokkuð þekktur í þessum geira fyrir störf sín í Latabæ. Hann fór síðan á kreik, fékk inni hjá hinu virta myndveri Blue-Zoo Studios í London og eftir það fór serían í fimmta gír. Sigvaldi hafði einnig nokkra Íslendinga með sér út til Bretlands til að vinna að verkefninu. „Og þeir stóðu sig allir alveg ótrúlega vel. Það var líka gaman að geta gefið þeim tækifæri til að flýja land í smá tíma."

Og að sjálfsögðu er smá boðskapur í seríunum og þetta snýst ekki allt um hraðskreiða bíla. „Nei, við leggjum mikla áherslu á landafræði og þættirnir snúast líka mikið um vináttu og barátttuna gegn einelti." Leikstjórinn segir þau heldur ekkert vera í felum með þá staðreynd að Franco og Formula Fun sé hugsuð fyrir stráka. „Nei, það er alveg kórskýrt að þetta er strákavara, við erum ekkert að reyna að ýta því undir stól." freyrgigja@frettabladid.is

Í HÓPI ÁHUGAVERÐUSTU BARNAÞÁTTA
Franco and Formula Fun þykir vera í hópi áhugaverðustu barnaþáttanna á sjónvarps-og auglýsingahátíðinni í Cannes sem hefst í næstu viku. **Sigvaldi J. Kárason** leikstýrir þáttunum, sem fjalla um strákinn Franco og ferðalög og formúlubílana hans.

FRÉTTTIR AF FÓLKI

Þrettánda bók **Arnaldar Indriðasonar** kemur út fyrir jólin. Lögreglumaðurinn Erlendur er í aðalhlutverki að nýju eftir að hafa verið settur til hliðar í síðustu bók höfundarins. Bók Arnaldar hefur fengið nafnið Svörtuloft. Þar mun ekki vera um vísun í Seðlabanka Davíðs Oddssonar að ræða, heldur svæði yst á Snæfellsnesi, í nágrenni við Öndverðarnes.

Fyrsti þátturinn af Fangavaktinni verður sýndur á Stöð 2 annað kvöld. Þeir sem fengið hafa að sjá þáttinn láta mjög vel af frammistöðu Björns Thors sem leikur einn af föngunum. Þá þykja Ingvar E. Sigurðsson og Ólafur Darri gefa góð fyrirheit sömuleiðis. Tveir aukaleikarar vöktu sömuleiðis mikla athygli. Frosti „Gringó" og **Garðar Ómarsson** sem betur er þekktur sem Gaz-Man úr Merzedes Club. Vart þarf að taka það fram að hans framlag felst að mestu í því að hnykla vöðvana.

Hið virta bókaforlag McGraw Hill, sem gefur út bók **Ásgeirs Jónssonar**, Why Iceland, hefur samið um útgáfu á bókinni í Þýskalandi. Auk þess eru útgefendur í Kína, Tékklandi, Kóreu, Noregi og víðar að skoða útgáfu hennar. Bókin er þegar komin út í Bandaríkjunum og hefur þegar verið gerð að skyldulesningu í hagfræðikúrsum í sumum háskólum. Þessa dagana er svo unnið að íslenskri þýðingu Why Iceland. Samkvæmt upplýsingum frá útgefanda verður bókin staðfærð og löguð að íslenskum lesendum og kemur út um miðjan nóvember. - hdm

HAFBERG
fiskbúð sælkerans
LAUGARDAGAR ERU FISKIDAGAR
20% afsláttur af öllum fiski, humri og harfiski.
Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00
Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

Þungavigtarfólk í dómnefnd

„Ég held að hún hafi sjaldan verið jafnflott dómnefndin á Nordisk Panorama," segir Guðrún Edda Þórhannesdóttir, framkvæmdastjóri hátíðarinnar sem stendur yfir fram í næstu viku. „Ísland virðist trekkja að stærri nöfn en hin Norðurlöndin."

Þrír þungavigtarmenn úr alþjóðlegum kvikmyndaheimi eru í dómnefnd þessarar stutt- og heimildarmyndahátíðar. Þeir eru Frederic Boyer sem verður listrænn stjórnandi yfir Director´s Fortnight-dagskránni á Cannes-hátíðinni næsta vor, Trevor Groth, sem stjórnar vali á myndum á Sundance-hátíðina, og Sharon Badal, dagskrárstjóri í stuttmyndaflokki fyrir Tribeca-hátíðina. Meðfram dómnefndarstörfum sínum ætla þau að leita að myndum á Nordisk Panorama til að sýna á sínum hátíðum. „Ef þú ert valinn inn á réttu hátíðina hjálpar það mikið við alla sölu og til að vekja athygli á myndinni," segir Guðrún Edda og bætir við að mikill fengur sé að fá þetta fólk til landsins.

GUÐRÚN EDDA ÞÓRHANNESDÓTTIR
Framkvæmdastjóri Nordisk Panorama er hæstánægð með dómnefndina á Nordisk Panorama. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Um 450 aðilar úr kvikmyndabransanum taka þátt í Nordisk Panorama og hittast meðal annars í Iðnó þar sem myndir ganga kaupum og sölum. Starfsmenn sjónvarpsstöðva á borð við hina frönsku Canal+ og Arte, auk kanadísku heimildarmyndahátíðarinnar Hot Docs verða á svæðinu í von um að veiða til sín gæðamyndir. Einnig verður hér staddur blaðamaðurinn Eric Legendre frá hinu virta bandaríska kvikmyndariti Variety sem ætlar að gera Nordisk Panorama sérlega góð skil. - fb

A direct Elegant coli mattress

Tvískipt springdýna með sjálfstæðri pokafjöðrun og memory foam

Memory foam: Bregst við þyngd og hitastigi og lagar sig nákvæmlega að líkamanum þannig að hann hvílist eðlilega og nær góðri slökun. Þetta bætir m.a. blóðflæði og dregur úr þörfinni fyrir að snúa sér sem gerir það að verkum að maður sefur betur. Kírópraktorar mæla með efninu.

90x200: 159.800,- TILBOÐ 111.860,-
120X200: 198.800,- TILBOÐ 139.160,-
160X200: 224.800,- TILBOÐ 157.360,-
180X200: 249.800,- TILBOÐ 174.860,-

A direct Power bed

Rafmagnsbotn fáanlegur með springdýnu eða með memory foam dýnu

96x200: 179.800,- TILBOÐ 125.860,-

Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.

HEIMA HÚSIÐ mood heima Ondvegi

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

Við þössum upp á peningana þína – rétt eins og þeir væru okkar.

SPARNAÐUR
Bayern Líf.

VERSICHERUNGSKAMMER BAYERN
Finanzgruppe

Holtasmári 1 Kópavogur | Kaupvangsstræti 1 Akureyri | Sími: 577 2025 www.sparnadur.is

BAKÞANKAR
Davíðs Þórs Jónssonar

Minna morfís, meira vit!

Kappræður eru góð skemmtun þegar gáfaðir, mælskir og fyndnir menn eigast við. Þessi íþrótt hefur þó ekki notið sannmælis lengi vel, en þar er að mínu mati oftast um misskilning að ræða. Þegar tvö lið mætast í kappræðum er nefnilega ekki tekist á um það hvorir hafi rétt fyrir sér, eins og sumir virðast halda, heldur einungis hvorir leggi mál sitt fram, rökstyðji það og hreki rök hinna betur. Umræðuefnið er aðeins leikvöllur mælsku og raka sem auðvitað geta verið krydduð skopi þegar vel tekst til. Það er alls ekki tekist á um umræðuefnið sjálft, ekki frekar en að þegar tveir menn sitji að tafli takist þeir á um hvort svart eða hvítt sé fallegra. Kannski má rekja það hve kappræður eru almennt lágt skrifaðar hér á landi til Morfís, mælsku- og rökræðukeppni framhaldsskóla á Íslandi, sem er fyrir löngu orðin hreinræktuð stæla-, útúrsnúninga- og skætingskeppni og hætt að eiga nokkuð skylt við mælsku eða rökræður.

KAPPRÆÐUR eru hins vegar aðeins íþrótt eða leikur. Markmiðið er eitt: sigur. Þær eru því afleit aðferð til að ná skynsamlegri niðurstöðu. Þess vegna er verulegt áhyggjuefni hve mikinn keim opinber umræða á Íslandi ber af kappræðum. Að hluta kann það að stafa af mikilli þjálfun unggæðinga stjórnmálaflokkanna í þeirri afskræmingu mælskulistarinnar sem Morfís er. En kannski eru Íslendingar bara haldnir þeirri firru í óeðlilega miklum mæli að það sé dyggð að bíta eitthvað nógu fast í sig og hanga svo á því eins og hundur á roði.

SENN taka Íslendingar eina afdrifaríkustu ákvörðun lýðveldissögunnar. Aðild landsins að Evrópusambandinu verður borin undir þjóðaratkvæði. Nú ríður á að við ræðum málin af skynsömu viti í stað þess að skiptast á slagorðum. Það þýðir ekki að bjóða þjóðinni upp á þann málflutning að annaðhvort feli aðild í sér himnasælu eða vítisvist. Þjóðin er gáfaðri en svo. Hún veit of mikið um lönd sambandsins til að hægt sé að ljúga slíku í hana. Það þarf að rökræða aðild, ekki kappræða hana.

ÞVÍ miður tel ég ráðningu Davíðs Oddssonar í starf ritstjóra Morgunblaðsins benda til þess að ekkert slíkt sé á dagskrá þeim megin víglínunnar. Þar á bæ standi ekkert til nema allsherjar herkvaðning ofan í skotgröfina. Davíð hefur aldrei verið maður yfirvegunar eða sáttfýsi, heldur ávallt þvermóðsku, þykkjukulda, langrækni og hefnigirni. Hann er holdgervingur alls þess sem ekkert erindi á í vitræna umræðu. Hún mun því fara fram annars staðar en í Mogganum.

GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 26. september 2009, 269. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	7.22	13.19	19.14
Akureyri	7.07	13.04	18.58

Heimild: Almanak Háskólans

VÄGHULT sprittkerti Ø6cm. Ýmsir litir **895,-/9 í pk.**

NÄSSJÖ kertastjaki Ø14, H11cm. Ál **1.490,-**

TRILLING plaköt B30×L40cm **1.990,-/3 í pk.**

1.290,-/3 í setti

MOLGER kassar með loki. Birki

IKEA fyrir heimilið

KVART vegglampi/kastari. Ýmsir litir **895,-**

BLOMSTER kertastjakar H24, 28 og 32cm. Gler **2.690,-/3 í setti**

SEPTEMBERTILBOÐ

1.490,-

FANBY blómavasi Ø17, H48cm. Gler



395,-/8 í pk.

VÄGHULT kerti L19cm. Ýmsir litir

SKIMRA skermar Ø16, H29cm. Ýmsir litir **895,-/stk.**

RIBBA rammi fyrir 2 myndir B26×H20cm. Hnota **995,-**

VÄGHULT kubbakerti. H4cm. Ýmsir litir **795,-/12 í pk.**

SY startbox. Inniheldur: skæri, tvinna, títuprjóna, saumnálar, sprettara og málband **995,-**

BEATA púði B55×L55cm. Grænt **2.690,-**

SMYCKA gervirósablöð Ýmsir litir **395,-/pk.**

RIBBA myndahilla D9cm. Svart
L55cm **895,-**
L115cm **1.490,-**
L185cm **1.890,-**

FILLSTA borðlampi Ø27, H31cm. Appelsínugult **3.590,-**
Fæst einnig í hvítu

TILBOÐ
Valhnetumokkakaka og kaffi

145,-

MAJKEN metravara 100% bómull. B150cm. Ýmsir litir **895,-/m.**

495,-

RÖNÅS kertastjaki H7cm. Hvítt

© Inter IKEA Systems B.V. 2009

IKEA®

Verslun opin 11-19 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30

www.IKEA.is